

**SKOÐUN** Bjarni Þorsteinsson skrifar um leti, velsæld, stjórnendur og Boss-skyrtur. 24



**MENNING** Stórstjarnan Stuart Skelton syngur Peter Grimes í Hörpu. 34



**LÍFIÐ** Ýmsir kostir fylgja því að vera hluti af bresku konungsfjölskyldunni. 40



**SPORT** Aðeins einn hefur skorað meira en Gylfi á móti bestum liðunum. 48







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
21. maí 2015
118. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



**Spurningarmerki við jafnan rétt til náms** Meirihluti nemenda sem innritast á bóknámsbraut framhaldsskóla lýkur námi, en aðeins einn af hverjum sjö af þeim verr stöddu. 12

**Hnýtir flugur með konum** Einn þekktasti veiðiblaðamaður heims leggur áherslu á að kenna konum fluguhnýtingar. Sportið vanti fleiri konur. 2

**Vill dómaraefni í kastljósið** Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, vill að dómaraefni við Hæstarétt svari spurningum í sjónvarpi. 4



FROSTI SIGURJÓNSSON

**Tjörnin of lítil fyrir CCP** Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir mikilvægt að ríghalda ekki í fyrirtæki þegar þau vilja flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. 10

**Stál í stál á þingi** Engir samningar hafa náðst um þinglok á Alþingi. Stemningin er sögð við frostmark. Þingmenn snupra hver annan úr pontu og með frammíköllum. 14




20

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Viðbótarkostnaður getur verið verulegur

Verkfall lögfræðinga hjá Sýslumanninum í Reykjavík veldur bæði kaupendum og seljendum fasteigna vandræðum. Fólk fær ekki afhent og lán eru ekki afgreidd.

**KJARAMÁL** Kostnaður og óþægindi kaupenda og seljenda fasteigna á höfuðborgarsvæðinu getur verið verulegur vegna verkfalls félagsmanna BHM hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Lán fást ekki afgreidd og eignir ekki afhentar, nema gegn íþyngjandi skilmálum um greiðslu seðlabankavaxta á meðan greiðslur tefjast.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir algengt að fólk semji um sex prósenta vexti á greiðslur sem tefjast, en það eru lægstu seðlabankavextir.

Dæmi eru um að fólk hafi lent í umtalsverðum hremmingum í fasteignakaupum, svo sem vegna þess að standa uppi húsnæðislaust þegar það þarf að yfirgefa fyrra húsnæði á umsömdum tíma, en fær ekki nýja eign afhenta vegna verkfallsins. Þá eru vaxtagreiðslurnar í sumum tilvikum viðbótarkostnaður sem fólk hafði ekki gert ráð fyrir, en hafði þó reynt á þolrif útgjaldarammans hjá sér í fasteignakaupunum.

„Þetta er auðvitað farið að valda miklum óþægindum, bæði fyrir kaupendur og seljendur,“ segir Ingibjörg.

Um 7.200 skjöl bíða þinglýsingar hjá sýslumanni og líklegt að meirihluti þeirra tengist fasteignaviðskiptum. - vh, óká / sjá síðu 6

Ísland númer 12 í röðinni:

## María pollróleg í dómarasöng

**FÓLK** María Ólafsdóttir stígur á sviðið í Vín í kvöld og flytur framlag Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Í gærkvöldi söng María fyrir dómara keppninnar og var að sögn viðstaddra áberandi afslöppuð þegar hún steig á sviðið, þrátt fyrir að um gríðarlega mikilvægt atriði væri að ræða.



MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

Dómararnir hafa fimmtíu prósenta vægi á móti símakosningunni sem fram fer í kvöld. - ga / sjá síðu 54




**VORBLÍÐUNNI ER MISSKIPT Á LANDINU** Á vef Vegagerðarinnar er að finna vefmyndavélar þar sem vegfarendur geta í rauntíma kynnt sér aðstæður á hinum og þessum vegum landsins. Þessi skjáskot, sem öll eru tekin á sama tíma, tuttugu og fimm mínútur gengin í ellefu í gærmorgun, sýna hvernig vorveðrið er misblítt hér og hvar á landinu. Efst í vinstra horni má sjá vorrigninguna sem gladdi gróður á Suðurlandi, en myndin er tekin á Sandskeiði austur af Reykjavík. Beint fyrir neðan er blíðviðri á Brekknaheiði, sem er um það bil eins langt frá borginni og hægt er að komast. Fyrir vestan og austan er svo allt á kafi í snjó og lítið um sumarstemningu. MYNDIR/VEGAGERÐIN






Prófessor við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð sannreynir ágæti megrunarkúrs:

## 5:2 kúr bætir heilsu sykursjúkra

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsa þeirra sem eru með fullorðinssykursýki batnar við 5:2 kúrinn. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Kerstin Brismar, prófessors við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð. Þeir sem tileinka sér kúrinn borða 500 til 600 kaloríur tvo daga vikunnar en hina dagana fimm er mataræðið hefðbundið.

Prófessorinn ákvað að fá einstaklinga sem glíma við ofþyngd, háan blóðþrýsting og fullorðinssykursýki á byrjunarstigi til að prófa 5:2 kúrinn til að komast að því hvaða áhrif hann hefði á heilsu þeirra.



Áhrifin á þá sem ekki voru með fullorðinssykursýki voru einnig góð en þeir voru grennri við upphaf rannsóknarinnar og grenntust ekki jafnmikið. Mælingar á kólesteróli, blóðþrýstingi, blóðsykri og bólgu leiddu í ljós jákvæðar breytingar.

Sjónvarpsmaðurinn og læknirinn Michael J. Mosley kynnti 5:2 kúrinn árið 2012. - ibs / sjá síðu 16







## VEÐUR



Í dag má búast við vestan 8-13 metrum á sekúndu. Skúrir og jafnvel slydduél um landið vestanvert, en þurrt og bjart veður á Austurlandi. Hiti að 10 stigum austast, en hiti 2 til 5 stig vestantil.

SJÁ SÍÐU 32

Einn þekktasti fluguveiðiskríbent heims býður stangveiðikonum á námskeið:

# Kýs að hnýta flugur með konum

**MENNING** „Mér finnst skemmtilegast að kenna konum að hnýta, og vil fá fleiri konur inn í stangaveiðina. Þess vegna legg ég áherslu á námskeið fyrir konur og hef haldið slík námskeið um allan heim,“ segir Hans van Klinken, einn þekktasti veiðiblaðamaður heims, sem dvelur hér á landi. Hann skrifar reglulega pistla sem birtir eru í mörgum helstu miðlum stangaveiðimanna í þremur heimsálfum.

Van Klinken er hér á vegum Íslandsdeildar Continental Trout Conservation Fund, félagsskapar sem hefur unnið gott starf við að kynna þær áskoranir sem fylgja veiðum í Þingvallavatni og verndun hins einstaka urriðakyns sem vatnið hefur að geyma, ísaldarurriðans.

Hafnfirskum, sem og öðrum, áhugakonum um fluguhnýtingar og fluguveiði, stendur til boða fluguhnýtinganámskeið í húsakynnum Stangveiðifélags Hafnarfjarðar í dag. Áður en námskeiðið hefst heldur Hans stutt erindi um veiðar og umhverfisvernd. - shá



**HANS VIÐ VEIÐAR** Konur geta fjölmennt með eigin tæki og efni í dag og bætt við vopnabúrið. MYND/HVK

Glufur hjá stórbönkum:

# Sektaðir vegna peningaþvættis

**SVÍÞJÓÐ** Nordea og Handelsbanken í Svíþjóð hafa verið sektaðir um samtals 85 milljónir sænskra króna fyrir að hafa ekki fylgt reglum um peningaþvætti. Helsti lögmaður sænska fjármálaeftirlitsins segir kerfi Nordea hafa sleppt í gegn næstum því hverju sem er.

Áætlað er að í Svíþjóð séu 100 milljarðar sænskra króna þvættaðir á hverju ári. Fjármálaeftirlitið segir peningana meðal annars notaða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi. - ibs



**BRÚNAÞUNGIR** Mótmæli þar sem krafist er afsagnar forsætisráðherra landsins eru sögð mesta pólitíska krísa Makedóníu frá sjálfstæði. NORDICPHOTOS/AFP

Makedóníumenn eru æfir vegna símhlerana á fjölda íbúa:

# Tugir þúsunda krefjast afsagnar

**MAKEDÓNÍA Um tuttugu þúsund mótmælendur hafa komið sér fyrir í Skopje, höfuðborg Makedóníu, til að krefjast þess að Nikola Gruevski forsætisráðherra segi af sér. Fjöldi mótmælenda heldur til í tjaldbúðum í miðborginni og neitar að fara fyrr en forsætisráðherrann segir af sér.**

**Gruevski er sakaður um að hafa fyrirskipað hleranir á símum þúsunda Makedóníumanna. Zoran Zaev, leiðtogi jafnaðarmannaflokksins og stjórnarandstöðunnar, hefur krafist þess að starfsstjórn taki við völdum í landinu og boði til kosninga. Gruevski telur að mótmælin séu hluti af samsæri jafnaðarmanna til að taka völdin í landinu.** - srs

ESA gefur grænt ljós:

# Raforkusala til PCC samþykkt

**ORKUMÁL** Samningar Landsvirkjunar um raforkusölu og -flutning til PCC á Bakka við Húsavík fela ekki í sér ólöglega ívilnun að mati ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

ESA hóf rannsókn á samningum fyrirtækisins við PCC vegna gruns um að ólöglega væri staðið að samningagerðinni. Læddist grunur að ESA um að kostnaði við flutning raforkunnar frá Þeistareykjum til athafnasvæðisins yrði að einhverju leyti velt yfir á almenna notendur sem brýtur í bága við EES-tilskipanir. - sa

Yfirlýsing Norður Kóreu:

# Ítrekar kjarnorkugetu sína

**NORÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu ítrekuðu í gær að þau byggju yfir getu til að koma kjarnaoddum fyrir í langdrægum eldflaugum.Sérfræðingar í málefnum Norður-Kóreu segja að rétt sé að álykta að kjarnorkuvopnaáætlun ríkisins hafi tekið framförum en afar óljóst er hversu sannar staðhæfingarnar séu.

Tilkynning stjórnvalda kom eftir að Norður-Kórea hafði hætt við að bjóða Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, í heimsókn. - srs

# Gæludýraeigendur fái ný búsetuúrræði

Á stjórnarfundi Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, var ákveðið að víkja ekki frá banni við gæludýrum í fjölbýlishúsum. Þá var ákveðið að reyna að koma til móts við gæludýraeigendur og finna handa þeim aðra búsetu sem hentar betur.

**SAMFÉLAG** „Við viljum reyna að koma til móts við þetta fólk og finna því nýjar íbúðir til að búa í þar sem má vera með gæludýr,“ segir Björn Magnússon framkvæmdastjóri Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Í gær safnaðist fólk saman fyrir framan skrifstofur hússjóðsins í Hátúni til að mótmæla því að gæludýr eru ekki lengur leyfð í leiguíbúðum á vegum hússjóðsins. Margir tóku gæludýrin með sér og meðal þeirra mátti greina sorg og örvæntingu.

Frá og með 15. maí síðastliðnum ákvað Brynja að byrja að framfylgja reglum sínum um almennt bann við gæludýrahaldi í íbúðum hússjóðsins sem og banni við heimsóknum gæludýra í íbúðirnar.

Á meðan íbúar íbúða á vegum hússjóðsins mótmæltu var haldinn stjórnarfundur hússjóðsins. Þar var tekin sú ákvörðun að víkja ekki frá því að framfylgja banninu en reyna að koma til móts við íbúa.

„Við þurfum að hugsa um alla okkar leigjendur og það hafa komið kvartanir vegna gæludýrahalds,“ segir Björn en vill ekki greina frá því hversu margar þær eru. „Ein kvörtun er nóg, þegar sá sem kvartar er með reglurnar í sínum höndum er lítið hægt að gera annað en að framfylgja þeim.“

Ákvörðun um að framfylgja banni hefur komið afar illa við íbúa hússins. Í viðtali við Stöð 2 á miðvikudag sagðist Hildur Hjálmarsdóttir hafa fengið taugaáfall þegar hún fékk bréf um ákvörðun hússjóðsins.



**FÁI NÝJAR ÍBÚÐIR** Björn Magnússon framkvæmdastjóri segir að á stjórnarfundi hússjóðsins hafi verið rætt að koma til móts við gæludýraeigendur. Hússjóðurinn Brynja á um 765 íbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég fékk taugaáfall þegar ég fékk bréfið og veikindin hafa versnað,“ sagði hún og sagðist ekki myndu una því að láta lítinn smáhund sinn frá sér. „Ef hann fer, þá fer ég líka.“

Íbúar hússins segja bannið vega að heilsu þeirra og velferð. Margir þeirra hafa myndað sterk tengsl við gæludýr sín og geta ekki hugsað sér líf án þeirra. Björn bendir á að hússjóðurinn eigi um 765 íbúðir víða og í búsetu þeirra sé alltaf velta. „Það eru alltaf einhverjar íbúðir að losna sem væri hægt að veita til þeirra sem eiga gæludýr. Þá höfum við verið að byggja raðhús og kaupa íbúðir sem henta til gæludýrahalds, lífsgæðin eru betri,“ segir hann og vísar þá bæði í hag íbúa og gæludýra.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**Ég fékk taugaáfall þegar ég fékk bréfið og veikindin hafa versnað.**

*Hildur Hjálmarsdóttir gæludýraeigandi.*






Borgarstjórn samstíga varðandi kostnað við Sinfóníuhljómsveit Íslands:

# Aðrir borgi líka til Sinfóníunnar

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn segja hlut Reykjavíkurborgar í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ósanngjarnan.

„Borgarstjórn lýsir yfir að skylduþátttaka borgarinnar í rekstri hljómsveitarinnar með lögum sé ósanngjörn enda koma áheyrendur hennar af öllu suðvesturhorni landsins,“ segir í tillögu sem sjálfstæðismenn lögðu fram í borgarstjórn á þriðjudag. Þeir benda á að borgin greiði 18 prósent af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum frá árinu 1982. Af 211 þúsund íbúum höfuðborgarsvæðisins búi 42 prósent í öðrum sveitarfélögum.

„Borgarstjórn lýsir sig reiðubúna til að styðja við Sinfóníuhljómsveit Íslands en þó einungis 58 prósent af núverandi framlagi enda muni önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu greiða 42 prósent af því framlagi sem Reykjavíkurborg hefur greitt fram til þessa,“ segir í tillögunni.

Úr varð að breytingartillaga meirihlutaflokkanna var samþykkt. „Borgarstjórn skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að vinna að því að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, eins og heimilt er í lögum. Takist það ekki er því beint til ráðherra að leggja fyrir Alþingi að gera breytingar á lögum,“ segir í tillögunni sem var samþykkt. Degi B. Eggertssyni borgarstjóra var falið að fylgja málinu eftir. - gar



**DAGUR B. EGGERTSSON** Borgarstjórinn á að fylgja málinu eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**Tilboð: 3.590.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD** AYX84
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 99.900 km.
Ásett verð: 3.870.000 kr.




**Tilboð: 2.450.000 kr.**

**Ford Focus Trend** HBV42
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 83.000 km.
Ásett verð: 2.590.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander Comfort** ZO832
Skráður júlí 2007, 2,0 bensín, beinskiptur.
Ekinn 146.000 km.
Ásett verð: 1.350.000 kr.




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Volkswagen Passat Metan** UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 4.690.000 kr.**

**Volvo XC90 Executive D5 AWD** GTK54
Skráður mars 2008, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Hyundai i30 Comfort** FXK94
Skráður ágúst 2009, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 2.290.000 kr.**

**Subaru Forester Lux** NJT71
Skráður júní 2009, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 2.450.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 4.790.000 kr.**

**Volvo V60 Momentum D2** TFL16
Skráður febrúar 2013, 1,6TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 20.100 km.
Ásett verð: 4.990.000 kr.




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Mercedes Benz C-Class** UX494
Skráður september 2001, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 3.290.000 kr.**

**Skoda Superb** NNK74
Skráður mars 2013, 2,0TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 132.000 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.




**Tilboð: 550.000 kr.**

**Chevrolet Lacetti** NP791
Skráður júní 2007, 1,8i bensín, beinskiptur.
Ekinn 152.000 km.
Ásett verð: 690.000 kr.




**Tilboð: 3.550.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** PGH11
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.



**Verð: 1.890.000 kr.**

**Nissan Micra Visia** OXS12
Skáður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.




**Tilboð: 6.590.000 kr.**

**Ford Explorer Limited** EMH08
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfsskiptur
Ekinn 102.000 km.
Ásett verð: 6.990.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## SPURNING DAGSINS



Valgerður, getur þú ekki bara flutt á Lokastíg?

**„Jú, hann er að minnsta kosti lokaður.“**

Valgerður Árnadóttir er ósátt við að Reykjavíkurborg lokar Laugaveginum fyrir bíla við Vatnsstíg þar sem hún býr því þá eykst umferðin um götu hennar. Íbúum finnist þeir tilneyddir að flytja.

Eftirlitsstofnun EFTA vill kanna hvort SÍ hafi veitt ólöglega ríkisaðstoð:

# ESA skoðar endurfjármögnun

**VIÐSKIPTI** ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur hafið rannsókn á lánasamningum Seðlabanka Íslands við Íslandsbanka annars vegar og Arion banka hins vegar. Rannsóknin snýr að því hvort um ólöglega ríkisaðstoð hafi verið að ræða.

Um er að ræða endurfjármögnunarsamninga milli Seðlabankans, Íslandsbanka og Arion banka sem undirritaðir voru síðla árs 2009. Þar var lánum skuldbreytt í langtímalán með veði í ýmsum skuldabréfum, svo sem húsnæðislánasafni beggja bankanna sem síðar voru færðir inn í nýju bankana.

Með skuldbreytingunni hafi Seðlabankinn verið að verja hagsmuni sína og hámarka endurheimtur af lánunum. ESA telur hins vegar tilefni til þess að rannsaka hvort þeir lánaskilmálar sem Seðlabanki Íslands samþykkti hafi verið í samræmi við markaðskjör. Sé svo ekki kunna þeir að fela í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. - sa



**RANNSÓKN** SÍ telur að ekki hafi verið um ólöglega ríkisaðstoð að ræða þegar Íslandsbanki og Arion banki voru endurfjármagnaðir 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Yfir 30 þúsund mótmæla:

# Takast á um makrílmálið

**STJÓRNSÝSLA** Þorkell Helgason stærðfræðingur og Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður halda framsögu á fundi um makrílkvótann sem Félag viðskipta- og hagfræðinga heldur á Grand Hóteli klukkan tólf í dag. Eftir framsögurnar verða pallborðsumræður.

Í tilkynningu segir að ekki séu allir sáttir við fyrirætlanir um úthlutun makrílkvótans og hafi nú yfir 31.500 manns tjáð andstöðu sína gegn nýju frumvarpi með undirskrift á Þjóðareign.is. - jhh

Vildi aðskilnað í strætó:

# Of langt gengið fyrir Netanjahú

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur fengið Moshe Ja'alon varnarmálaráðherra til að afturkalla tillögu um aðskilnað í strætisvögnum.



**BENJAMÍN NETANJAHÚ**

Hugmyndin var sú að Palestínumenn, sem starfa í Ísrael, megi ekki ferðast heim til sín að vinnudegi loknum með strætisvögnum, sem ísraelskir landtökumenn nota.

Tillagan hafði verið gagnrýnd af stjórnarandstöðunni fyrir að vera „óþarflega niðurlægjandi“ og minna á aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. - gb

Gagnrýna Matvælastofnun:

# Telja aðgerðir vera ólöglegar

**VINNUMARKAÐUR** Gríðarlegt tjón gæti orðið ef innfluttar matvörur fá ekki tollafgreiðslu. Innflutningsfyrirtæki þrýsta nú á Matvælastofnun, MAST, um að sinna því hlutverki sínu að votta innfluttar matvörur.

Lögfræðingur Innness hefur sent Matvælastofnun erindi þar sem háttalag stofnunarinnar er gagnrýnt.

Telur lögfræðingurinn synjun Matvælastofnunar á að stimpla innflutningsskjöl vera ólögmæta þar sem það sé ekki lagaleg krafa að innlendur dýralæknir stimpli skjölin. Heilbrigðisvottorð með vörum frá Evrópska efnahagssvæðinu eru gefin út af þarlendum dýralæknum.

Einnig er bent á að bæði forstjóri MAST og yfirdýralæknir megi votta innflutning en hvorugur er í verkfalli. - sa

# Vill að dómaraefni svari spurningum í sjónvarpi

Fyrrverandi hæstaréttardómari vill að dómaraefni svari spurningum um viðhorf sín í beinni útsendingu. Hann segir að álagið á dómara sé allt of mikið og það veiki starf réttarins. Dagskipunin sé ein, að klára málin.



**HLÝDDU Á** Áheyrendur sem á mál Jóns Steinars komu nokkuð víða að úr samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DÓMSTÓLAR** Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, vill að nýir hæstaréttardómarar verði valdir á þann veg að hæfnisnefnd velji úr hópu umsækjenda þá umsækjendur sem uppfylli kröfur um hæfni. Ráðherra velji svo þann sem honum lítist best á og tillaga ráðherra verði svo borin undir samþykki Alþingis.

Á fundi sem Jón Steinar hélt í gær um úrbætur í réttarkerfinu sagði hann að þessar hugmyndir væru í samræmi við það sem starfshópur sem skrifaði frumvarp um nýtt millidómsstig hefði lagt fram.

„En ég vil meira. Ég vil að viðkomandi sem er tilnefndur mæti fyrir þingnefnd og svari þar, helst í beinni sjónvarpsútsendingu, spurningum um það hvaða grundvallarreglur gildi um starf hæstaréttardómara,“ sagði Jón Steinar. Hinn tilnefndi geti þá svarað spurningum um það hvort dómarar megi setja ný lög og hverjar séu heimildirnar.

„Ég held nefnilega að sá sem þyrfti að svara slíkum spurningum í heyranda hljóði sé líklegri til að fara eftir því sem hann sagði, heldur en sá sem skríður þarna inn og hefur aldrei þurft að gera neina grein fyrir því hvaða grundvallarviðhorf hann hafi í lögfræðilegum efnum,“ sagði hann.

Jón Steinar gagnrýnir reglur sem settar voru um skipan hæstaréttardómara árið 2010. Þar er gert ráð fyrir að fimm menn í dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara og gefi umsögn um þá. Nefndinni er gert að taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið. Jón Steinar segir að þar sé kominn hópur sem stjórni Hæstarétti og ráði því hverjir koma nýir inn. „Viljum við hafa þetta svona? Að það sé einhver klíka búin að koma sér fyrir í dómskerfinu sem ákveður alla nýja dómara inn í hópinn?“ spurði Jón.

Jón Steinar vill líka að hæstaréttardómurum verði bannað að sitja í nefndum á vettvangi stjórnsýslunnar. „Mér finnst það fáránlegt að hæstaréttardómarar sitji í slíkum nefndum,“ sagði Jón Steinar. Hann benti á áratugalanga setu hæstaréttardómara í réttarfarsnefnd. Megininntakið í ræðu Jóns var þó að benda á álagið á Hæstarétt. Hann sagði að hver dómari hefði þurft að dæma í allt að 350 málum á ári, sem er nálægt tveimur málum á hverjum starfsdegi ársins. Álagið á dómara væri svo mikið að þeir réðu ekki við starfið.

„Þeir eru bara þvingaðir í að móta starf sitt eftir þessu álagi. Þeir ráða ekkert við starfið, einfaldlega vegna þess að það er ekkert hægt,“ segir Jón Steinar. Til þess sé starfið of mikið og íþyngjandi. „Svo er nú eitt móment í þessu, að rétturinn getur ekkert viðurkennt það. Dómarar í Hæstarétti geta ekkert viðurkennt það fyrir ráðherra og fyrir þjóðinni að þeir ráði ekkert við þennan málafjölda,“ sagði Jón Steinar og bætti því við að dagskipunin væri bara ein, að klára málin. „Það virðist ekkert vera sem tekur henni fram.“



**„Viljum við hafa þetta svona? Að það sé einhver klíka búin að koma sér fyrir í dómskerfinu sem ákveður alla nýja dómara inn í hópinn?**

*Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.*

jonhakon@frettabladid.is




Vígasveitir Íslamska ríkisins náðu á sitt vald hluta bæjarins Palmyra:

# Óttast um fornminjarnar

**SÝRLAND** Vígasveitir Íslamska ríkisins eru nú aftur komnar í sókn eftir nokkurt bakslag bæði í Sýrlandi og Írak. Um helgina náðu þær á sitt vald bænum Ramadí í Írak og í gær komust þær inn í hluta bæjarins Palmyra í Sýrlandi.

Óttast er um merkar fornminjar í Palmyra, en liðsmenn samtakanna hafa gert sér far um að eyðileggja flestar fornminjar sem þeir hafa komist í tæri við.

Fornminjarnar í Palmyra eru flestar í suðurhluta bæjarins, en vígamennirnir komust inn í bæinn norðanfrá og mæta harðri mótspyrnu frá stjórnarher Basher al Assads forseta.

Í Írak hafa þúsundir manna flúið frá borginni Ramadí eftir að Íslamska ríkið náði henni á sitt vald um helgina. Flóttafólkið fékk í gær leyfi til að fara yfir brú yfir Efrat-fljótið, en þaðan er stutt til höfuðborgarinnar Bagdad.

Íraski herinn hefur verið að búa sig undir gagnsókn til að endurheimta Ramadí, en óvíst er hvenær leggja á til atlögu. - gb



**FORNAR RÚSTIR Í PALMYRA** Fornminjarnar eru flestar í suðurhluta bæjarins en vígamennirnir komust inn í bæinn norðanfrá. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

HÚSASMIÐJAN
blómaval

# SPRENGI VIKA

21. – 25. maí í Húsasmiðjunni og Blómavali



**20% afsláttur** af
Broil King, Outback
og Beef Eater grillum
og grillvörum

Broil King · OUTBACK · Beef Eater

**20% afsláttur** af
Author reiðhjólum



AUTHOR




**Gámasala** á
Electrolux þvottavélum

**Verð frá 56.900 kr.**

**20% afsláttur** af
öllum sumarblómum



525 3000 • husa.is

Afsláttur gildir ekki af Weber grillum og vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar"

Brandenburg

## VEISTU SVARIÐ



**1.** Hvenær hóf Helgi Vilhjálmsson rekstur sælgætisverksmiðjunnar Góu?
**2.** Hver er forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands?
**3.** Hvenær á ótímabundið verkfall hjúkrunarfræðinga að hefjast?

**SVÖR:**

**1.** 1968. **2.** Hilmar J. Malmquist. **3.** 27. maí.

VERKALÝÐSBARÁTTAN

**REYNSLUSÖGUR** ÁHRIF YFIRSTANDANDI AÐGERÐA

# Samningur SAH afurða í hættu

Samningur SAH afurða um sölu á gærum og lambakjöti til Asíu gæti farið út um þúfur vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun. Til stóð að flytja 70.000 gærur út til Asíu þann 26. maí næstkomandi en ekki hefur enn fengist undanþága dýralækna til að votta afurðirnar. Því er ekki hægt að flytja vörurnar út. „Okkur hefur verið hafnað í tvígang um undanþágu frá verkfalli dýralækna vegna útflutningsins. Þetta er auðvitað erfitt fyrir okkur sem höfum skuldbundið okkur til að selja afurðir á tilskildum tíma til kaupandans," segir Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH afurða á Blönduósi.

Fréttablaðið sagði frá því fyrir nokkru að samningar hefðu tekist milli SAH afurða og asísks fyrirtækis um kaup og sölu á 160 tonnum af lambakjöti og 70.000 gærum. Einnig voru uppi hugmyndir um að hægt væri að selja meira af afurðum í haust. Gunnar Tryggvi segir að eftir 26. maí þurfi SAH afurðir að greiða skaðabætur til fyrirtækisins vegna tafa á sendingunni. „Tafabætur reiknast sem hlutfall af heildarsöluverðmæti á viku og því þarf ekki að líða langur tími þar til þetta fer að hafa mikil áhrif á verðið sem við erum að fá fyrir afurðirnar," segir hann.

Gunnar Tryggvi segir að ef ekki rætist úr verkfalli gæti kaupandinn farið að snúa sér að öðrum mörkuðum. - sa



» Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is.**



**Á LANDSPÍTALANUM** Róðurinn þyngist dag frá degi á Landspítalanum eftir því sem verkföllum vindur fram og stefnir væntanlega í ófremdarástand verði af verkfalli hjúkrunarfræðinga 27. maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 7.200 skjöl bíða þinglýsingar sýslumanns

Allt er stopp á fasteignamarkaðnum þar sem kaupsamningum hefur ekki verið þinglýst frá 1. apríl. Formaður Félags fasteignasala segir verkfallið vera farið að valda miklum óþægindum fyrir fjölda fólks sem fær ekki lán afgreidd þar sem skjöl eru ekki þinglýst.

**VERKFALL** Um 7.200 skjöl bíða þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu vegna verkfalls félagsmanna BHM sem starfa hjá embættinu. Ekki er til nákvæm sundurliðun á tegund skjala en gera má ráð fyrir að meirihluti skjalanna tengist fasteignaviðskiptum. Engum samningum vegna fasteignakaupa hefur verið þinglýst frá því 1. apríl.

„Þetta er auðvitað farið að valda miklum óþægindum, bæði fyrir kaupendur og seljendur," segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. Þar sem kaupsamningum og lánaskjölum er ekki þinglýst meðan á verkfalli stendur eru lán vegna kaupa ekki greidd út af lánastofnunum á meðan.

„Við höfum gripið til þess ráðs til að reyna að halda í horfinu, svo það hallist ekki á hjá kaupanda og seljanda, að fólk semji um það að greiðslur sem áttu að hafa borist beri þá 6 prósent vexti sem eru lægstu vextir miðað við vaxtatöflu Seðlabankans á óverðtryggðum lánum," segir Ingibjörg. „Fólk hefur sýnt þessu mikinn skilning og er sátt við þessa lausn miðað við aðstæður, hvorugur aðili getur haft áhrif á framgang mála," segir hún.

Ingibjörg segir einkennilegt að bara lögfræðingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu séu í verkfalli en ekki úti á landi og spyr hvers vegna verkfallinu sé ekki dreift milli embætta.

„Hér bítur það grimmast. Maður trúir ekki öðru en að þetta fari að leysast. Annars þarf yfirvaldið að fara að grípa til einhverra ráðstafana því þetta er orðið svo mikið tjón. Bæði í þessum geira og víðar," segir hún. „Það er ekki í lagi að lama fjármálageirann með þessum hætti. Það má gera ráð fyrir að um 20 milljarðar sem varði kaupsamningsfjárhæðirnar séu í frystingu. Varlega áætlað eru 50 til 70 prósent af því lán sem standa föst," segir Ingibjörg.



**BLAÐAÐ Í BUNKANUM** Þuríður Árnadóttir, staðgengill sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, kíkir á hluta skjala sem bíða þinglýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er ljóst að töluverðan tíma mun taka að vinna upp þau mál sem bíða afgreiðslu eftir að verkfalli lýkur. Það eru þó ekki bara fasteignakaupendur og -seljendur sem lenda í vandræðum. Öll önnur erindi sem snúa að þinglýsingum bíða líka og hefur aðeins eitt mál fengið undanþágu hjá sérstakri undanþágunefnd. „Það mun taka tíma að vinna þetta niður," segir Þuríður Árnadóttir, sviðsstjóri og staðgengill sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Mál eru móttekin þar sem starfsfólk í afgreiðslu og á skrifstofu er ekki í verkfalli en þau eru ekki afgreidd. „Það er allt stopp. Eina starfsemin sem er að mestu óbreytt er afgreiðsla vegabréfa og ökuskírteina," segir Þuríður.

viktoria@frettabladid.is



**„Þetta er auðvitað farið að valda miklum óþægindum, bæði fyrir kaupendur og seljendur.**

*Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala*

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

**BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)**

**Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga |** Stendur enn yfir

Í DAG ER 45. DAGUR Í VERKFALLI FIMM ÞEIRRA:

1. **Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
2. **Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
3. **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.
4. **Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala |** ÞRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
5. **Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.

- **Ljósmæðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 43. degi.

**HAFA VERIÐ Í VERKFALLI FRÁ 20. APRÍL** - 32. DAGUR

1. **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
2. **Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.
3. **Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

**Í PÍPUNUM: Hjúkrunarfræðingar:** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **SGS:** Verkfall 28.-29. maí og ótímabundin vinnustöðvun frá 6. júní. **VR, LÍV og Flóabandalag:** 28.-29. maí er verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félaganna.






SA segja ásakanir launþegahreyfingarinnar ekki eiga sér stoð:

# Gagnrýna tilboð atvinnurekenda

**KJARAMÁL** „Það stenst ekki skoðun að tilboð þeirra muni gagnast okkar félagsmönnum," sagði Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, um tilboð Samtaka atvinnulífsins (SA) í yfirstandandi kjaraviðræðum.

VR, Flóabandalagið og LÍV sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem fullyrt er að tilboð SA um 23,5 prósenta hækkun dagvinnulauna muni ekki gagnast launafólki.

„Í okkar félögum er fólk í mismunandi stöðu og sumir munu hreinlega bera skarðan hlut frá borði," segir Ólafía.

Í gær sendu SA frá sér tilkynningu um að launþegasamtökin þrenn hafi ekki komið til móts við SA með neinum gagntilboðum. Ólafía segir þetta ekki rétt heldur hafi samtökin lagt til breytingar á vinnutímaákvæðum en



**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

SA hafi hafnað því tilboði. „Við viljum vinna inn í þetta norræna vinnufyrirkomulag með breytingum á vinnutímaákvæðum. Til að skapa fjölskylduvænan atvinnumarkað. En það gerist ekki með þeim hætti sem þeir hafa lagt fram," segir hún.

„Ég vonast til að fólk fari að setjast niður til að semja til að stefna fólki frá því að fara inn í verkföll. En þá þarf fólk líka að byrja að vera sanngjarnt," bætir Ólafía við.

Þorsteini Víglundssyni, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, þykir það miður að samtök hans séu sökuð um blekkingar.

„Þessar breytingar kæmu meginþorranum vel. Okkar tilboð er upplegg að mikilli breytingu á vinnumarkaði. Þetta kemur dagvinnufólki langbest og við erum með þessu að færa okkur nær kerfi sem þekkist í okkar nágrannalöndum," segir hann. Um leið sé ljóst að skoða þurfi sértilvik og í tilboðinu séu ákvæði um að enginn eigi að tapa á breytingum sem lagðar séu til.

Þorsteinn segir að sér þyki ásakanir af hálfu verkalýðsfélaganna ótímabærar þar sem ekki liggi fyrir útfærslur fyrir þá hópa sem hagnist minna á tilboði SA.

- srs













# ALLT FYRIR EUROVISIONPARTÝIÐ



**Very Best Of Eurovison:**
Allir helstu Eurovision smellir síðustu 60 ára saman á tveimur geisladiskum.
**Eurovision Song Contest: Vienna 2015**
Öll lögin úr Eurovision keppninni í Vín.




Hummus og kínóa snakk




Way better spírað kornsnakk




Ómissandi í partýið




Svalaðu þorstanum 4x2L

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## FERILL ICESAVE-MÁLSINS SEM ILLA GENGUR AÐ KVEÐA NIÐUR

**2006** Landsbankinn opnar Icesave-reikningana.




**8. október 2008** Bretar beita hryðjuverkalögum.



**5. júní 2009** Samkomulag tekst um lausn Icesave undir forystu **Svavars Gestssonar.**

**15. júní 2009** Bretland afléttir umdeildri frystingu á breskum eignum íslensku bankanna.

**28. ágúst 2009** Samningurinn er samþykktur. Ítarlegir fyrirvarar fylgja um endurupptökuákvæði.



**30. des. 2009** Alþingi samþykkir Icesave II.

**6. mars 2010** Icesave II er hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.



**16. febrúar 2011** Icesave III (Buchheit-samningur) er samþykktur á Alþingi með 44 atkvæðum gegn 16. **Steingrímur J. Sigfússon** leggur málið fram.

**9. apríl 2011** Icesave III er hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**28. janúar 2013** EFTA-dómstóllinn úrskurðar Íslandi í hag. Tim Ward fór með málið fyrir Íslands hönd.

2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015



**6. OKTÓBER 2008** Neyðarlög **Geirs H. Haarde** samþykkt. Með þeim eru allar innstæður innanlands tryggðar en ekki kveðið á um innstæður erlendis.

**16. NÓV. 2008** Samkomulag við ESB, fyrir hönd Bretlands og Hollands. Íslensk stjórnvöld ábyrgjast lágmarkstryggingu.

**17. SEPT. 2009** Bretar og Hollendingar hafna fyrirvörum.

**5. janúar 2010** Forseti synjar lögunum staðfestingar.



**8. des. 2010** Nýtt samkomulag næst um lausn Icesave-deilunnar undir forystu **Lees Buchheit.**



**20. febrúar 2011** **Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, synjar Icesave III staðfestingar.

**14. des. 2011** ESA vísar Icesave-deilunni til EFTA-dómstólsins.



**10. mars 2015** Hæstiréttur Íslands staðfestir úrskurð héraðsdóms um að Bretar og Hollendingar megi leggja þrjár spurningar fyrir EFTA-dómstólinn. Líklega tekur dómstóllinn málið fyrir í haust. **Tim Ward** fer með málið fyrir Tryggingarsjóð.

# Hér er Icesave, um Icesave, frá …

Þau sem biðu þess tíma að Icesave-draugurinn vomaði ekki lengur yfir landinu þurfa að bíða aðeins lengur. EFTA-dómstóllinn mun taka afstöðu til þriggja spurninga Breta og Hollendinga í haust. Verði svörin spyrjendum í hag er líklegt að þeir muni reka mál fyrir héraðsdómi.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



Icesave. Orðið eitt nægir til að mörgum renni kalt vatn á milli skinns og hörunds. Fá mál hafa verið rædd jafn mikið í samfélaginu og umrætt mál, þingræður um það voru legíó, Alþingi samþykkti nokkrar útfærslur á málinu og þjóðin felldi tvær þeirra í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og enn á ný er Icesave-draugurinn upp vakinn, þar sem EFTA-dómstóllinn mun taka þrjár spurningar Breta og Hollendinga til skoðunar, líklega í haust.

Í sem skemmstu máli lúta spurningarnar að því hvernig uppgjöri Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var háttað. Þegar Icesave var gert upp á sínum tíma var sjóðnum lokað, miðað var við þá upphæð sem tiltæk var í honum og Bretum og Hollendingum boðin hún gegn því að falla frá frekari kröfum. Síðan var stofnaður nýr sjóður á nýrri kennitölu, laus undan ábyrgðum þess fyrri.

Sem sagt, ef sjóðurinn verður uppurinn, er þetta þá bara búið mál?

Ef svarið er nei, gæti niðurstaðan allt eins orðið sú að allt fé sem fer inn í TIF í framtíðinni gangi upp í kröfurnar, sem gætu numið allt að 1.000 milljörðum króna. Það þarf ekki að velkjast í vafa um að það væri þungt högg fyrir fjármálakerfið og jafnvel ríkisvaldið. Þá má benda á að ný tilskipun um innstæðutryggingar kann að leggja ríkari skyldur á ríkin að tryggja greiðslur til innstæðueiganda en sú gamla gerði.

Ef í ljós kemur að menn hafi staðið illa að lögunum um innstæðutryggingasjóðinn gæti hins vegar skapast skaðabótaskylda.

## ÞAÐ SEM EFTA-DÓMSTÓLLINN MUN SKOÐA

**1** Samrýmist það ákvæðum EES-samningsins, einkum 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB um innstæðutryggingar og tryggingakerfi, þegar um kerfishrun er að ræða, að skuldbindingar fyrir fram fjármagnaðs innlánatryggingakerfis takmarkist við eignir þess á þeim tíma sem innstæður verða ótiltæk innlán í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og eignirnar duga ekki til að bæta kröfu hvers innstæðueiganda að fjárhæð allt að 20.000 evrur?

**2** Samrýmist það tilskipun 94/19/EB að í kjölfar kerfishruns setji samningsríki lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sem hindri fyrir fram fjármögnuðu innlánakerfi að setja á stofn nýja deild eða reikning þar sem safnað sé iðgjöldum og ákveða að þau iðgjöld skuli renna í nýju deildina eða reikninginn í því skyni að byggja upp sjóð sem eingöngu sé ætlað að mæta mögulegum framtíðaráföllum og standi ekki til greiðslu eldri skuldbindinga?



**3** Samrýmist það 11. gr. tilskipunar 94/19/EB að innlánatryggingakerfi samningsríkis fái frekari réttindi samkvæmt landsrétti en þann að við greiðslu úr sjóðnum yfirtaki það kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi sem svari til fjárhæðarinnar sem greidd er?




## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Staðalbúnaður**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

**Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition**

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

**Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá**

**4.596.774 kr. án vsk**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar

# nettó
Kræsingar & kostakjör



GOÐI

LAMBABÓGSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
-22% **2.668**
ÁÐUR 3.421 KR/KG



GOÐI

GRÍSARIF
BBQ
**1.398**
KR/KG



KJÖTBANKINN – FERSKLEIKI – FAGMENNSKA

LAMBAPRIME
STUBBAR Í SÍTR.SMJÖRI
**2.990**
ÁÐUR 3.359 KR/KG



GOÐI

BRATWURST
PYLSUR
-30% **593**
ÁÐUR 698 KR/PK




JARÐARBER FROSIN
400 GR. ALLETIDER
-20% **248**
ÁÐUR 310 KR/PK




WHOLE EARTH
GOS 330ML, 7 TEG
-20% **159**
ÁÐUR 199 KR/STK



EPLI
RAUÐ
-50% **175**
ÁÐUR 349 KR/KG

## Opnunartímar Nettó 24. – 25. maí, hvítasunna

### 24. maí

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nettó Akureyri | Lokað | Nettó Grindavík | Lokað | Nettó Mjódd | Lokað* |
| Nettó Borgarnes | Lokað | Nettó Hverafold | Lokað | Nettó Reykjanesbær | Lokað |
| Nettó Egilsstaðir | Lokað | Nettó Höfn | Lokað | Nettó Selfoss | Lokað |
| Nettó Grandi | Lokað* | Nettó Kópavogur | Lokað | | |

* lokum um miðnætti kvöldið áður og opnum afur á miðnætti

### 25. maí

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nettó Akureyri | 10:00 - 18:00 | Nettó Grindavík | 10:00 - 18:00 | Nettó Mjódd | Opið 24 klst. |
| Nettó Borgarnes | 10:00 - 18:00 | Nettó Hverafold | 10:00 - 18:00 | Nettó Reykjanesbær | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 | Nettó Höfn | 10:00 - 18:00 | Nettó Selfoss | 10:00 - 20:00 |
| Nettó Grandi | Opið 24 klst. | Nettó Kópavogur | 10:00 - 18:00 | | |

**Tilboðin gilda 21. maí – 25. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
**bilaland.is**

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 47 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 120615.

LÚXUSBIFREIÐ
5.250 þús.



CITROEN C3 SX
Nýskr. 07/08, ekinn 46 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.350 þús.
Rnr. 110078.



KIA CEED EX
Nýskr. 08/12, ekinn 25 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.980 þús.
Rnr. 282529.



HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr. 01/08, ekinn 60 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.720 þús.
Rnr. 142858.



NISSAN QASHQAI+2 SE / 7 sæta
Nýskr. 11/13, ekinn 34 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.280 þús.
Rnr. 142856.



TOYOTA AVENSIS WAGN SOL
Nýskr. 02/13, ekinn 45 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 131488.



RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 06/12, ekinn 54 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 102689.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Í fyrsta sinn geta háskólar sótt um styrki til stúdentaskipta utan Evrópu:

# 400 milljóna styrkir í menntun

**MENNTUN** Rannís hefur úthlutað 400 milljónum króna úr menntaáætlun ESB Erasmus+.

Í fyrsta sinn bauðst íslenskum háskólum tækifæri til að sækja um styrki til stúdenta- og starfsmannaskipta til landa utan Evrópu. Um 30 milljónum var úthlutað í slík verkefni sem fela til dæmis í sér samstarf við Armeníu, Ísrael, Bandaríkin og Kína.

Styrkjunum var úthlutað til 39 verkefna en að þessum verkefnum koma rúmlega hundrað skólar, fyrirtæki og stofnanir. Einstaklingar sem koma að verkefnum eru fleiri en þúsund sem er 30 prósent fjölgun frá síðasta ári.

Hæstu styrkir voru veittir til Háskóla Íslands, Listaháskólans, Tækniskólans og Iðunnar fræðslusetrs. Hluti verkefnanna er að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að taka hluta af námi sínu eða starfsþjálfun í Evrópu.

Markmið Erasmus+ er að styðja við verkefni sem efla grunnþætti í menntun. *- srs*



**EFLA GÆÐI MENNTUNAR** Listaháskólinn er einn þeirra skóla sem fengu styrk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# CCP eins og stór fiskur í lítilli tjörn

**Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og fyrrverandi stjórnarformaður CCP, segir mikilvægt að ríghalda ekki í stórfyrirtæki þegar þau vilja flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Gjaldeyrishöft eigi ekki stóran þátt í ákvörðun CCP.**

**FRÉTTAVIÐTAL**
Hvað liggur að baki mögulegum flutningi á starfsemi CCP úr landi?

„Ekkert er óeðlilegt við að fyrirtæki sem stefna á erlendan markað eða starfa á erlendum markaði færi höfuðstöðvar sínar þangað sem markaðir eru eða fjárfestarnir til að halda áfram að vaxa," segir Frosti Sigurjónsson, þingmaður og fyrrverandi stjórnarformaður CCP, um þær fréttir að hluti af starfsemi fyrirtækisins verði fluttur úr landi og alþjóðlegir samningar og gjaldeyrishöft séu ástæðan.

### Lítill heimamarkaður

„Ísland er frábær staður til að taka fyrstu skrefin og fara frá hugmynd upp í ákveðna stærð. Oft kemur svo að því að fyrirtæki þurfa að færa starfsemi til útlanda til að halda áfram velgengni sinni. Svo gætu þeir líka þurft að færa höfuðstöðvar úr landi til að ná til fjárfesta. Þetta er mjög verðmætt skeið, þetta sprotaskeið frá hugmynd til útrásar og skapar mikil verðmæti hér á Íslandi, við eigum líka að geta sleppt fyrirtækjum til þess að þau nái að breiða út vængi sína til fulls. Heimamarkaðurinn okkar er lítill og ástæðan sem CCP nefndi á hluthafafundi sem ég var á er skortur á aðgangi að fólki. Það getur orðið erfitt að finna einmitt það sérhæfða starfsfólk sem til þarf til starfseminnar," segir hann og telur að smæð markaðarins ráði mestu um ákvörðun fyrirtækisins. Hann segir Seðlabankann hafa liðkað mjög til vegna fjárfestinga.

### Seðlabankinn hefur slípað ferla

„Ég þekki til margra fyrirtækja hér á Íslandi sem hafa fengið erlenda fjármögnun og svo hina hliðina líka, því það er augljóst að erlendir fjárfestar kjósa frekar að fjárfesta í umhverfi sem menn þekkja vel. Fjármagnshöftin gera mönnum auðvitað erfiðara fyrir að fá fjárfestingu til landsins. Hins vegar má segja Seðlabankanum til hróss og gjaldeyriseftirlitinu þar að hann hefur slípað sína ferla til svo það er auðveldara fyrir íslensk sprotafyrirtæki að lifa innan og utan þeirra. Það var gríðarlega erfitt fyrst en nú eru mörg fordæmi komin. Jafnvel er þetta mjög vel kynnt á heimasíðu Seðlabankans."

### Dýrmæt hringrás

Frosti segir íslensku samfélagi til góða að sleppa tökunum af stórum fyrirtækjum. „Þegar fyrirtæki eru orðin ákveðið stór, annaðhvort orðin það stórir fiskar í lítilli tjörn að þau eiga erfitt með að finna sérþekkingu sem þau þurfa hérlendis eða fjárfesta af þeirri stærðargráðu sem þarf til að fara í þær gríðarlegu markaðsfjárfestingar sem eru fram undan, þá er eðlilegt að við segjum að það sé kominn tími til þess að fljúga úr hreiðrinu. Þá losnar um þekkingu, því einhverjir starfsmenn vilja ekki flytja úr landi. Þessir sömu aðilar stofna ný fyrirtæki og þekkingin þróast áfram. Þetta er dýrmætasti parturinn af hringrás fyrirtækja, nýsköpunarhringrásin."



**FÁI AÐ FLJÚGA ÚR HREIÐRINU** Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, með módel af geimskipi úr EVE Online tölvuleiknum. Frosti Sigurjónsson segir mikilvægt að auðvelda fyrirtækjum sem þurfa, að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Ekki háð stórfyrirtækjum

Frosti tekur dæmi af falli Nokia í Finnlandi.

„Það var orðið tröll í hagkerfinu. Þegar fyrirtækinu fór að hnigna þá varð efnahagssamdráttur í Finnlandi. Eftir fall Nokia þá spruttu úr fyrirtækinu mörg nýsköpunarfyrirtæki sem skapa verðmæti í dag. Öll fyrirtæki hafa sinn feril og ef því er hamlað þá getur því farið að hnigna. Við getum ekki haldið öllum okkar stærstu fyrirtækjum, þau geta orðið of stór fyrir Ísland. Við eigum miklu frekar að keppa í því að framleiða þessi fyrirtæki."

Hann segir ekki ákjósanlegt að íslenskur efnahagur verði jafn háður stórfyrirtæki og Finnland varð háð rekstri Nokia. „Þá gæti það fyrirtæki farið að setja þinginu og stjórnvöldum afarkosti. Þá byrjar regluverkið að svigna í átt að stórfyrirtækjum frá hagsmunum lítilla fyrirtækja og heimilanna. Við megum ekki verða háð stórfyrirtækjum."



**FROSTI SIGURJÓNSSON** Þegar fyrirtæki flytja höfuðstöðvar sínar losnar bæði um fjármagn og þekkingu, bendir Frosti Sigurjónsson á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
KJÓLUM & SKYRTUM
FYRIR DÖMUR &
HERRA
Opið til kl. 21:00 í kvöld
Gildir út sunnudag.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Þeir verst settu eiga litla möguleika

Setja verður stórt spurningarmerki við jafnan rétt til náms í framhaldsskólum landsins þegar litið er til aðbúnaðar þeirra nemenda sem standa illa. Meirihluti nemenda sem innritast á bóknámsbrautir ljúka námi, en aðeins einn af hverjum sjö af þeim verr stöddu.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Ójafnræði ríkir innan íslenska skólakerfisins þar sem nemendur sem standa höllum fæti hafa takmörkuð tækifæri miðað við betur stadda jafnaldra sína. Á sama tíma og langflestir nemendur sem hefja nám á hefðbundnum bóknámsbrautum ljúka prófi á tilskildum tíma, verður hið sama ekki sagt um nema einn af hverjum sjö af þeim verr stöddu, sýnir ný rannsókn.

### Siðferðilegar spurningar

„Niðurstöðurnar í heild vekja siðferðilegar spurningar um jafnan rétt til náms í hinu íslenska skólakerfi og hvort nemendur með námserfiðleika búi í raun við jöfn tækifæri til menntunar. Við viljum kenna okkur við það að hafa gott skólakerfi en það er á gráu svæði hvort við stöndum undir því," segir Sigrún Harðardóttir, lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, sem hefur starfað innan framhaldsskóla í tvo áratugi sem skólafélagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og kennari, auk þess að hafa unnið við að þróa fjölbreytt úrræði fyrir nemendur sem illa gengur í námi. Doktorsrannsókn hennar, Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags, sýnir svart á hvítu hvaða hópar eru í mestri brotthvarfshættu og hvað skólarnir þurfa að gera til að bæta úr því.

### Opinn aðgangur ekki nóg

Sigrún bendir á að margir hafi bent á að það sé einfaldlega ekki nóg að opna aðgang að skólunum til að hægt sé að tala um jafnrétti til náms. „Til þess að það sé hægt þarf að vera nám í boði fyrir alla. Niðurstöður rannsókna minna sýndu að meirihluti þeirra nemenda sem innrituðust á bóknámsbrautir hafði lokið námi að fjórum og hálfu ári liðnu en einungis 16% þeirra sem hófu nám á almennri braut. Eins og staðan er í dag þá er ekki bara um að ræða brotthvarf úr námi heldur má segja að skólarnir stundi ákveðið brottkast á ákveðnum hópi nemenda sem slakast standa við lok grunnskóla," segir Sigrún og vísar til þeirra sem hafa ekki náð viðunandi árangri í tveimur eða fleiri af grunnnámsgreinum og tilheyra ekki þeim hópi sem innritast á starfsbrautir skólanna fyrir fatlaða nemendur.

„Fyrir þann hóp vantar námsleiðir innan framhaldsskóla þar sem það bóknám og starfsnám sem í boði er í dag hentar þeim ekki. Að mínu mati þá mun stytting náms ekki breyta mjög miklu varðandi brotthvarf úr þeim hópi því það er ekki endilega lengd námsins sem hefur orsakað þetta mikla brottfall á meðal nemenda sem gengur illa í námi," segir Sigrún og bendir á að fjöldi þeirra sem illa standa sé meiri en menn almennt haldi. Nokkrir framhaldsskólar bjóði þennan hóp einfaldlega ekki velkominn, og því sé hlutfall þeirra sem hefja nám á almennri braut þeirra skóla sem það gera allt að 50%. Á sama tíma segir Sigrún að ekki mikið fleiri séu að útskrifast úr framhaldsskóla í dag en fyrir 30 árum þegar 60% af hverjum árgangi innrituðust, en hlutfallið er 95% í dag.

### Lítið um hina verst settu

Sigrún segir að í kjölfar nýrra laga séu framhaldsskólarnir þessa dagana að útbúa nýjar námsbrautir þar sem áherslа er á þriggja ára nám til stúdentsprófs. Minna er hins vegar um það að skólarnir séu að setja fram námsbrautir fyrir hóp þeirra nemenda sem lakast standa þrátt fyrir að aðalnámskrá opni á að skólarnir geri það. „Umræðan allt frá því í aðdraganda að setningu nýju laganna hefur snúið að styttingu náms til stúdentsprófs sem hefur enga skírskotun til þess hóps sem gengur illa í námi og kemur sennilega aldrei til að fara þá leið. Ef við ætlum að draga úr brotthvarfi þá þurfum við að bjóða upp á námsleiðir fyrir alla – ekki bara suma," segir Sigrún sem bætir við að breyta verði verklaginu.

„Eins og staðan er núna þá hefur sérkennslan verið allsráðandi í grunnskólanum, sem byggir á sjúkdómsnálgun og þá að gera þá sem veikastir eru fyrir eins og alla hina. Svo er mælt í lokin eftir sömu mælistikunni þar sem einn fær tíu en annar tvo á prófi. Hér vantar að menn opni augun fyrir því augljósa; við erum ekki eins, og það þurfa ekki allir að vera eins. Gríðarlegur mannauður fer í súginn því þessir krakkar koma brotnir inn í framhaldsskólann og þeim hópi verður að sinna betur," segir Sigrún.




**SIGRÚN HARÐARDÓTTIR** Eftir áratuga vinnu í framhaldsskólakerfinu efast Sigrún um réttmæti þess að Íslendingar gumi af góðu skólakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vanlíðan ástæða brotthvarfs

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um að undanförnu sýndi rannsókn Námsmatsstofnunar að aðeins einn framhaldsskóli hafði sálfræðing innan sinna dyra á síðustu haustönn af 31 skóla. Á sama tíma er það andleg vanlíðan sem skýrir brotthvarf í tilfellum margra hundraða nemenda á hverjum tíma.

> Niðurstöðurnar í heild vekja siðferðilegar spurningar um jafnan rétt til náms í hinu íslenska skólakerfi

Um vanlíðan nemenda segir Sigrún að það geti verið gagnlegt að bjóða nemendum greiðan aðgang að sálfræðingi innan skólans, en í raun þurfi að ganga enn lengra. Eitt sé að hjálpa nemandanum í skólanum en það taki ekki á því ástandi sem mætir honum þegar heim er komið. Athugun sem gerð var í haust í einum framhaldsskóla sýndi að ástæður vanlíðunar nemenda voru í 85 prósentum tilvika tengdar vanda heima fyrir; samskiptaerfiðleikum við foreldra eða stjúpforeldra, fátækt, skilnaði foreldra, og fleira. Í slíkum málum skili ekki endilega bestum árangri að vinna bara með nemandann heldur sé mikilvægt að kalla foreldra líka að borðinu og vinna í málunum út frá heildarsýn.

„Félagsráðgjafar eru sérfræðingar í að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan og vinna að þróun forvarna- og stuðningsúrræða fyrir nemendur. Markmiðið er að allir geti notið sín í skólaumhverfinu, jafnt námslega, félagslega og tilfinningalega. Þar yrði áherslan lögð á margvíslegar þarfir þeirra, forsendur og möguleika sem beinlínis hefur þjóðfélagslegt gildi að hlúa að," segir Sigrún.


## Innköllun vegna rafrænnar skráningar hlutabréfa

Miðvikudaginn 10. júní 2015 verða hlutabréf í Borgun hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands í samræmi við ákvörðun stjórnar félagsins. Skráningin tekur gildi kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar settri á grundvelli þeirra.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Borgun tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, ónúmeruð en gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi. Að lokinni rafrænni skráningu verður nafnverð hvers hlutar ákveðið 1 -ein- íslensk króna eða margfeldi þar af.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Borgunar að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Borgunar að Ármúla 30, 108 Reykjavík. Leiði slík könnun í ljós að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, fyrir skráningardag. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Athygli hluthafa er vakin á því að hlutabréfin verða ógilt sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins.

Stjórn Borgunar hf.

BORGUN




**FRAMFARASKREF** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir nýja tækni mikilvægt framfaraskref og fánabera næstu kynslóðar af gervigreindartækni. MYND/ÖSSUR

Össur kynnir byltingarkennda tækni fyrir fatlaða:

# Gervifætur sem er stýrt með huganum

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðistæknifyrirtækið Össur kynnti í gær nýja tækni sem gerir fólki með gervifætur kleift að stýra fótunum með huganum. Um er að ræða risavaxið skref í þróun gervifóta.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sem kynnti tæknina á fjárfestafundi í Kaupmannahöfn segir hana þá fyrstu sinnar tegundar í heiminum fyrir neðri útlimi.

Vísindamenn Össurar og samstarfsfyrirtækis þess hafa unnið að þróun tækninnar í nokkur ár og tveir Íslendingar prófað hana í rúmlega ár með góðum árangri. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að frekari tilraunir séu framundan.

„Við erum nær því en nokkru sinni fyrr að búa til gervifót sem er fullkomin framlenging á manneskjunni," segir Jón en í tækninni felst að sérstökum nema (e. surgically implanted myoelectric sensor, IMES) er komið fyrir í vöðva og tekur neminn við taugaboðum frá heila og sendir samstundis áfram í gervifótinn sem framkvæmir hreyfinguna sem notandinn hafði ómeðvitað hugsað sér að framkvæma.

Jón segir ennfremur að nýjungin sé „mikilvægt tæknilegt framfaraskref og fánaberi næstu kynslóðar af gervigreindartækni". - kbg


BURBERRY
BRIT
RHYTHM
BRIT RHYTHM INTENSE FYRIR HANN OG
BRIT RHYTHM FLORALE FYRIR HANA.
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ BURBERRY
DAGANA 21.-27. MAÍ.
GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR MEÐ HVERJU 50 ML
GLASI EÐA TVEIMUR VÖRUM FRÁ BURBERRY*
* Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
KYNNUM NÝJASTA ILMPARIÐ FRÁ BURBERRY Í HAGKAUP
HOLTAGARÐAR • KRINGLAN • SMÁRALIND • GARÐABÆR • SKEIFAN • SPÖNG • AKUREYRI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Salou frá kr. 65.900

m/morgunmat innifalinn!



Netverð á mann frá kr. 65.900 m.v.2-4 í íbúð/herbergi.
Stökktu 22/29. maí og 5. júní í 7 nætur.
Einnig í boði stökktu m/hálft fæði innifalið.

Krít frá kr. 109.900

m/morgunmat innifalinn!



Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v.2-3 í íbúð/herbergi.
Stökktu 1. júní í 10 nætur.

Tenerife frá kr. 89.900



Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v.2-4 í íbúð/herbergi.
Stökktu 6. júní í 14 nætur.
Einnig í boði stökktu m/allt innifalið.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir






ÞINGSJÁ



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

## GJALLARHORNIÐ



**Bjarni Benediktsson**
**í umræðum um atkvæðagreiðslu**

„Getur þingið leitt fram vilja meirihlutans í málinu? Það er sú spurning sem ég held að þjóðin sé að spyrja sig. Er mögulegt fyrir þingið að afgreiða eitt mál eftir vikuumræðu eða svo eða getur þingið það ekki?



**Vigdís Hauksdóttir**
**í umræðum um atkvæðagreiðslu**

„En það er afar einkennilegt að upplifa að hér er rammaáætlun til umræðu undir hverjum einasta dagskrárlið, hvort sem það er í fundarstjórn forseta, atkvæðagreiðslu, störfum þingsins eða fyrirspurnum til ráðherra.



**Steingrímur J. Sigfússon**
**í umræðum um fundarstjórn forseta.**

„Forseti á dögunum úrskurð upp kvað, um efni af flóknara tagi. Ef horft er hjá lögum má hugsa sér að það hæpna sé kannski í lagi.




# Stál í stál á Alþingi

**Engir samningar hafa náðst um þinglok. Stemningin á Alþingi er við frostmark. Þingmenn snupra hver annan úr pontu og með frammíköllum. Ramminn tappar allt starf og enginn samningsvilji virðist vera um að gefa eftir í því máli.**

Að segja að óvissa ríki um þinglok er eins og að standa í miðju kríuvarpi með ótal sár á höfðinu og fullyrða að kríán sé á engan hátt árásargjarn fugl þegar kemur að því að verja varpið sitt. Það segir sitt um ástandið að samkvæmt dagskrá áttu þingstörf í gær að hefjast klukkan 10 á umræðum um störf þingsins og í kjölfarið að koma sérstök umræða um húsnæðismál. Fyrsti dagskrárliðurinn hófst klukkan 15.08.

Og talandi um áætlun, samkvæmt starfsáætlun á að fresta þingi eftir rúma viku, föstudaginn 29. maí. Það þarf töluverða glámskyggni til að sjá að ekki mun takast að afgreiða öll mál sem fyrir þinginu liggja fyrir þann tíma.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram 118 frumvörp á yfirstandandi þingi. Af þeim hafa 42 verið samþykkt sem lög, en 72 eru enn óafgreidd á ýmsum stigum.

**Sprengja í þingið**

Hafi menn haft vonir um að það tækist að ljúka þingstörfum í friði og spekt urðu þær að engu þegar breytingartilllaga atvinnuveganefndar varðandi Rammann leit dagsins ljós. Með tillögunni tókst að sameina stjórnarandstöðuna þannig að nú vinnur hún sem einn maður.

„Við fáum eina umræðu til að ræða þessar miklu breytingar á Rammanum. Á sama tíma eru stjórnarflokkarnir að boða breytingar á málinu. Þetta eru vond vinnubrögð ofan á enn verri vinnubrögð,“ segir Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

„Við munum mótmæla þessum vinnubrögðum og sameinuð berjumst við í stjórnarandstöðunni gegn þessum tillögum eins lengi og með þarf. Þó vonum við að menn sjái að sér og dragi þessar breytingatillögur til baka og haldi sig við upphaflega tillögu ráðherra og láti verkefnisstjórn rammaáætlunar um að sinna sínum lögbundna faglega ferli.“

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segir hins vegar að málið snúist ekki um form heldur efni.

„Það liggur alveg fyrir að það er grundvallarágreiningur um hvert skal stefna í nýtingu á orkuauðlindum okkar. Það er fólk hér á Alþingi sem hefur engan áhuga á að halda áfram virkjanaframkvæmdum, á meðan aðrir telja það nauðsynlegan þátt til að efla íslenskt samfélag og skapa aukin tækifæri fyrir ungt fólk að það verði haldið áfram á þessum vettvangi. Til þess er horft öfundaraugum til okkar um allan heim, þeirra tækifæra sem fyrir okkur liggja.“

Og spurður um hvort það komi til greina að gefa eftir til liðka fyrir þinglokum, svarar hann:

„Það hefur nú þegar verið dreginn til baka umdeildasti virkjanakosturinn í þessu af okkar hálfu sem er Hagavatnsvirkjun. Það virðist ekki hafa nein áhrif á þeirra málflutning og virðist ekki skipta þau neinu máli. Þannig að ég veit ekkert hversu langt þarf að ganga til að semja við þau um þessi mál. En á þessari stundu, þá sýnist mér ekkert annað vera í spilunum hér annað en að við ljúkum málum með þessum hætti og meirihluti þingsins fái að taka sína ákvörðun, eins og gerðist hér á síðasta kjörtímabili þegar þau voru með algjörlega sambærilega tillögu inni í þinginu.“



**„Við fáum eina umræðu til að ræða þessar miklu breytingar á Rammanum. Á sama tíma eru stjórnarflokkarnir að boða breytingar á málinu.**

*Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar.*



**„Á þessari stundu, þá sýnist mér ekkert annað vera í spilunum hér annað en að við ljúkum málum með þessum hætti.**

*Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar.*

**92** ræður voru haldnar á þriðjudaginn um fundarstjórn forseta

**Allt í lás**

Á meðan ekki semst um Rammann virðist því ljóst að allt er botnfrosið. Fjöldi stórra mála bíður, Bankasýslan, makríllinn, samgönguáætlun, ívilnanir til nýfjárfestinga, lyfjalög, meðferð sakamála og lögreglulög, almannatryggingar, fjárfestingasamningur við Thorsil um kísilverksmiðju, opinber fjármál, staðgöngumæðrun, tekjustofnar sveitarfélaga, Fiskistofa og svo mætti lengi telja, enda málin mörg.


ellingsen.is
VOR-
AFSLÁTTUR
20-50% afsláttur
af völdum vörum
Stígvél
Pollagallar
Húfur og vettlingar
Grill og aukahlutir
Gönguskór
Veiðisett
Kajakar
Reiðhjól
20%
MERIDA CROSSWAY
15-MD GENT
87.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.
20%
DAXARA 158 KERRA
138.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 172.990 KR.
20%
PERCEPTION KAJAK
SCOOTER GEMINI COMFORT
127.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 159.990 KR.
20%
ZAMBERLAN CROSSER
GÖNGUSKÓR
23.753 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.691 KR.
Mikið úrval af grillaukahlutum
40%
CAMPINGAZ 3 SERIES 3
BRENNARA GASGRILL
70.794 KR.
VERÐ ÁÐUR 117.990 KR.
50%
SYM VESPUR MEÐ 50CC
EÐA 125CC VÉL
Lítillega útlitsgallaðar
20%
MERIDA MTB24 JULIET
BARNAREIÐHJÓL
55.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.
20%
ABU STANGARSETT
VILDMARK 7FT
6.712 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.390 KR.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1
Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630
OPNUNARTÍMI
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## Minningargreinar færast yfir á netið

Útfararþjónustur í Danmörku gera ráð fyrir að minningargreinar í dagblöðum heyri bráðum sögunni til. Stöðugt fleiri hafi uppgötvað kosti þess að stofna eigin minningarsíður um látna aðstandendur á netinu sem aðrir ættingjar og vinir geta fengið aðgang að.

Ekki er tekin greiðsla fyrir minningarsíðurnar en dánartilkynning með nokkrum orðum um hinn látna, eins og tíðkast í Danmörku, getur kostað frá 2 til 3 þúsundum danskra króna í landsbyggðarblöðum en allt að því tvöfalt meira í ríkisblöðum. - ibs



**ANDLÁT** Útfararþjónustur í Danmörku bjóða upp á minningarsíður á netinu.

## Betri námsárangur eftir að notkun farsíma var bönnuð í kennslustundum

Árangur breskra nemenda batnaði í kjölfar banns við notkun farsíma í kennslustundum. Bestur var árangurinn hjá nemendum sem ekki hafði gengið vel í námi.

Ekki var merkjanlegur munur á árangri nemenda sem þegar gekk vel í námi. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við London School of Economics and Political Science.

Bornar voru saman reglur um farsímanotkun í skólum í fjórum borgum Bretlands við upplýsingar um árangur nemenda. Skoðaður var árangur nemenda frá 11 ára til 16 ára.

Vísindamennirnir draga þá ályktun að farsímanotkun dreifi huga nemenda. Hins vegar bendi niðurstöðurnar ekki til að ekki megi nota þá við kennslu. Nota þurfi farsímana á uppbyggilegan hátt.

Það er mat rannsakenda að ekki sé hægt að hunsa hvort setja eigi reglur um notkun farsíma. Bann geti dregið úr misnotkun innan skólakerfisins. - ibs



**FARSÍMI** Árangur af farsímabanni var mestur hjá nemendum sem illa gekk.



**MATARKÚR** Konur sem tileinka sér 5:2 borða einungis 500 kaloríur á dag tvo daga vikunnar en karlar 600 kaloríur. Hina fimm dagana er mataræðið hefðbundið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heilsa sykursjúkra batnaði á 5:2 kúrnum

**Rannsókn Karólínsku stofnunarinnar í Svíþjóð á gagnsemi 5:2 kúrsins sýnir jákvæð áhrif á heilsu þeirra sem eru með fullorðinssykursýki á byrjunarstigi.**

Heilsa þeirra sem eru með fullorðinssykursýki batnar við 5:2 kúrinn. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Kerstin Brismar, prófessors við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð. Konur sem tileinka sér kúrinn borða einungis 500 kaloríur á dag tvo daga vikunnar en karlar 600 kaloríur. Hina dagana fimm er mataræðið hefðbundið.

Prófessornum fannst aðferðin, sem sjónvarpsmaðurinn og læknirinn Michael J. Mosley kynnti árið 2012, áhugaverð, að því er sænska ríkissjónvarpið greinir frá. Hún ákvað að fá einstaklinga sem glíma við ofþyngd, háan blóðþrýsting og fullorðinssykursýki á byrjunarstigi til að prófa 5:2 kúrinn til að komast að því hvaða áhrif hann hefði á heilsu þeirra. 105 einstaklingar hófu kúrinn sem stendur yfir í sex mánuði. Niðurstöður af áhrifum kúrsins á heilsu 62 liggja nú fyrir. Meirihluti þeirra greinir frá því að sér líði vel af kúrnum. Líkamsþyngdarstuðull þeirra er nú rétt undir 27 en fyrir kúrinn var hann rétt undir 29. Aðeins 11 af þeim 105 sem hófu kúrinn hættu.

Heilsufar þátttakenda var rannsakað fyrir kúrinn og síðan eftir sex vikur, þrjá mánuði og sex mánuði. Kannað er hálfu ári eftir að kúrnum lýkur hvort áhrifa hans gæti enn.

Þegar kúrinn hófst var mittismál þeirra sem voru með fullorðinssykursýki á byrjunarstigi að meðaltali 104 cm. Aukin hætta er talin á hjarta- og æðasjúkdómum ef mittismálið er yfir 102 cm. Eftir að hafa verið á 5:2 kúrnum í sex mánuði var mittismálið orðið 100 cm. Áhrifa kúrsins gætti enn hálfu ári eftir að rannsókninni lauk og mittismálið var að meðtali orðið 98,5 cm.

Áhrifin á þá sem ekki voru með fullorðinssykursýki voru einnig góð en þeir voru grennri við upphaf rannsóknarinnar og grenntust ekki jafnmikið. Mælingar á kólesteróli, blóðþrýstingi, blóðsykri og bólgu leiddu í ljós jákvæðar breytingar.

Það er mat prófessorsins að niðurstöður rannsókna hennar styrki ekki kenninguna um að 5:2 kúrinn minnki insúlínlíka vaxtarþáttinn IGF-1, sem sagður er tengjast frumuvexti og krabbameini, það mikið að kúrinn lengi lífið hjá fólki. Rannsóknir á músum sýndu að minnkað magn IGF-1 hjá þeim lengdi líf þeirra. ibs@frettabladid.is

### ➜ Hvað er sykursýki?

**Sykursýki** (diabetes) er efnaskiptasjúkdómur sem einkennist af of háum sykri í blóðinu vegna minnkaðrar framleiðslu á hormóninu insúlíni í brisinu, minnkaðra áhrifa þess í líkamanum eða beggja þessara þátta.

**Helstu einkenni** Þorsti, tíð þvaglát, þreyta og slen.

**Sykursýki er í grófum dráttum tvenns konar;** tegund 1 og tegund 2, sem einnig kallast fullorðinssykursýki.

**Tegund 1** greinist aðallega í börnum og ungu fólki og einkennist af bráðum insúlínskorti.

**Tegund 2** Á síðustu árum hefur komið í ljós að insúlínskortur á einnig þátt í fullorðinssykursýki. Hún einkennist auk þess af auknu insúlínþoli þar sem frumur líkamans hafa myndað ónæmi eða þol gegn insúlíni. Fullorðinssykursýki var áður kölluð insúlínóháð sykursýki en í ljósi nýrrar þekkingar þykir það gefa villandi mynd af sjúkdómnum.

*Heimild: Íslensk erfðagreining*






**FJÖLMENNING** Beint verður sjónum að öllum þeim fjölbreyttu tungumálum sem töluð eru í borginni. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Margradda maí á Borgarbókasafni í Grófinni:

# Sungið á ýmsum tungumálum í dag

Sungið verður á ýmsum tungumálum kl. 11 í dag á Borgarbókasafni í Grófinni. Safnið hefur boðið skólum og frístundamiðstöðvum að taka þátt í að varpa ljósi á mismunandi raddir og tungumál borgarbúa á öllum aldri.

Í frétt á vef Reykjavíkurborgar segir að á alþjóðadegi menningarlegrar fjölbreytni sem er í dag verði sjónum beint að öllum þeim fjölbreyttu tungumálum sem töluð eru í borginni. Þá er ekki endilega átt við þjóðtungur eingöngu heldur leitum við eftir fjölbreyttum orðaforða og tungutaki og fjölbreyttum tjáningarleiðum og boðskiptum.

### ➜ Dagskrá

**Kl. 11.00** Söngur og sögustund á ýmsum tungumálum.
**Kl. 12.45** Menningarmót nemenda í 4. og 6. bekk Landakotsskóla.
**Kl. 15.00** Taktur og táknmál.
**Kl. 16.00** Café Lingua | Sniðug málsnið:

- „Hnífaparið“ rappar „Gervisykrað samfélag“ – vinningshafar á Ljóðaslammi 2015, Halldóra Líney Finnsdóttir og Hekla Baldursdóttir.
- Augnstýring – að stýra tölvu með augunum.
- Tungumálastöðvar.


№29
2015
Listahátíð
í Reykjavík
Miðasala á
listahatid.is
7. júní, kl. 20:00
@ Harpa, Eldborg
Julia Migenes
La voix humaine
eftir Francis Poulenc
Lokaviðburður Listahátíðar 2015
Meistaraverk Francis Poulenc í flutningi hinnar stórbrotnu Juliu Migenes. Leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson og meðleikari Juliu á píanó er Árni Heiðar Karlsson. Unnið í samstarfi við Hessisches Staatstheater Wiesbaden.
Lárusson Hönnunarstofa
Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Máttarstólpi
TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN
Bakhjarlar
REITIR
ÍSLENSK ERFÐAGREINING
BRIM SEAFOOD

Áætlað er að verkfall sem þýskir lestarstjórar fóru í fyrr í mánuðinum hafi kostað 111 milljarða króna:

# Ringulreið í samgöngum vegna verkfalla í Þýskalandi

Mikil röskun varð á samgöngum í Þýskalandi í gær eftir að verkfall lestarstjóra hófst. Fjölmörgum lestarferðum, bæði styttri ferðum og lengri, var frestað.

Claus Weselsky, formaður GDL, verkalýðsfélags lestarstjóra, gaf ekkert upp um það hvenær verkfallinu lýkur en hann sagði að það myndi allavega vara í fimm daga.

Verkalýðsfélagið hefur boðað röð verkfalla til að krefjast fimm prósenta launahækkunar fyrir þá 20 þúsund lestarstjóra sem eru í félaginu og styttri vinnuviku. Verkalýðsfélagið krefst þess líka að fá að semja fyrir hönd annarra starfsmanna á lestum, til dæmis veitingastarfsfólks.

Tvö hundruð þúsund manns starfa hjá lestarfélaginu Deutsche Bahn. Fyrirtækið hefur boðið 4,7 prósenta launahækkun og eingreiðslu upp á 1.000 evrur, eða 148 þúsund krónur. Aftur á móti samþykkir fyrirtækið ekki að verkalýðsfélagið semji fyrir aðra starfsmenn á lestum.

Verkfallið sem hófst í gær var hið níunda sem skellur á síðastliðna ellefu mánuði og kemur í kjölfar fimm daga verkfalls fyrr í maí. Það var lengsta verkfall í 21 árs sögu Deutsche Bahn.

Talið er að 5,5 milljónir manna ferðist daglega með lest í Þýskalandi. Hagfræðingar telja að verkfallið fyrr í mánuðinum hafi kostað þýska hagkerfið 750 milljónir evra, eða 111 milljarða króna.

- jhh



**DEUTSCHE BAHN** Starfsmenn lestarfyrirtækisins Deutsche Bahn hafa ítrekað farið í verkfall undanfarna mánuði, með verulegu tjóni fyrir þýska hagkerfið. NORDICPHOTOS/AFP

# AGS óttast að kjaradeilur geti grafið undan stöðugleikanum

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að ágreiningur á vinnumarkaði grafi undan þeim vexti og stöðugleika sem náðst hefur frá hruni. Vinna ætti að því að ná kjarasamningum sem treysti stöðugleika og samkeppnisfærni. Álit AGS endurspeglar áhyggjur Seðlabanka Íslands.



**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is

Deilur á vinnumarkaði gætu stefnt efnahagslegum stöðugleika í hættu, í það minnsta til skamms tíma. Þetta segir í yfirlýsingu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur verið hér á landi undanfarna daga. Peter Dohlman, formaður sendinefndar AGS fyrir Ísland, og Ghada Fayad, fulltrúi í sendinefndinni, kynntu yfirlýsingu nefndarinnar á Kjarvalsstöðum í gær.

Í yfirlýsingu nefndarinnar segir að ágreiningurinn á vinnumarkaðnum gæti grafið undan þeim vexti og stöðugleika sem hefur náðst allt frá bankahruni. Aðilar vinnumarkaðarins ættu að vinna saman að því að ná kjarasamningum sem verða til þess að varðveita stöðugleika, samkeppnishæfni og sjálfbæran vöxt. Ef miklar launahækkanir verða, langt umfram framleiðnivöxt og verðbólgumarkmið, þurfi að grípa til viðbragða til þess að halda stöðugleikanum. Þetta þýði aðhaldssamari peningamálastefnu og aðhaldssamari stefnu í opinberum fjármálum.

„Ísland virðist vera reiðubúið til þess að stíga skref varðandi frjálsari fjármagnsflutninga en neikvæð áhrif mikilla launahækkana, einkum á samkeppnishæfni Íslands, mun hægja á því ferli,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður kjarasamninga séu vísbendingar um að launahækkanir á þriggja ára samningstíma verði sennilegast vel yfir áætlaðri framleiðniaukningu og verðbólgumarkmiði á Íslandi og umfram launahækkanir í helstu viðskiptaríkjum Íslands. Þetta muni leiða til þess að verðbólga fari vel yfir 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans, setji þrýsting í fjármálum, dragi úr trausti og úr samkeppnishæfni. Allt þetta muni versna enn frekar ef ytri aðstæður auka á vandann, svo sem aðstæður á evrusvæðinu.

Verði miklar nafnlaunahækkanir að veruleika telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að herða þurfi peningamálastefnuna á næstu árum til þess að verðbólgan verði við verðbólgumarkmiðið. Bregðist Seðlabankinn þannig við ætti landsframleiðsla að geta aukist á þessu ári, einkum vegna aukinnar einkaneyslu eftir launahækkanir, aukinnar fjárfestingar og vaxandi ferðaþjónustu. Við þessar aðstæður myndi verðbólga ná hámarki árið 2016 og ná síðan verðbólgumarkmiði að nýju.

Áhyggjur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af stöðunni á vinnumarkaði eru í takti við þær áhyggjur sem lýst var í Peningamálum Seðlabankans, sem komu út fyrr í mánuðinum. „Staðan á vinnumarkaði er mjög alvarleg og launakröfur uppi sem eru þess eðlis að hætta er á að þeim árangri sem náðst hefur við að koma verðbólgu og verðbólguvæntingum í markmið sé stefnt í voða. Einnig er hætta á að launahækkanir sem eru langt umfram framleiðnivöxt valdi því að fyrirtæki leiti leiða til að draga úr launakostnaði, t.d. með því að hægja á ráðningum eða grípa til uppsagna,“ segir í Peningamálum. Þar segir einnig að samkeppnisábata sem þjóðarbúið hefur náð undanfarin misseri og birtist meðal annars í kröftugum útflutningsvexti þrátt fyrir slakan hagvöxt meðal helstu viðskiptalanda yrði einnig teflt í tvísýnu. Mikil hækkun launakostnaðar væri því einnig til þess fallin að grafa undan efnahagsbatanum og þeim afgangi á viðskiptum við útlönd sem býr í haginn fyrir losun fjármagnshafta.



**Á KJARVALSSTÖÐUM** Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins telur að þrátt fyrir skammtíma óstöðugleika geti Íslendingar haldið áfram með afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Álit VR á skjön við álit Seðlabankans

Fullyrt hefur verið að kjarasamningar 2011 hafi leitt til verðbólguskots. En ekki eru allir sammála um áhrif launahækkana á verðbólgu. Viðar Ingason, hagfræðingur VR, sagði í pistli á vef félagsins fyrr í vetur að fjölmargir þættir hafi áhrif á verðlag og laun séu eflaust einn af þeim. Hann segir hlutdeild launa þó vera töluvert minni en almennt sé haldið fram. Verðbólga hafi verið lág í vetur vegna gífurlegrar lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu og tiltölulega lítilla sveiflna í gengi krónunnar. Árið 2011, þegar kjarasamningar voru gerðir, hafi þessu verið öfugt farið. Heimsmarkaðsverð á olíu hafi verið búið að hækka um 35 prósent sex mánuði fyrir kjarasamningsbundna hækkun launa í júní 2011 og gengið búið að veikjast um 6,3 prósent yfir sama tímabil.

> **Ísland virðist vera reiðubúið til þess að stíga skref varðandi frjálsari fjármagnsflutninga en neikvæð áhrif mikilla launahækkana, einkum á samkeppnishæfni Íslands, mun hægja á því ferli.**
>
> *Skýrsla sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.*

Ný skýrsla um íbúðamarkað:

# Kaupendur eru að eldast

Staða fyrstu kaupenda hefur batnað þar sem þeir eru nú orðnir yfir 20% kaupenda á höfuðborgarsvæðinu en voru aðeins 13,6% að meðaltali árið 2008.

Meðalaldur fyrstu kaupenda hefur hækkað og er í dag 29 ár sem er svipað og í Bretlandi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Reykjavík Economics um fasteignamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu sem kynnt var í gær á fundi Íslandsbanka.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka segir að bankinn hóf á síðasta ári að veita þeim sem kaupa sína fyrstu íbúð sérstakt aukalán til að auðvelda kaupin.

- jhh

Fjórtán borgarfulltrúar af fimmtán í Los Angeles samþykktu að hækka lágmarkslaun í borginni:

# Samþykkja 15 dollara lágmarkslaun í LA

Los Angeles-borg í Bandaríkjunum hefur ákveðið að innleiða lágmarkslaun sem nema 15 dollurum, tæplega 2.000 íslenskum krónum, á klukkustund.

Greidd voru atkvæði um tillöguna í borgarstjórn og samþykktu 14 borgarfulltrúar tillöguna en einn greiddi atkvæði á móti. Breska fréttastofan BBC segir að Seattle og San Francisco hafi nú þegar samþykkt að tekin verði upp 15 dollara lágmarkslaun á næstu árum, fyrri borgin tekur þau upp 2017 en seinni borgin ári síðar.

„Los Angeles er núna orðin nýjasta og stærsta borgin sem styður verkamenn sem biðja ekki um neitt annað en að þeir fái sanngjörn og mannsæmandi laun,“ sagði Christine Owens, framkvæmdastjóri Vinnuréttindaverkefnisins, en það er hópur sem berst fyrir réttindum launafólks.

Gert er ráð fyrir að lög um 15 dollara lágmarkslaunin taki gildi í júlí 2020. Launin fara stighækkandi og munu verða 10,5 dollarar, tæplega 1.400 krónur, í júlí á næsta ári.

Verslunarrisinn Walmart tilkynnti í febrúar að fyrirtækið myndi hækka laun starfsmanna í versluninni. Þann 1. febrúar á næsta ári verða allir starfsmenn með að minnsta kosti 10 dali á tímann.

- jhh



**KRÖFUGANGA** Starfsmenn skyndibitastaða og heilbrigðisstarfsmenn í Los Angeles örkuðu út á götur í desember síðastliðnum til að krefjast bættra kjara. NORDICPHOTOS/AFP

Made in Iceland
**BIO**EFFECT

LOKSINS Á ÍSLANDI

# **BIO**EFFECT
# EGF SERUM

- með 5ml EGF DAY SERUM

Allir sem kaupa BIOEFFECT húðvörur dagana **21-24 maí** geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegan vinning að verðmæti **80.000** krónur.




BIOEFFECT fagnar 5 ára afmæli sínu með sérstökum afmælisútgáfum af BIOEFFECT EGF SERUM Húðdropunum ™ sem unnin er í samstarfi við einn okkar þekktasta samtímalistamann, Hrafnhildi Arnardóttur.




**20% AFSLÁTTUR AF 30 DAY TREATMENT**

Kaupauki fylgir ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 6.900 kr eða meira*

*Takmarkað magn

***Lyf & heilsa***
**Kringlunni**

*www.lyfogheilsa.is*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Huga þarf að fjölbreytni fólks í framhaldsskólum:

# Einsleitnisáráttan

Árum og áratugum, ef ekki öldum, saman var skólakerfið miðað við einsleitan hóp nemenda, nánar tiltekið karlmenn á ákveðnu aldursbili. Leiðin var bein og greið, fyrir skýrt afmarkaðan hóp; tveir, þrír menntaskólar tóku við þeim sem höfðu vitað það frá blautu barnsbeini að þangað lægi leiðin, einhverjir fóru í verslunarnám. Fyrir hina lá leiðin í iðnnám og þeir sem ekki voru svo heppnir að vera handlagnir eða að hafa ráð á námi, fóru beint að vinna. Einhverjir þurftu jú að vera á skóflunni. Hina, já, ekki hinar, því framan af var ekki gert ráð fyrir að konur ættu að mennta sig. Þetta er sett upp í þennan tröppugang hér, af því að þannig leit samfélagið á þetta, sem píramída frá skóflu upp í doktorspróf, með viðkomu í múrskeiðinni.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Sem betur fer breyttist þetta og námsleiðum fjölgaði, til dæmis með fjölbrautaskólunum. Hugsunarhátturinn breyttist kannski minna, enn var bóknámið æðst, en menn voru þó að reyna og hugsunin var sú að ekki það sama hentaði öllum. Falleg hugsun, við gerðum rétt í því að draga úr því sem á að steypa okkur í sama mót og leyfa fólki frekar að blómstra á eigin forsendum.

Nú ber hins vegar svo við að svo virðist sem yfirvöld hafi snúið af þessari braut og það viðhorf að best sé að sem flestir fari í gegnum sama mót sé aftur að verða ofan á. Með styttingu framhaldsskólans í þrjú ár verður þeim sem vel gengur í skóla gert kleift að drífa hann af og skella sér í háskólanám. Það hafa þeir hins vegar getað gert um hríð, þar sem margir skólar bjóða upp á þriggja ára nám. Þeir sem verr standa gætu hins vegar liðið fyrir þetta.

Í blaðinu í dag er viðtal við Sigrúnu Harðardóttur, lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, en hún hefur starfað innan framhaldsskólanna í tvo áratugi. Doktorsrannsókn hennar snýr að líðan framhaldsskólanema og þar kemur ýmislegt miður gott í ljós.

Það er nefnilega staðreynd að lítið er hugað að þeim sem verst standa í námi, en sjónum er frekar beint að þeim sem síður þurfa á stuðningi að halda. Aðeins einn af hverjum sjö af þeim sem verr standa lýkur námi, hafi viðkomandi innritað sig á bóknámsbraut. Margt getur valdið því að krakkar flosni upp úr skóla, en öllum hlýtur að vera ljóst að góð ráðgjöf og alvöru utanumhald skiptir þar miklu. En aðeins einn framhaldsskóli er með skólasálfræðing.

Á sama tíma hefur Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sett aldursmark á framhaldsskólanemana, svo hlutirnir séu einfaldaðir, sem miðast við 25 ár. Þeir sem flosna úr námi eiga því erfiðara með að snúa aftur eftir að þeir hafa fótað sig betur og fundið fókus á hvað þeir vilja gera í lífinu.

Ríkiskerfi, eins og framhaldsskólinn er, á ekki aðeins að miða við þá sem best standa, ekki bara elítuna gömlu og áhyggjulausa fólkið. Það þarf mun fremur að huga að þeim sem verr standa. Þar er veruleg brotalöm á kerfinu í dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einungis tveir þingmenn

Það var ágæt mæting á skólabekk þegar Jón Steinar Gunnlaugsson hélt ræðu um Hæstarétt í Háskólanum í Reykjavík í gær. Menn komu víða að og þekkja réttarfarið misvel af eigin raun. Þarna voru til dæmis Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri, og Bjarnfreður Ólafsson hæstaréttarlögmaður sem báðir hafa setið á sakamannabekk. Þar var líka Sigurður Tómas Magnússon, ráðgjafi sérstaks saksóknara, og lögmennirnir Andri Árnason og Helgi Sigurðsson. Einungis tveir þingmenn voru á meðal áheyrenda, þeir Brynjar Níelsson og Vilhjálmur Árnason. Það er ef til vill vonbrigði þar sem þær breytingar sem Jón Steinar leggur til að verði gerðar munu krefjast aðkomu þingsins.

### Skemmtileg fjölskyldustemning

Jón Steinar talaði um það að þegar hann tók sæti hæstaréttardómara hefði honum verið sagt að það væri skemmtileg fjölskyldustemning í dómnum. Þetta hefði honum fundist góð tíðindi enda gott að vinna þar sem góður andi ríkti. „Ég komst hins vegar fljótt að því hvað átt var við með þessu,“ sagði Jón Steinar. Ekki hefði verið átt við að „öll dýrin í skóginum ættu að vera vinir“, eins og Jón Steinar orðaði það, heldur væri komin ákveðin verkaskipting þannig að sá dómari sem ætti að vera frummælandi í málum tæki allan þungann af þeim málum. Hinir væru meira og minna að skrifa undir það sem frummælandinn sagði.



### Heppilegri maður í fjölskylduna

Þótt mætingin á fundinn hafi verið ágæt, er ekki þar með sagt að þar hafi verið öll þau andlit sem menn kannast við úr réttarkerfinu. Þannig sást hvorki tangur né tetur af hæstaréttarlögmanninum góðkunna Sveini Andra Sveinssyni. Það kom svo sem ekki endilega á óvart enda skrifaði Sveinn Andri færslu á Facebook þegar hann fékk fundarboðið. Úr viðbrögðunum mátti lesa að hann gæfi lítið fyrir fundinn. Hver veit nema Sveinn Andri sjálfur myndi sóma sér betur í „fjölskyldunni“ en Jón Steinar gerði. Sjáum svo bara hvað setur.



jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




# Stúdentar frá MR – sameinist!

MENNTUN



**Benedikt Jóhannesson**
formaður Hollvinafélags MR

Nú eru á lífi rúmlega tíu þúsund stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík. Það er meira en einn af hverjum tuttugu og fimm Íslendingum tuttugu ára og eldri. Stúdentum frá MR þykir vænt um skólann sinn og þeir minnast skólaáranna flestir með hlýju.

Hefðir eru sterkar í MR. Ein sú sterkasta er viljinn til þess að standa sig vel. Nemendur skólans hafa skarað fram úr í keppni af ýmsu tagi ár eftir ár. Tungumál, raungreinar, söngur og stuttmyndagerð eru meðal þeirra sviða þar sem MR-ingar náðu lofsverðum árangri í vor. Þegar í háskóla er komið hafa stúdentar frá skólanum upp til hópa reynst vel undirbúnir og þeir koma vel út í samanburði við nemendur frá öðrum skólum.

Góðir starfsmenn og góður andi meðal nemenda fleytir þeim langt. En til að skólinn geti boðið nemendum sínum upp á góða menntun þarf aðstaða og tæki að vera í takt við tímann.

Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík var stofnað til þess að koma á, efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra, sem bera hag skólans fyrir brjósti. Jafnframt vill félagið styðja við uppbygginguna skólans og efla skóla- og félagsstarf MR með því að afla fjár til stuðnings skólastarfi MR.

Hollvinafélagið efnir nú til söfnunar meðal allra núlifandi stúdenta frá MR og hefur sent kröfu í heimabanka þeirra. Fjárhæðin er 2.900 krónur á hvern um sig en þátttaka í söfnuninni er algerlega frjáls og engum skylt að borga. Peningum sem safnað verður mun verða varið til kaupa á tækjum sem nýta má við kennslu, en nefna má að tölvukostur skólans er kominn til ára sinna.

**➜ Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík var stofnað til þess að koma á, efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra, sem bera hag skólans fyrir brjósti. Jafnframt vill félagið styðja við uppbygginguna skólans og efla skóla- og félagsstarf MR með því að afla fjár til stuðnings skólastarfi MR.**

MR hefur á liðnum árum oft notið gjafmildi fyrrum nemenda sem hafa stutt skólann til þess að efla skólastarfið. Stjórn Hollvinafélagsins biður alla stúdenta að bregðast vel við þessari beiðni og leggja þannig sitt af mörkum til þess að efla Menntaskólann í Reykjavík. Reikningurinn er 512-14-402158 og kt. 650214-0720. Margt smátt gerir eitt stórt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Að slátra kommum

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Nú, þegar fyrir liggur skv. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, að bankarnir, sem hrundu, höfðu lánað tíu alþingismönnum 100 mkr. eða meira hverjum og einum, er kannski tímabært að athuga, hvort þeir tíu þingmenn, sem tóku lánin, hafa gert upp skuldir sínar við bankana eða hvort þeir eru enn í eigu bankanna eftir hrunveizluna miklu á öldinni, sem leið, sællar minningar.

Er eitthvað athugavert við þessa málsgrein? – annað en lengdin. Já, kommusetningin. Hún fylgir Birni Guðfinnssyni (1905-1950), málfræðingi, höfundi þeirrar greinarmerkjasetningar, sem kennd var í skólum landsins um langt árabil, og hún fylgir honum eins og þessi málsgrein út í yztu æsar. Þó kunna að rísa áhöld um næstsíðustu kommuna: á öldinni, sem leið. Dyggir fylgjendur Björns myndu hafa hana á sínum stað. Aðrir myndu sleppa henni án þess, strangt tekið, að gera villu. Ýmsum fyndist málsgreinin þó e.t.v. auðlesnari svona:

Nú þegar fyrir liggur skv. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis að bankarnir sem hrundu höfðu lánað tíu alþingismönnum 100 mkr. eða meira hverjum og einum er kannski tímabært að athuga hvort þeir tíu þingmenn sem tóku lánin hafa gert upp skuldir sínar við bankana eða hvort þeir eru enn í eigu bankanna eftir hrunveizluna miklu á öldinni sem leið, sællar minningar.

Hér er því hægt að komast af með eina kommu í stað tíu. Síðasta komman þarf helzt að fá að halda sér þar eð án hennar væri það öldin sem leið sællar minningar, ekki veizlan. Hér hefði Björn Guðfinnsson sett kommur á undan þar eð og sem.

**Til hvers eru kommur?**

Málfræði Björns Guðfinnssonar er byggingarfræði. Hún kveður á um greinarmerki til að afmarka texta að þýzkri fyrirmynd án tillits til hljómfallsins í textanum. Gott dæmi er reglan um að setja ævinlega kommu á undan tilvísunarsetningum með því að skrifa t.d. „Akureyringum, sem eru ánægðir með sig, finnst Hof fallegra en Harpa“ frekar en „Akureyringum sem eru ánægðir með sig finnst Hof fallegra en Harpa“. Fyrra dæmið með kommunum segir lesandanum að Akureyringar séu almennt ánægðir með sig, en í síðara dæminu afmarkar tilvísunarsetningin hóp sjálfsánægðra Akureyringa. Vélræn kommuregla brenglar merkingu textans.

Þegar fylgið hrundi af Birni Guðfinnssyni árin eftir 1968 og menn hættu að ganga með bindi og byrjuðu að setja kommur eftir eyranu eins og tíðkast í ensku eftir settum reglum, þá virtust menn líta á kommurnar eins og lestrarmerki eða hraðahindranir. Menn tóku þá margir upp þann sið að setja kommur þar, sem þeir myndu taka sér öndunarhlé í upplestri, og reyndu jafnframt að hafa kommurnar sem fæstar. Þetta er engilsaxneska reglan sem flestir fylgja á okkar dögum. Reglan er sveigjanleg. Menn tala mishratt og anda misreglulega.

> Þegar fylgið hrundi af Birni Guðfinnssyni árin eftir 1968 og menn hættu að ganga með bindi og byrjuðu að setja kommur eftir eyranu eins og tíðkast í ensku eftir settum reglum, þá virtust menn líta á kommurnar eins og lestrarmerki eða hraðahindranir. Menn tóku þá margir upp þann sið að setja kommur þar, sem þeir myndu taka sér öndunarhlé í upplestri, og reyndu jafnframt að hafa kommurnar sem fæstar. Þetta er engilsaxneska reglan sem flestir fylgja á okkar dögum. Reglan er sveigjanleg.

Þessi enska öndunarregla um greinarmerki gengur þvert á þýzka hugsun þeirra sem fylgja Birni Guðfinnssyni sem hefði sett kommu á undan sem á báðum stöðum fyrr í þessari málsgrein. Björnsmenn nota kommur yfirleitt eins og umferðarmerki og ættu eftir því að haga máli sínu í samræmi við góðar greinarmerkjavenjur. Öll þekkjum við þetta úr umferðinni. Við högum akstri eftir umferðarmerkjum; til þess eru þau. Vel útfærð er umferðarreglan um kommur þessi: Ef texti eins og t.d. upphafsorðin í þessum pistli virðist ekki hitta í mark vegna óþjállar eða jafnvel þrúgandi kommusetningar, þá væri kannski ráð að slípa textann frekar en að slátra kommunum. Og þó, kannski ekki. Útgefendum Oxford English Dictionary tókst að minnka bókina um 80 síður með því einu að fækka kommunum.

**Raðkommur**

Einn munurinn á íslenzkri (og þá um leið þýzkri) og enskri kommusetningu er þessi: Á íslenzku (og þýzku) skrifum við a, b, c og d án þess að hafa kommu á eftir c. Þannig hafði Björn Guðfinnsson það, og þannig er það enn. Á ensku skrifa menn hins vegar ýmist kommu á eftir c eða sleppa henni. Þeir, sem skrifa kommuna á eftir c, tefla fram þeim rökum, að engin komma þar geti brenglað merkingu textans (Björn heimtar allar kommurnar þrjár að framan). Halldór Laxness skrifaði stundum a b c og d án nokkurra komma.

Ef við sjáum svohljóðandi málsgrein í blaði: „Hann stóð uppi á sviðinu með fv. eiginkonunum sínum tveim, Hróðmari Hróbjartssyni og Sigurbirni Schiöth“, þá gætum við haldið, að eiginkonurnar tvær heiti Hróðmar og Sigurbjörn. Komma á eftir Hróbjartssyni myndi leysa málið. Annað dæmi: „Hinum megin í salnum sást móta fyrir súludansmeyjum, biskupi Íslands og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.“ Komma á eftir biskupi Íslands myndi girða fyrir misskilning. Eitt dæmi enn: „Þetta kver er tileinkað foreldrum mínum, Brynjólfi Berndsen og Steingrími Grundtvig.“ Þarna þyrfti að vera komma á eftir Berndsen til að eyða öllum vafa.

Björn Guðfinnsson var rómaður nákvæmnismaður, en hann sá ekki við þessu.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á greinar@visir.is
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Samviskufrelsi sauðfjárbænda

SAMFÉLAG





Óskar Hafsteinn Óskarsson
Sigrún Óskarsdóttir
guðfræðingar

Við fögnum ályktun Kirkjuþings unga fólksins frá 9. maí sl. um samviskufrelsi presta. Frelsið heimilar prestum þjóðkirkjunnar að neita samkynja pörum um hjónavígslu á grundvelli eigin samvisku. Samviskufrelsi er gjarnan notað í orðasamböndum og hnýtt saman við hugsanafrelsi, trúarbragðafrelsi og persónufrelsi. Það hlýtur að teljast mikilvægt í frjálsu lýðræðisríki að þegnarnir búi við slíkt frelsi.

Persónufrelsi presta til þess að neita samkynja pörum um hjónavígslu er úr takti. Við erum að mismuna fólki með því að taka út einn málaflokk fyrir eina tiltekna stétt og nefna sérstaklega að þar skuli samviskufrelsi virt.

Til þess að setja hlutina í samhengi höfum við leikið okkur að því að máta þessa hugmynd við þau störf sem við stundum nú, annað okkar samhliða prestsskap og hitt á nýjum vettvangi eftir að hafa hætt prestsþjónustu. Sauðfjárbóndinn er eins og gefur að skilja afskaplega upptekinn af sauðburði þessar vikurnar. Væri eðlilegt að taka fram að hann hefði sérstakt samviskufrelsi þegar kæmi að umgengni við hvítu lömbin umfram þau mislitu?

> ➜ Persónufrelsi presta til þess að neita samkynja pörum um hjónavígslu er úr takti.

Getur verslunareigandinn þurft á sérstöku samviskufrelsi að halda þegar kæmi að þjónustu viðskiptavina sem ekki hefðu gleraugu?

Með ósk um gleðilegt sumar.

Landsvirkjun
50 | Samtal á afmælisári




Landsvirkjun býður til opins fundar um hnattræna loftslagsbreytingar og hvernig fyrirtæki geta unnið gegn áhrifum þeirra.

**Föstudagur 22. maí kl. 8.30–10.45**
**Silfurberg í Hörpu**



**Áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum**
Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

**Hvernig vinnur Landsvirkjun gegn loftslagsbreytingum?**
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

**Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Ísland**
Halldór Björnsson, veður- og haffræðingur hjá Veðurstofu Íslands

**Ábyrgð, samstaða og samstarf um lausn vandans**
Halldór Þorgeirsson, forstöðum. stefnumörkunar hjá skrifstofu Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar



**Pallborðsumræður**
Þátttakendur eru Halldór Björnsson, Halldór Þorgeirsson, Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Fundarstjóri er Magnús Halldórsson, blaðamaður á Kjarnanum.

**Skráning á fundinn og bein útsending á landsvirkjun.is**

**Allir velkomnir!**

*Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.*

# Aldraðir hlunnfarnir

KJÖR ALDRAÐRA



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík

Í síðustu grein minni ræddi ég um lífeyri aldraðra frá almannatryggingum annars staðar á Norðurlöndunum og í öðrum nágrannaríkjum okkar. Í ljós kom, að grunnlífeyrir aldraðra er margfalt hærri í þessum löndum en hér. Og heildarlífeyrir aldraðra er einnig miklu hærri í þessum löndum en hérna. Það er því ljóst, að eldri borgarar og raunar einnig öryrkjar, hafa verið hlunnfarnir hér. Kjörum aldraðra hefur verið haldið niðri. Þegar þessar staðreyndir blasa við, er því undarlegra, að stjórnarflokkarnir skuli ekki standa við kosningaloforðin, sem lífeyrisþegum voru gefin fyrir síðustu kosningar. En í stað þess að standa við loforðin er sannleikanum hagrætt og því haldið fram, að búið sé að uppfylla loforðin! Því fer fjarri. Það er enn verið að hlunnfara eldri borgara og öryrkja.

### LEB gagnrýndi ríkisstjórnina

Á nýafstöðnum landsfundi Landssambands eldri borgara (LEB) kom fram hörð gagnrýni á ríkisstjórnina vegna svika stjórnarflokkanna við eldri borgara og öryrkja. Þessi gagnrýni kom bæði fram í ályktun fundarins um kjaramál og í ræðum þingfulltrúa. Fram kom, að ríkisstjórnin hefur aðeins uppfyllt lítinn hluta þeirra kosningaloforða, sem stjórnarflokkarnir gáfu lífeyrisþegum 2013. Enn er eftir að uppfylla stærsta loforðið, þ.e. að leiðrétta kjaragliðnun (kjaraskerðingu) krepputímans. Sú leiðrétting þýðir, að það þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um a.m.k. 20%. Ríkisstjórnin minnist aldrei á þetta loforð. Hún vill helst gleyma því. Sama er að segja um loforðið um að afturkalla skerðinguna á frítekjumarki fjármagnstekna. Enda þótt það sé í stjórnarsáttmálanum, að þessa leiðréttingu eigi að framkvæma, er ekkert gert í því. Þannig mætti áfram telja.

Alls skuldar ríkisstjórnin öldruðum og öryrkjum í kringum 30 milljarða ætli hún að efna kosningaloforðin við lífeyrisþega að fullu.

### Stórhækka verður lífeyri aldraðra

Stóra málið er þó að hækka verður lífeyri aldraðra og öryrkja það mikið, að hann verði sambærilegur við slíkan lífeyri í grannlöndum okkar. Eðlilegast er að byrja á að hækka hann til samræmis við neyslukönnun Hagstofunnar, þ.e. í rúmar 300 þúsund

**➜ En í stað þess að standa við loforðin er sannleikanum hagrætt og því haldið fram, að búið sé að uppfylla loforðin! Því fer fjarri.**

krónur á mánuði. Það er raunar í samræmi við kröfu verkafólks um lágmarkslaun og í samræmi við ályktun landsfundar LEB. Það er lágmark til að geta lifað sómasamlegu lífi af lífeyrinum. Eldri borgarar treysta á það, að verkalýðshreyfingin knýi það fram í yfirstandandi kjaradeilu, að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækki jafnmikið og lægstu laun munu hækka.

# Er ríkið að skerða samningsfrelsi stéttarfélaga?

KJARAMÁL



**María Rúnarsdóttir**
Félagsráðgjafafélagi Íslands
**Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir**
Sálfræðingafélagi Íslands
**Laufey E. Gissurardóttir**
Þroskaþjálfafélagi Íslands

Í ljósi stöðu kjarasamningaviðræðna BHM við ríkið er full ástæða til að skoða aðstöðu stéttarfélaga innan BHM með tilliti til þess hvort ríkið sé að skerða svigrúm þeirra til að gæta hagsmuna félagsmanna sinna og fá viðræður um kaup þeirra og kjör. Þegar litið er til baka á vinnubrögð ríkisins eftir margra mánaða „samningaviðræður“ ef svo má kalla, er ljóst að engin alvara hefur verið á bak við þær. Það er deginum ljósara að fyrirmæli viðsemjenda okkar eru að draga samningaviðræður á langinn með öllum tiltækum ráðum, þrátt fyrir yfirstandandi verkfallsaðgerðir sem bitna með alvarlegum hætti á fyrirtækjum og almenningi.

### Samningsréttur að engu hafður

En hver ætli ástæðan sé fyrir því að verið sé að draga samningaviðræður á langinn? Svo virðist sem það snúist um það eitt að fjármála- og efnahagsráðherra vill ekki að ríkið sé leiðandi á vinnumarkaði. Hann bíður þögull eftir að samið verði á almennum vinnumarkaði.

Nákvæmlega sama staða er því uppi nú og í samningaviðræðunum árið 2014 þegar ákveðið var að gera vopnahlé og skrifað var upp á 2,8% launahækkun. Eina sem er frábrugðið í dag er að BHM var þá á eftir almennum vinnumarkaði að samningaborðinu og komst hvorki lönd né strönd með þá launaprósentu sem samið hafði verið um á almennum vinnumarkaði. Þannig virðist engu skipta hvort félögin semja á undan eða eftir almennum vinnumarkaði, fyrir sína félagsmenn hjá ríki, ekki skal hvikað frá neinu sem samið er um þar af hálfu ríkisins.

Samkvæmt þessu er samningsréttur launamanna sem varinn er í 74. gr. stjórnarskrárinnar, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994 og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem Ísland er bundið af, að engu hafður.

### Hysji upp um sig buxurnar

Ríkið státar sig af því á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að vera stærsti þekkingarvinnustaður landsins sem bjóði upp á mjög fjölbreytt og krefjandi störf, enda sé starfsemi þess margvísleg að eðli og umfangi.

Kröfur BHM hafa m.a. gengið út á það að meta menntun til launa svo að ríkið geti ráðið til sín og haldið í hæft starfsfólk. Ríkið verður að hysja upp um sig buxurnar og viðurkenna rétt starfsmanna sinna til að gera samninga út frá sínum forsendum en ekki forsendum sem ráðast af samningum á almennum vinnumarkaði.

Ef ríkið gerir það ekki stefnir í óefni, ríkisstarfsmönnum er gjörsamlega misboðið. Í dag eru um 700 starfsmenn ríkisins í verkfalli. Áhrifin eru margvísleg og alvarleg. Heill spítali hefur lýst yfir neyðarástandi og hafa bændur haldið því fram að um gríðarlegt fjárhagslegt tap sé að ræða svo dæmi séu tekin. Hvernig myndi íslenskt þjóðfélag virka ef allar stéttir innan BHM ákvæðu að fara í aðgerðir, hvað þá ef einstakir starfsmenn myndu taka þá sjálfstæðu ákvörðun að segja störfum sínum lausum vegna framkomu ríkisins og launastefnu? Verður ríkið stærsti þekkingarvinnustaður á landinu með þessu áframhaldi?

**➜ Þannig virðist engu skipta hvort félögin semja á undan eða eftir almennum vinnumarkaði, fyrir sína félagsmenn hjá ríki, ekki skal hvikað frá neinu sem samið er um þar af hálfu ríkisins.**





**Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr máltæknisjóði.**

Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni á sviði máltækni í því skyni að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi.
Árið 2015 njóta verkefni á sviði talgreiningar forgangs.

Umsóknarfrestur er til 18. júní, kl. 16:00.
Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á **www.rannis.is**
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

**Nánari upplýsingar veitir**
Sigurður Óli Sigurðsson, sími 515 5850,
sigurdur.sigurdsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





# Réttar upplýsingar og réttindi barna

SAMFÉLAG



**Páll Valur Björnsson**
þingmaður Bjartrar framtíðar

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fylgist með því hvernig aðildarríki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum. Árið 2011 gerði nefndin alvarlegar athugasemdir við hversu langir biðlistar og biðtími er á Íslandi eftir greiningum fyrir börn með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) og skyldar raskanir.

Ég hef að undanförnu fengið margar ábendingar frá foreldrum barna og frá fagfólki um að enn séu þessir biðlistar allt of langir og biðtími eftir greiningum mjög langur. Ég beindi því fyrirspurn til heilbrigðsráðherra um hvernig staða þessara mála væri nú og hvað íslensk stjórnvöld hefðu gert til að auka afkastagetu meðferðar- og greiningarstöðva eins og Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur eindregið hvatt íslensk stjórnvöld til.

Í svari ráðherra kemur m.a. fram að nú eru 310 börn á biðlista hjá Þroska- og hegðunarmiðstöðinni eftir nánari greiningu á ADHD og skyldum röskunum sem eru t.d. kvíði, tilfinningavandi, hegðunarvandi og einhverfurófseinkenni og að af þeim 310 börnum sem bíða greiningar eru 65 á forgangslista og 245 á almennum biðlista. Einnig kemur fram í svarinu að biðtími svonefndra forgangsbarna er 5-8 mánuðir og bið barna á almennum biðlista er 11-12 mánuðir.

Ég ætla ekki að rekja svör ráðherra við fyrirspurn minni nánar hér en bendi á að þau má lesa á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/144/s/1287.html

Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með hversu lítið hefur verið gert til að auka afkastagetu meðferðar- og greiningarstöðva til að vinna á þessum löngu biðlistum og draga úr biðtímanum þó að greiningarnar séu mjög mikilvægar til að veita megi hlutaðeigandi börnum viðeigandi stuðning, ekki síst í námi og þrátt fyrir fyrrnefndar athugasemdir Barnaréttarnefndarinnar.

### Villandi svar

Ég verð einnig að lýsa furðu minni á að svar ráðherra við fyrirspurninni er villandi. Þar eru nefnilega tilteknar sérstaklega greiningar sem ADHD-teymi Landspítalans sinnir. Þjónusta sem ADHD-teymið veitir er afar mikilvæg og vil ég eindregið hvetja ráðherra til að styrkja það teymi með öllum titækum ráðum, enda er líka allt of löng bið eftir greiningum og viðeigandi ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. En ADHD-teymi Landspítalans sinnir þó eingöngu fullorðnum einstaklingum og hefur það því engin áhrif á þjónustu við börn. Fyrirspurn mín til ráðherra varðaði hins vegar mjög skýrlega þjónustu við börn með ADHD og skyldar raskanir og það gera einnig aðfinnslur Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem ég vísaði sérstaklega til í fyrirspurn minni.

Það er alls ekki ætlun mín að gefa í skyn að misvísandi upplýsingar hafi vísvitandi verið gefnar í svari ráðherra við fyrirspurn minni. Slík ónákvæmni í upplýsingagjöf er þó alls ekki til þess fallin að greiða fyrir markvissri og árangursríkri umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku varðandi þessi afar miklu hagsmunamál mjög margra barna og aðstandenda þeirra.

En vegna þessarar ófullkomnu upplýsingagjafar í svari ráðherra varðandi stöðu mála og þjónustu við börn með ADHD og skyldar raskanir finnst mér vera óhjákvæmilegt að minna á að Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ekki aðeins gert athugasemdir við íslensk stjórnvöld varðandi langa biðlista og biðtíma eftir greiningum fyrir börn og ófullnægjandi afkastagetu greiningarstöðva. Nefndin hefur gert athugasemdir við ýmislegt fleira og m.a. það að söfnun og greining upplýsinga varðandi stöðu barna og skilyrði sem þau búa við hér á landi er á margan hátt ófullnægjandi.

Nefndin leggur áherslu á að til að meta megi stöðu íslenskra barna í því skyni að þau fái að njóta til fulls þeirra réttinda sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir þeim sé nauðsynlegt hér á landi að safna ítarlegri gögnum um skilyrði þeirra og greina gögnin eftir aldri, kyni, búsetu, þjóðerni og félagslegum og efnahagslegum bakgrunni.

Það er þess vegna og því miður ekki aðeins fullt tilefni til að hvetja íslensk stjórnvöld til að vinna miklu betur, hraðar og markvissar að því að stytta biðlista og biðtíma eftir greiningum fyrir börn sem eru með ADHD eða aðrar slíkar raskanir. Það er líka tilefni til að hvetja þau til að bæta söfnun og greiningu upplýsinga varðandi stöðu íslenskra barna til að við getum betur tryggt þeim þau lágmarksréttindi sem þau eiga að á að njóta samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

**➜ Slík ónákvæmni í upplýsingagjöf er þó alls ekki til þess fallin að greiða fyrir markvissri og árangursríkri umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku varðandi þessi afar miklu hagsmunamál mjög margra barna og aðstandenda þeirra.**

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

DEWALT®
– á heima hjá Sindra –

DCD790D2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**45.900** m/vsk.
Verð áður: 53.154



DCD790P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 5.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**65.900** m/vsk.
Verð áður: 73.016



DCD795P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 5.0 Ah
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,88 kg
LED-ljós

Tilboðsverð
**69.900** m/vsk.
Verð áður: 75.447



DW088
## 2 LÍNU LASER
Sá allra vinsælasti
Vinnur einnig með móttakara.
Þyngd: 0,46 Kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni: +/– 0,3 mm/m

Tilboðsverð
**34.900** m/vsk.
Verð áður: 46.156



PIPAR\TBWA • SÍA • 152347

DW717XPS
## GEIRUNGSSÖG M/SKUGGALÍNU
Afl: 1675 W
Blað: 250 mm
Geirungur hægri/vinstri: 50°/60°
Sn./mín.: 4000
Mesti halli: 48°/48°

Tilboðsverð
**145.900** m/vsk.
Verð áður: 157.280



DWE7491
## BORÐSÖG 2000 W
Afl: 2000 W
Sn/mín: 3800
Blaðst: 250 mm
Halli: –3/48°
Skurðardýpt: 77 mm

Tilboðsverð
**191.759** m/vsk.
Verð áður: 198.310



DWS520KR
## SLEÐASÖG 1300 W
Afl: 1300 W
Sn./mín.: 1750–4000
Blaðst.: 165 mm
Skurðardýpt: 59 mm
1,5 m sleði fylgir

Tilboðsverð
**93.570** m/vsk.
Verð áður: 100.469



DCS355D2
## 18V FJÖLNOTASÖG OG JUÐARI
Afl: 300 W
Rafhlaða: 2,0 Ah
Þyngd: 1,5 kg
OPM: 0-20.000
Lengd: 310 mm

Tilboðsverð
**65.900** m/vsk.
Verð áður: 75.981






**NÝ VERSLUN**
Skútuvogi 1, Reykjavík

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

# Að umbreyta leti í velsæld

KJARAMÁL



**Bjarni Þorsteinsson**
stundar framleiðni í bókaútgáfu

Árið 2012 kom út skýrsla á vegum McKinsey & Company um íslenska hagkerfið þar sem fram kemur að framleiðni vinnuafls hér á landi sé 20% lægri en í nágrannaríkjum. Þótt ótrúlegt megi virðast vöktu þessar niðurstöður takmarkaða athygli á sínum tíma; kannski þótti fólki þetta óþægilegar tölur, þarna var Ísland ekki meðal fremstu þjóða í því sem Íslendingar af einhverjum ástæðum tengja öðru fremur við sjálfsmynd sína: vinnusemi.

Á síðustu vikum og mánuðum hafa þessar framleiðnitölur þó óvænt skotið upp kollinum á ný og öðlast framhaldslíf; þær hafa verið dregnar inn í umræðuna um kjaramál, einkum af fulltrúum hinna svokölluðu Samtaka atvinnulífsins og hollvinum þeirra. Ýjað hefur verið að því og það jafnvel sagt beinum orðum að íslenskt vinnuafl sé aflminna en í nágrannalöndum, að íslenskt launafólk sé hreinlega latara. Það hefur verið látið liggja í loftinu að þessi meinta leti sé ástæðan fyrir því að flestallir íslenskir launamenn þurfi að gera sér að góðu mun lélegri laun en kollegar þeirra í nágrannalöndunum. Við verðskuldum ekki meira.

Það kann að vera að Íslendingar séu latir. Það getur líka vel verið að Norðmenn, Danir og Svíar séu latir. Kannski eru allir í grunninn latir ef út í það er farið. Íslenskir launamenn eru að jafnaði með jafnmarga útlimi og erlendir, líkamlegir burðir svipaðir og ekkert bendir til að við séum vitsmunalega verr útbúin en fólk í öðrum löndum. Það er m.ö.o. ekkert að íslensku vinnuafli, það er ekki skert á neinn hátt.

Tölurnar tala hins vegar sínu máli, við afköstum minna, framleiðum minna á hverjum degi. Það hlýtur þá að vera þannig að við vinnum vitlaust, eyðum tíma í óþarfa, gerum einfalda hluti flókna. Verkferlar flæktir, vinnuumhverfi óhentugt, kerfin gölluð, verklag ekki í lagi. Við erum í 20% rugli í vinnunni.

**➔ Íslenskir launamenn eru að jafnaði með jafnmarga útlimi og erlendir, líkamlegir burðir svipaðir og ekkert bendir til að við séum vitsmunalega verr útbúin...**

### Lykillinn að velsældinni

Í sjálfu sér er þetta á vissan hátt gleðilegt því allt þetta er hægt að laga. Og ávinningurinn af því er ekkert smáræði, skjárinn á reiknivélinni minni nær ekki að rúma þá upphæð sem 20% framleiðniaukning færir þjóðarbúinu. Þetta er eiginlega ónotuð auðlind sem þarf bara að koma upp í nýtingarflokk. Ég er nokkuð viss um að íslenska vinnuaflið er til í að efla sig ef allur þessi ávinningur blasir við. En það er því miður ekki í höndum þeirra að framkvæma þá umbreytingu.

Þeir sem skipuleggja, stjórna og taka ákvarðanir eru þeir sem hafa verkfærin sem þarf í þessa leiðréttingu. Þessi hópur kallast í daglegu máli stjórnendur og millistjórnendur. Þeir halda á lyklinum að velsældinni. Þetta vekur upp ýmsar óþægilegar spurningar. Hvernig stendur á því að íslenskum stjórnendum hefur ekki tekist að vinna vinnu sína eins vel og kollegum þeirra í nágrannalöndunum? Og hvernig í ósköpunum stendur á því að þrátt fyrir þessa slöku frammistöðu hafa íslenskir stjórnendur og millistjórnendur fengið mestu kjarabæturnar á undanförnum misserum, margfalt meiri en almennir launamenn?

Nú þurfa íslenskir stjórnendur að sýna hvað í þeim býr, það er ekkert sem bendir til þess að þeir séu frá náttúrunnar hendi eitthvað verr úr garði gerðir en íslenskur almenningur. Brettið upp ermarnar á Boss-skyrtunum, sýnið að þið kunnið að nota verkfærin ykkar svo við getum skapað okkur betri kjör og aukna velsæld.

# Opið bréf til Vigdísar Hauksdóttur

KJARAMÁL



**Sigrún Óskarsdóttir**
hjúkrunarfræðingur

*Frú Vigdís Hauksdóttir.*

Ég byrja á því að þakka þér fyrir stuðninginn sem þú sýndir okkur hjúkrunarfræðingum árið 2012 og 2013 þegar við stóðum í uppsögnum vegna deilna um stofnanasamning við ríkið. Þá sýndir þú fullan skilning á því ástandi sem blasti við þá.

Þann 23. nóvember 2012 fluttir þú ræðu á Alþingi þar sem þú gerðir málefni hjúkrunarfræðinga að umtalsefni og lýstir yfir áhyggjum af stöðu mála. Þá sagðir þú orðrétt:

„Hér á landi starfa 2.800 hjúkrunarfræðingar en fram til ársins 2020 munu 950 hjúkrunarfræðingar fara á lífeyri en einungis 900 koma til starfa. Það leiðir hugann að því að sá fjöldi hjúkrunarfræðinga sem nú er starfandi á vegum íslenska ríkisins og hér á landi er nákvæmlega heildarþörfin hjá Norðmönnum. Þá vantar nú tæplega 3.000 hjúkrunarfræðinga til starfa og árið 2035 verður hjúkrunarfræðingaþörf Norðmanna 28.000, sem eru tíu sinnum fleiri hjúkrunarfræðingar en starfa hér á landi. Það eru alvarleg tíðindi, frú forseti, sérstaklega í ljósi þess að Norðmenn sækja mjög í íslenska hjúkrunarfræðinga. Við eigum frábært starfsfólk og það er ekki nema von að Norðmenn sæki hingað til hjúkrunarfræðinga okkar þegar þörfin úti er svo brýn.“ (http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20121123T105544.html)

Þetta voru orð í tíma töluð. Fækkun í röðum hjúkrunarfræðinga starfandi á vegum ríkisins er raunverulegt vandamál, ekki síður nú en þá og ógnar enn íslensku heilbrigðiskerfi.

Þú undirstrikar skilning þinn og áhuga á málefnum hjúkrunarfræðinga þann 24. janúar 2013 en þar segir þú orðrétt á Alþingi:

„Komið hefur fram í deilum hjúkrunarfræðinga við ríkið að t.d. sambærileg menntun og hjúkrunarfræðingar eru með er metin 20% meira í Stjórnarráðinu sjálfu. Það eru mjög alvarleg tíðindi að starfsmenn Stjórnarráðsins sem hafa sambærilega menntun og hjúkrunarfræðingar fái 20% meira fyrir sambærileg störf. Ég lít það mjög alvarlegum augum því að hver stjórnar Stjórnarráðinu? Það er ríkisstjórnin sjálf.“ (http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20130124T112359.html)

Ég er ánægð með að nú ert þú í ríkisstjórn sjálf.

### Stéttbundið launamisrétti

Þann 27. maí hafa 2.100 hjúkrunarfræðingar, sem starfa samkvæmt kjarasamningi FÍH við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, boðað til allsherjarverkfalls. Ástæðuna má m.a. rekja til þess stéttbundna launamisréttis sem ríkir hjá íslenska ríkinu og þú réttilega bendir á í ofangreindri ræðu.

Það blæs mér von í brjóst að þú sem meðlimur ríkisstjórnarinnar og formaður fjárlaganefndar skulir styðja svona vel við bak okkar hjúkrunarfræðinga. Nú hefur þú tækifæri til að sýna stuðning þinn í verki.

**➔ Það eru alvarleg tíðindi, frú forseti, sérstaklega í ljósi þess að Norðmenn sækja mjög í íslenska hjúkrunarfræðinga.**

Mig langar að enda þetta bréf á orðum flokksbróður þíns og forsætisráðherra Íslands, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem komst einmitt vel að orði í sömu umræðu á Alþingi og er einmitt mergur málsins er varðar kyn- og stéttbundið launamisrétti hjá ríkinu, sem löngu er orðið tímabært að uppræta. Þar sagði hann orðrétt:

„Stór ástæða fyrir því að kjör kvenna eru að jafnaði lakari en kjör karla er að í mjög stórum stéttum þar sem konur eru í miklum meiri hluta hefur ríkisvaldið leyft sér að greiða miklu lægri laun en tilefni er til, og því miður komist upp með það. Nú komast menn líklega ekki upp með það lengur, til að mynda hvað varðar heilbrigðisstarfsmenn, vegna þess að við horfum upp á það að heilbrigðisstarfsmenn, að langmestu leyti konur, streyma einfaldlega til annarra landa, ekki síst Noregs, til að ná sér í betri kjör. Það má kannski segja að sem betur fer komast menn ekki lengur upp með að greiða óeðlilega lág laun fyrir þessi undirstöðustörf.“ (http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20130124T111258.html)

Saman stöndum við vörð um íslenskt heilbrigðiskerfi.

# Meðferð sjúkraskýrslna

HEILBRIGÐISMÁL

**Styrmir Gunnarsson**
**Sveinbjörn Claessen**
**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**
lögmenn

Athyglisverða grein eftir Teit Guðmundsson lækni er að finna í Fréttablaðinu 19. þ.m. Teitur gagnrýnir réttilega þann ósið sem orðið hefur til við meðferð skaðabótamála vegna líkamstjóns að óska eftir útprentun frá heilsugæslu úr sjúkraskrá fólks í stað læknisvottorðs um fyrra heilsufar.

Ástæðunnar fyrir þessu er að leita hjá íslensku vátryggingarfélögunum sem krefjast þess að sjúkraskýrslur séu lagðar fram í heild sinni áður en mat á örorku slasaðs fólks fer fram. Að öðrum kosti neita félögin að standa að örorkumati og greiða fyrir það, eins og þeim ber þó skylda til.

Því miður er þetta aðeins eitt dæmi af mörgum hvernig félögin beita afli sínu og bótasjóðunum sem þau varðveita gegn viðskiptavinum sínum.




HNJÁHLÍFAR



HÁSINA- OG ÖKKLAHLÍFAR



OLNBOGAHLÍFAR

Íþróttastuðningshlífar

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í ýmsum apótekum.

FASTUS_H_28.04.15

SPORLASTIC

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is


# Þjóðareign eða ekki.is

AUÐLINDIR



**Lýður Árnason**
læknir og Vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Eitt mesta þrætuepli þessarar þjóðar er sjávarútvegsmál. Ráðamenn og forsvarsmenn útgerðarinnar segja önnur lönd líta hingað öfundaraugum og vísa í kvótakerfið. Þjóðin lýsir öndverðri skoðun, margsinnis í skoðanakönnunum og þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá 2012. Ein meginkrafan er auðlindaákvæði í stjórnarskrá sem tryggir þjóðinni yfirráð yfir auðlindum sínum og nýtingu þeirra. Það er umhugsunarvert hvers vegna fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi skuli forgangsraða umdeildum lagafrumvörpum um auðlindamál fram yfir leiðbeinandi ákvæði í stjórnarskrá. Veður þjóðin í villu eða láta rök útgerðarinnar svona vel í eyrum?

Kvótakerfið með sértækri úthlutun á veiðirétti hefur ríkt í aldarfjórðung. Reynslan kætir útgerðina, ekki þjóðina. Gjáin á milli ólíkra sjónarmiða kristallaðist á síðasta kjörtímabili í svonefndri fyrningarleið sem þáverandi stjórnarflokkar boðuðu. Hún átti að taka af útgerðunum veiðiréttinn með 20 ára aðlögunartíma og bjóða hann upp á almennum markaði. Frá þessu var snúið og kynnt sú leið að tryggja útgerðinni einokun á veiðirétti til a.m.k. 20 ára. Fékk viðsnúningurinn nafnið „Sáttaleið“. Hvað honum olli er ráðgáta en sú spurning vaknar hvort fulltrúalýðræðið sé yfirhöfuð nógu öflugt til að sporna gegn ofríki og spillingu.

Forsvarsmenn fyrirtækja reyna að hámarka arð hluthafanna. Sama gildir um þjóðarauðlindir, arð þeirra þarf að hámarka fyrir eigandann og það er best gert með því að láta þá sem hyggjast nýta auðlindirnar ákveða sjálfa verð aðgöngumiðans á almennum markaði. Þjóðarbúið þarf jú á öllu sínu að halda og einkaframtakið er þeim galdri gætt að finna sér alltaf leið enda mun fiskurinn verða hér áfram þótt ákvæði um auðlindir verði sett í stjórnarskrá.

Að lokum þetta: Festi Alþingi í sessi einokun á veiðirétti mun það hvorki skapa fyrirsjáanleika né eyða óvissu í sjávarútvegi. Henni verður ekki eytt nema með meirihlutaákvörðun þjóðarinnar. Sú ein getur verið markandi til framtíðar. Þess vegna hvet ég fólk til að skrifa undir áskorun þessa efnis á þjóðareign.is.

# Við erum sterkir í hljómtækjum og sjónvörpum




Verð frá: 18.300,-

Pioneer

Gott úrval af Pioneer bíltækjum sem búin eru öllum þeim nýjungum sem þú ert að leita að svo sem bluetooth og USB.

Pioneer



Pioneer S-DJX Monitor eru hátalarar sem ætti að banna í íbúðarhverfum.

Verð frá: 63.800,- parið

Pioneer



Heimabíómagnarar. Kraftmiklir og ómótstæðilegir. Verð frá: 71.900,-



Skullcandy

HESH2 heyrnartólin eru þráðlaus með bluetooth.

Verð frá: 12.900,-

SAMSUNG



Samsung sjónvörpin eru umtöluð fyrir myndgæði sem ekki hafa sést áður.

Gott úrval af beinum eða bognum tækjum.

Samsung JU6675 / 48" Verð: 239.900,-



Pioneer

MX7 og MX9 heyrnartólin eru eingöngu fyrir þá sem hlusta á góða tónlist. Verð frá: 23.900,-

SAMSUNG

Gerðu heimilið að hljómahöll. Samsung WAM hátalarar fyrir Bluetooth og þráðlaust net



Verð frá: 29.900,-



Fiio E11K heyrnartólamagnari fyrir kröfuharða.

Verð frá: 11.900,-

SAMSUNG

Samsung HW-H7500 Soundbar er boginn og passar því fullkomlega við bognu Samsung sjónvörpin.



Verð: 149.900,-

Jamo



Bassabox fær fólk til þess að skjálfa.

Verð frá: 59.600,-

SANGEAN

Góð útvörp fyrir heimilin og vinnustaðina.



Verð frá: 18.300,-



Jamo

JAMO C97 eru einfaldlega með því allra besta þegar kemur að alvöru hátölurum.

Verð: 143.800,-



music hall

Verð frá: 55.900,-

Music Hall framleiða vandaða plötuspilara. Vínyllinn er kominn til að vera og útgáfa á vinyl blómstrar.



Verð: 39.900,-

Pioneer

Öflugar mini-græjur sem henta bæði fyrir herbergi eða stofuna. CD og USB. Til í rauðu, svörtu og hvítu.

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

# Opið bréf til stjórnar HB Granda

IÐNAÐUR
**Valey Benediktsdóttir, Anna Guðrún Ahlbrecht, Guðrún Bragadóttir, Gerður Jóhannsdóttir, Þura Hreinsdóttir, Árný Örnólfsdóttir, Ellen Óttarsdóttir, Ingibjörg Finnbogadóttir, Katla María Ketilsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Ragna Kristinsdóttir**

*Kæru stjórnendur HB Granda.*
Þessar línur eru sendar fyrir hönd hóps kvenna á Akranesi, sem kvíða því mjög að á næstu dögum verði tekin óafturkræf ákvörðun vegna beiðni ykkar um að reisa á Akranesi eina allra stærstu, jafnvel stærstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum.

Við fögnum því að HB Grandi hyggst fara í mikilvæga uppbyggingu á hafnarsvæðinu. Það er gleðiefni, nema að einu undanskildu: Í pakkanum er ætlunin að reisa þurrkunaraðstöðu í um 4.500 fermetra húsnæði fyrir fiskhausa og jafnvel þurrkun á loðnu og er það nokkuð sem sannarlega á ekki að vera nálægt íbúðabyggð. Að minnsta kosti dettur engum lengur í hug að bjóða Reykvíkingum, Seltirningum eða íbúum Mosfellsbæjar upp á slíkar trakteringar. Þar myndi þetta, árið 2015, aldrei verða leyft. Eða hvað haldið þið?

Fjárfesting ykkar vegna uppbyggingar hausaþurrkunarinnar er upp á mörg hundruð milljónir króna. Væri ekki skynsamlegra að þeim fjármunum yrði varið á þeim stað sem sátt ríkir um starfsemina, nóg er landrýmið?

Akurnesingar hafa hörmulega reynslu af Laugafiski hf. sem hefur verið hér síðan 2003 en í ykkar eigu sl. tæp tvö ár. Starfsleyfið rennur út í febrúar á næsta ári og var það von okkar að verksmiðjan yrði flutt fjær íbúðabyggð. Í stað þessa á nú að stækka og auka framleiðsluna, og þar með meira en þrefalda hana, úr 170 tonnum í 600 tonn á viku. „Fyrr má nú rota en dauðrota.“

Næstu íbúðarhús eru innan við tvö hundruð metra frá verksmiðjunni. Í skýrslu sem bæjaryfirvöld fengu VSÓ Ráðgjöf til að vinna varðandi starfsemina, kemur auðvitað í ljós að verksmiðja af þessu tagi verður aldrei lyktarlaus, þótt allri núverandi tæknikunnáttu verði beitt. Skýrsluhöfundar eru greinilega ekki tilbúnir að segja í skýrslunni hvað lyktin verður mikil, því þá þarf að standa við þau orð.

**➜ Unga fólkið í dag vill ekki búa við þessi skilyrði; þetta er algjör tímaskekkja að okkar mati.**

**Þefurinn á nýjar lendur**
Það sem verra er, að samkvæmt veðurfarsspám, svokölluðum vindrósum sem skilmerkilega eru tíundaðar í skýrslunni, sést að þefurinn mun færa sig á nýjar lendur og er þá kirkjan okkar, sjúkrahúsið og nýja torgið, að ógleymdum Jaðarsbökkum útsett fyrir lyktinni á góðviðrisdögum í hægum sunnanáttum.

Þurfum við í alvörunni að sætta okkur við það að húseignir í ákveðnum bæjarhluta séu verðfelldar áfram, þótt ekki sé rætt um þá andlegu vansæld sem þessari skítalykt fylgir? Unga fólkið í dag vill ekki búa við þessi skilyrði; þetta er algjör tímaskekkja að okkar mati.

Stjórnendur HB Granda! Við skorum á ykkur að finna aðra staðsetningu fyrir hausaþurrkun ykkar, í samráði við bæjaryfirvöld og í sátt og samlyndi við alla bæjarbúa, þar sem framleiðslan hvorki skaðar né angrar íbúa Akraness. Við trúum því og treystum að hentugri staður finnist fyrir þurrkunina sem getur verið hvar sem er í hæfilegri fjarlægð frá íbúðabyggð, ef að er gáð, og við erum tilbúin í þá vinnu með ykkur. Í okkar hópi er bráðsnjallt fólk sem er vant að finna lausnir í erfiðum málum. Verum víðsýn og reynum að læra af reynslunni.

Með metnaðarfullum óskum um að fyrirtækið stækki og blómstri á Akranesi.

# Um verkfall heilbrigðisstétta

KJARAMÁL



**Sigríður Kristinsdóttir**
fv. formaður Sjúkraliðafélags Íslands og Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Það vekur mikla undrun að landlæknir skuli taka afgerandi afstöðu í kjaradeilu heilbrigðisstétta með ummælum um geislafræðinga. Hann á að gæta hagsmuna almennings, og þar eru sjúklingar meðtaldir, en undanfarna daga virðist hann hafa verið talsmaður ríkisstjórnarinnar. Hann á að vera maður sátta en ekki deilna. Það sem ég hef kynnst landlæknum hingað til hef ég ekki heyrt þá tala með svona hætti um verkföll eða útgöngu heilbrigðisstétta, sem leitast við að fá kjör sín bætt, og hef þó reynslu af því að vera meðal þeirra sjúkraliða sem gengið hafa út vegna óánægju með kaup og kjör, eða hafa farið í verkfall. Þó vil ég segja nýjum landlækni til hróss að hann hefur verið beinskeyttur í gagnrýni á niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni.

Sú umræða sem hefur skapast í þjóðfélaginu, að það eigi að skammta fólki laun í gegnum kjaradóm, er umræða um að svipta fólk verkfallsrétti en það var eitt af þeim málum sem forsvarsmenn opinberra starfsmanna börðust lengi fyrir að fá, en fengu ekki nema takmarkaðan fyrr en 1977.

Þeir eru margir sem þiggja þjónustu heilbrigðisstarfsfólks sem vinnur hratt og vel sín störf og af mikilli nákvæmni, því allt er þetta nákvæmnisvinna. Það hefði farið vel á því að við almenningur í landinu styddum baráttuna, efndum til mótmælastöðu og stuðningsaðgerða með greinaskrifum eða á annan hátt sem hverjum og einum væri best lagið. Það vita allir sem vilja vita að meirihluti starfsfólks á heilbrigðisstofnunum er konur og vona ég að sá hugsunarháttur sé ekki enn ríkjandi í þjóðfélaginu að konur eigi ekki að vinna að mannúðarstörfum án þess að fá greitt fyrir. Varla mun sú ráðstefna, sem á að fara fram í sumar þar sem aðgangseyrir er um 140.000 krónur fyrir einstakling, bæta mikið þar úr? Að minnsta kosti er ekki að búast við því að heilbrigðisstéttir geti keypt sig inn á þessa ráðstefnu þegar búið er að greiða fyrir þær nauðsynjar sem þarf í daglega lífinu. Og ekki held ég að utanríkisráðherrann segi mér neitt nýtt um baráttu kvenna, hvorki á vinnumarkaði né í þjóðfélaginu.

**Samhugur mikilvægur**
Það er mjög mikilvægt að heilbrigðisstéttirnar finni fyrir samhug núna á erfiðum tímum, eins og verkfall skapar.

Ég hef sjálf unnið á Landspítalanum sem sjúkraliði og þekki innviði hans ágætlega og veit að t.d. starfsaðstaða margra er gjörsamlega fyrir neðan allar hellur. T.d. þar sem blóðprufur eru teknar í kjallaranum á Landspítalanum eru gluggar upp við loft þannig að ekkert sést út. Dagsbirtan rétt nær að koma inn í herbergið þar sem fólk þarf að vinna allan daginn. Að ekki sé talað um skúrana á bak við spítalann sem eru ekki góðir vinnustaðir. Hef líka þurft að þiggja mikla þjónustu á ríkisspítölum undanfarin fimm ár og hef aldrei mætt öðru en velvild og vilja til að leysa úr mínum vandamálum, á hvaða deild sem er á sjúkrahúsinu, sem er mjög mikils virði fyrir þá sem þangað þurfa að leita. Er með ólæknandi sjúkdóm og mundi ekki geta verið heima og notið sæmilegra lífsgæða ef Landspítalans og hins góða starfsfólks nyti ekki við.

Starfsfólkið er búið að reyna að semja við fjárveitingarvaldið í langan tíma en án árangurs. Síðustu samningar voru bráðabirgðasamningar enda var ástandið í þjóðfélaginu þannig að ekki var von á miklum kjarabótum. En það var vitað að þegar ástandið batnaði í þjóðfélaginu kæmi upp sú eðlilega krafa að almenningur vildi fá sinn hluta af kökunni en ekki bara Sigmundur Davíð.

Ég vona að mál heilbrigðisstarfsmanna leysist sem fyrst og að landlæknir sjái að sér og tali varlegar í framtíðinni um heilbrigðisstéttirnar.

# Treystu mér!

STJÓRNMÁL



**Guðmundur Örn Jónsson**
verkfræðingur

Ísland, ásamt flestum vestrænum ríkjum, er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) sem hefur það að markmiði að auka hagsæld aðildarlanda sinna. OECD er þeirrar skoðunar að ójöfnuður minnki bæði traust á stjórnmálamönnum og hagsæld og var það umfjöllunarefni árbókar stofnunarinnar á síðasta ári. Ekkert minnki traust þó meira en spilling.

OECD bendir á að þegar traust á stjórnmálamönnum sé eins lítið og nú höfði stefnumál sem bera sýnilegan ávöxt hratt sterkast til kjósenda. Gott innlent dæmi um slíkt mál er „Leiðréttingin“. Á sama tíma hafi kjósendur minni áhuga á stefnumálum sem beri ávöxt að löngum tíma liðnum, en færa má rök fyrir að aðild að Evrópusambandinu sé slíkt mál.

Nýleg skoðanakönnun MMR sýnir að traust á íslenskum stjórnmálamönnum er mjög lítið. Í ljósi umræðunnar í samfélaginu, t.d. um lekamálið og loforðs núverandi ráðherra um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið sem ekki stendur til að efna, eru allar líkur á því að það traust aukist lítið á þeim tveimur árum sem eru til kosninga.

Raunsæir stjórnmálamenn taka mið af því umhverfi sem þeir starfa í. Til þess að ná árangri leggja þeir því áherslu á stefnumál sem bera sýnilegan ávöxt innan skamms tíma. Gott dæmi um slíkt stefnumál væri ráðstöfun auðlindaarðs beint til þjóðarinnar, líkt og gert er nú þegar í Alaska. Sérfræðingar áætla að með uppboði á kvóta og sæstreng til Evrópu gæti árlegur auðlindaarður numið á annað hundrað milljarða króna sem jafngildir nokkur hundruð þúsund krónum árlega á hvern lifandi Íslending. Ólíkt „Leiðréttingunni“ myndi sú aðgerð minnka ójöfnuð og stuðla að hagvexti.

Á nýliðnum landsfundi Samfylkingarinnar lagði undirritaður til framangreinda stefnu og var tekið sæmilega í málið. Betur má ef duga skal enda má efast um að flokkum sem láta bara nægja að biðja fólk um að treysta sér vegni vel í næstu kosningum.

# Á öldum umræðna um Dyflinnarregluna

FLÓTTAMENN



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Framkvæmdastjórn ESB lýsti í síðustu viku yfir vilja sínum um að breyta móttökukerfi flóttamanna innan ESB. Tillagan er sú að jafna álaginu á móttöku flóttamanna með því að dreifa ábyrgðinni á meðal aðildarríkjanna. Til þess var lagt til nokkurs konar kvótakerfi sem væri í samræmi við íbúafjölda, efnahagsstöðu og sitthvað fleira hverrar þjóðar.

Ef þessi tillaga verður samþykkt þá þýðir það talsverðar breytingar á núgildandi Dyflinnarreglu sem kveður á um að fyrsta móttökuríki flóttamanns skuli bera ábyrgð á máli viðkomandi. Þetta eru tíðindi.

Það er gert ráð fyrir að nokkur ríki verði á móti tillögunni og við verðum að fylgjast með þróun mála á næstunni. Ég vil hins vegar benda á þá staðreynd að slík tillaga um breytingar á Dyflinnarreglugerðinni hefur verið lögð fram af framkvæmdastjórn ESB. Það sýnir ákveðna viðurkenningu á göllum núverandi kerfis.

Gallinn er nefnilega ekki bara einn, heldur eru þeir fjölmargir. Einn af þeim er einmitt hið mikla ójafnvægi á milli landa og álag vegna móttöku flóttafólks. Samkvæmt upplýsingum Flóttamannastofnunar SÞ fékk Ítalía 63.700 umsóknir um hæli árið 2014 á Ítalíu en aldrei hefur jafn mikill fjöldi flóttamanna leitað til Ítalíu.

Svíum bárust 75.100 umsóknir og það er fjórði mesti fjöldinn á meðal þróaðra ríkja. Hlutfall flóttamanna miðað við íbúafjölda í Svíþjóð er 24,4 hverja þúsund íbúa sem er hæsta talan í heiminum.

**➜ Gallinn er nefnilega ekki bara einn, heldur eru þeir fjölmargir.**

Í þessu samhengi hugsa ég til fjögurra vina minna frá Nígeríu og Gana. Þeir eru allir „Dyflinnar-flóttamenn“ og eru búnir að eyða tveimur til þremur árum á Íslandi. Mál þeirra hafa samt ekki verið tekin til skoðunar hér vegna Dyflinnarreglugerðarinnar. Þrír af þeim komu hingað frá Ítalíu og sá fjórði kom frá Svíþjóð.

Er rétt ákvörðun að senda þá til baka til Ítalíu eða Svíþjóðar vegna Dyflinnarreglunnar einmitt þegar umræða um jöfnun álags og hugsanlegar breytingar á Dyflinnarkerfinu eru að eiga sér stað? Nei, slíkt er algjörlega á móti þeirri stefnu sem Evrópuríkin eru nú að leita eftir – sanngjarnari móttöku flóttamanna.

Ég vil því skora á stjórnvöld að stöðva allar brottvísanir flóttafólks á grundvelli Dyflinnarreglunnar á meðan þessi mál eru í skoðun í Evrópu og að mál þeirra flóttamanna, sem hingað eru komnir, verði tekin upp á Íslandi til efnislegrar meðferðar, ekki síst mál vina minna fjögurra.

# Þjóðarsátt II

FJÁRMÁL



**Sigurður Oddsson**
verkfræðingur

Ég dáist að reiknimeisturum Samtaka atvinnulífsins (SA), sem geta reiknað upp á 0,1%, hvenær allt fari til fjandans. Sem atvinnurekandi skammaðist ég mín fyrir boð SA upp á 3,5% hækkun launa. Sem launagreiðandi veit ég að gangi kröfur stéttarfélaganna eftir munu mörg fyrirtæki fara á hausinn geti þau ekki velt auknum kostnaði út í verðlagið. Það eykur verðbólguna, sem Seðlabankinn mun reyna að slökkva með því að skvetta stýrivaxtahækkun á verðbólgubálið. Árangurinn verður gengisfelling og kjararýrnun. Já, það er ekki öll vitleysan eins.

**Ættu að einbeita sér að þjóðarsátt**
Markmiðið hefur alltaf verið að jafna kjörin með meiri hækkun lægstu launa, en alltaf eykst misskiptingin. Seinast tókst að halda %-hækkun í hófi hjá þeim, sem fyrst var samið við. Hinir sem komu á eftir fengu að minnsta kosti sömu %-hækkun og laun hækkuðu þeim mun meir í krónum, sem þau voru hærri fyrir. Þannig fékk milljón króna maðurinn 40.000 kr. hækkun, þegar sá með 250.000 kr. fékk 10.000 kr. Það gerir 360.000 kr. mun á ári. Svo voru aðrir, sem fengu langtum meira. Dæmi um misskiptinguna eru arðgreiðslur og stjórnarlaun hjá HB Granda. Niðurfelling orkuskatts hjá þeim, sem fá raforku á undirverði. Gjafakvóti til útvaldra. Svo eru menn hissa á að Píratar bæti við sig fylgi. Hvernig getur SA eftir allt þetta, sem á undan er gengið, ætlast til að viðsemjendur sínir kynni umbjóðendum sínum 3,5-4% launahækkun og hvernig geta stéttarfélögin ætlast til að SA samþykki 30-50% hækkun launa? Í stað þess að karpa endalaust á þessum nótum væri aðilum vinnumarkaðarins nær að einbeita sér að þjóðarsátt um:

1) Hækkun persónuafsláttar á lægstu laun. Þannig kæmi óbein hækkun til þeirra verst settu án þess að ganga upp allan launastigann. Eftir seinustu kjarasamninga sagði einn verklýðsforinginn að ríkisstjórnin hefði ekki viljað hækka skattleysismörkin. Nú hefur ríkisstjórnin boðist til að liðka fyrir krónutöluhækkun en ekki %-hækkun launa. Liggur ekki beint við að láta Sigmund standa við það með hækkun persónuafsláttar í 200.000 kr. á laun lægri en 300.000 kr. fyrir heilsdags vinnu?

2) Fella niður tryggingargjaldið. Atvinnurekendur gætu tekið á sig meiri launahækkun losnuðu þeir við tryggingargjaldið, sem er tímaskekkja og ætti að vera búið að fella niður.

**➜ Markmiðið hefur alltaf verið að jafna kjörin með meiri hækkun lægstu launa, en alltaf eykst misskiptingin.**

3) Lækkun stýrivaxta. Það væru miklar kjarabætur fyrir jafnt launþega sem atvinnurekendur lækkuðu stýrivextir úr 6% í 3%. Eftir lækkunina væru þeir samt 6x hærri en hjá Evrópubankanum.

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNIS-KORTUM Í MAÍ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
MINNISKORT
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
2011 - 2014
Framúrskarandi fyrirtæki
acer ARCTIC CREATIVE JXD LUXA2 MADCATZ Silicon Power

# Þetta er eins og skrifað fyrir Ísland

Óperan Peter Grimes eftir Benjamin Britten verður flutt í Hörpu annað kvöld. Ástralinn Stuart Skelton, einn virtasti og eftirsóttasti óperusöngvari samtímans, fer með aðalhlutverkið og hann segir þessa einstaklega mögnuðu óperu fullkomna fyrir Ísland.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þetta er einstakt verk. Algert lykilverk í heimi óperunnar sem hreinasta unun er að takast á við og ég vona að þetta verði mikil upplifun fyrir íslenska áhorfendur annað kvöld,“ segir ástralski tenórinn Stuart Skelton sem undirbýr tónleikauppfærslu með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni á meistaraverki Benjamins Britten: Peter Grimes.

Peter Grimes er einstakt verk sem Britten samdi aðeins 32 ára að aldri. Óperan segir sögu skipstjóra sem verður fyrir þeirri ógæfu að tveir ungir piltar sem vinna fyrir hann láta lífið. Tónlistin er einstaklega falleg og spilar á breiðan tilfinningaskala, frá ljúfum stillum til ólgandi fárviðurs.

Flutningur Stuarts Skelton á aðalpersónu verksins hefur hlotið fádæma lof víða um heim og átti stóran þátt í því að Skelton var valinn söngvari ársins á International Opera Awards á síðasta ári.




**STÓRSTJARNA** Stuart Skelton á æfingu með Sinfóníuhljómsveit Íslands í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Upphaf ferilsins

Þrátt fyrir að vera ekki alinn upp við óperu eða sígilda tónlist segir Skelton að tónlistin hafi snemma togað í hann. „Þegar ég var svona sjö, átta ára gamall kom ég heim úr skólanum og tjáði foreldrum mínum að ég vildi fara að læra á píanó. Þau urðu alveg steinhissa á þessu tiltæki en voru samt til í að gera sitt til þess að koma mér af stað. Hringdu í gamla frænku, fengu lánað hjá henni gamalt píanó og sendu mig í tíma. Að auki var ég í skóla sem tengdist kirkjunni og þar var kór sem ég söng með alveg út menntaskólaárin og þannig þróaðist þetta eitt af öðru allt þar til ég sagði mömmu og pabba að ég vildi fara til Ameríku að læra söng. Aftur horfðu þau bara á mig og spurðu: „Ertu viss? Hvað þarftu að gera til þess að þetta gangi upp? Nú, jæja, gott og vel, en þú verður þá að leggja þig allan í þetta.“

Þetta er eiginlega lýsandi fyrir feril minn. Ég hef verið heppinn og hitt á réttu tækifærin, réttu kennarana og hlutverkin og hef fengið með hæfilega blöndu af pressu og umhyggju. Það hefur orðið mér mikil gæfa.“

### Skelton og Grimes

Peter Grimes kom inn í líf Skeltons þegar hann var á samningi við Óperuhúsið í Frankfurt. „Það fylgdi samningnum að ég ætti að syngja Peter Grimes. Þetta var einstök reynsla. Ég náði strax einstöku sambandi við verkið. Ég baskynjaði að þetta er ópera sem ég vil bera með mér alla ævi. Alltaf.

Það sem gerir Peter Grimes svo einstaka óperu er að Britten skrifaði hana fyrir ákveðinn söngvara; Peter Pears, lífsförunaut sinn og samverkamann í tónlistinni. Þannig að Britten var að skrifa fyrir alveg ákveðna rödd og við vitum hvað þeir vildu fá út úr þessu því þeir gerðu saman upptöku af Grimes.

Það hafa stórkostlegir söngvarar tekist á við hlutverkið en með ólíkum hætti – komið að því úr ólíkum áttum. Allar þær leiðir eru góðar og gildar – bara ólíkar. En þetta hlutverk lifir orðið sínu sjálfstæða lífi og hver og einn þarf að finna sína leið og segja söguna á sinn hátt. Trúa á þetta sjálfur til þess að áhorfendur komi með í þetta ótrúlega ferðalag.

### Eyjafjallajökull

Skelton segir að það sé óþarfi að óttast Grimes eins og margir söngvarar geri. „Ef ég get sungið þetta, þá geta allir gert það.

Það eru kaflar sem ná uppi í ellefu en svo koma þessir kyrru kaflar þar sem tíminn stendur í stað en allt ólgar undir niðri. Þá er að halda lokinu á ógninni sem lúrir þarna undir þar til Grimes springur. Þetta hlutverk og þessi ópera öll er dálítið eins og Eyjafjallajökull. Grimes er eins og eldfjall áður en það gýs. Það er alltaf alveg að rofna, alveg við það að springa og allir eru alltaf að reyna að stoppa þetta flæði. En það er ekki hægt að stoppa náttúruafl og því gerist hið óhjákvæmilega. Grimes byrjar að endurtaka nafn sitt í sífellu og fyrir mér er eins og hann sé að hreinsa sig af sjálfum sér. Moka út úr skrokknum eins og eldfjall öllu því sem getur kallast Peter Grimes þar til skelin ein er eftir og þá er hann tilbúinn.

Grimes er náttúruafl. Afl sem snýr aftur til þess sem skapaði hann og mótaði. Aftur til stormsins. Það er ekki tragískt fyrir mér heldur náttúrulegt og fallegt.

Þannig að þessi ópera er eins og skrifuð fyrir þetta landslag – þessa náttúru og ykkar lífshætti. Þetta er frábært verk til þess að flytja hér og ég er orðinn gríðarlega spenntur.

# Að lifa og njóta

★★★★★

**Blæði**

Íslenski dansflokkurinn á Listahátíð Reykjavíkur

**DANSVERKIN**
**LES MÉDUSÉES** EFTIR DAMIEN JALET
**TÓNLIST** WINTER FAMILY & GABRIELE MIRACLE
**BÚNINGAR** BERNHARD WILLHELM

**SIN OG THE EVOCATION ÚR BABEL** (WORDS) EFTIR DAMIEN JALET & SIDI LARBI CHERKAOUI
**TÓNLIST** PATRIZIA BOVI, MAHABUB KHAN, SATTAR KHAN, VLADIMIR JOHANSON, SOFYANN BEN, YOUSSEF & KHALED BARGHOUTI
**BÚNINGAR** JÚLÍANNA STEINGRÍMSDÓTTIR

**BLACK MARROW** EFTIR ERNU ÓMARSDÓTTUR & DAMIEN JALET
**TÓNLIST** BEN FROST
**ÖNNUR TÓNLIST** DANZEL
**BÚNINGAR** JÚLÍANNA STEINGRÍMSDÓTTIR
**SVIÐSMYND** ALEXANDRA MEIN, ERNA ÓMARSDÓTTIR, DAMIEN JALET, JÚLÍANNA STEINGRÍMSDÓTTIR & REBEKKA MORAN
**LJÓS** BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
**DANSARAR** CAMERON CORBETT, EINAR NIKKERUD, ELÍN SIGNÝ WEYWADT RAGNARSDÓTTIR, HALLA ÞÓRÐARDÓTTIR, HJÖRDÍS LILJA ÖRNÓLFSDÓTTIR, INGA MAREN RÚNARSDÓTTIR, SERGIO PARÉS AGEA & ÞYRI HULD ÁRNADÓTTIR



Sýning Íslenska dansflokksins Blæði var ein af fáum danssýningum sem undirrituð hefur séð að undanförnu sem skildi eftir sterka löngun til að halda í upplifunina, sem sýningin vakti, sem lengst. Ólíkt því sem venjulega gerist gekk ég þögul út af sýningunni án nokkurrar löngunar til hvers konar greiningar eða vitrænnar umfjöllunar um það sem ég hafði upplifað. Því það að sitja agndofa í sætinu límd yfir því sem fyrir augum ber, spennt yfir að sjá hvað kemur næst er sjaldgæf upplifun.

Verkin á sýningunni leiddu áhorfandann inn á nýjar og nýjar lendur þar sem hljóð, hreyfingar, ljós og efnisleg umgjörð mættust í kraftmikilli einingu. Á því ferðalagi var mikilvægt að mæta hverjum stað með opnu hjarta og hrífast með þeirri orku sem leyst var úr læðingi af auðmýkt og innlifun.

Það var ekki síst endurtekning og sterk hrynjandi sem léku stórt hlutverk í öllum verkunum og héldu athygli áhorfandans nánast óskiptri. Það komu þó þeir staðir að athyglin byrjaði að leysast upp og umhverfið þrengdi sér inn í vitundina en aldrei nema í augnablik og svo tók sú veröld sem var í gangi á sviðinu aftur við stjórnartaumunum og hélt áhorfandanum föngnum svo mjög að á tímabilum óttaðist maður að maður gleymdi að anda.

Endurtekningin er mjög sterk sem miðlunarform en það er hárfín lína hversu lengi má vinna með það sama, áður en það hefur gefið allt sem það hefur að gefa auk þess sem áhorfendur hafa misjafnt þol gagnvart endurtekningunni. Þögnin/kyrrstaðan sem Erna og Damian nýttu í Black Marrow eru líka áhrifamiklir þættir í listsköpun en eins og endurtekningin viðkvæmir í notkun. En stundum er bara þess virði að vera þolinmóður og leyfa listinni að lifa þótt maður viti ekki hvert hún leiðir manna.

Gagnrýni sem þessi snýst venjulega um að velta upp ýmsum spurningum um efni, framsetningu, samhengi, sögn og… en hér eru spurningar sem þessar merkingarlausar því fyrir gagnrýnandann var sýningin svo djúp listræn upplifun að annað skiptir ekki máli.

Það er samt ekki hægt að skila af sér þessum texta án þess að fram komi að frammistaða dansaranna var frábær. Verkin kölluðu öll á gífurlega líkamlega getu, nákvæmni og kraft og leysti hópurinn hverja þraut af fagmennsku. Það var gott að sjá Þyri Huld aftur í flokknum og Einar var frábær. Í dúettinum Sin sýndu þau nautnafulla og kraftmikla tjáningu í áhrifaríkri fléttu hreyfinga. Frammistaða Elínar Signýjar lofar góðu um framtíðina og Hjördís Lilja, Halla og Inga Maren sýna meiri og meiri þroska í hverri nýrri sýningu, nýr karldansari flokksins, Sergio Parés Agea, vekur forvitni og Cameron klikkar ekki frekar en fyrri daginn.

Sviðsmyndin í Black Marrow var líka stórbrotin í einfaldleik sínum. Svart plastið undirstrikaði hugmyndina um olíu á sama tíma og það minnti okkur á ruslið og sóunina sem fylgir mannkyninu. Tónlist Bens Frost við verkið var ótrúlega áhrifamikil sem og tónlistin í öllum hinum verkunum. Búningarnir í Les Médusées gáfu verkinu sterkan svip og lýsingin á sýningunni í heild var eftirtektarverð. **Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Sumt á ekki að ræða heldur bara upplifa.

# FRAMTÍÐIN ÚTSKRIFAST!




LÆKKAÐ VERÐ

**20th Century World Architecture**
Verð nú kr. 9.999
Verð áður kr. 24.999



**Glæsileg CROSS minnisbók með penna**
Verð frá kr. 4.149
Þrjár stærðir:
A4, A5, A6




26% vildarafsláttur

**Af jörðu**
Vildarverð kr. 9.999
Fullt verð kr. 13.900



25% vildarafsláttur

**Vandaður CROSS penni**
Vildarverð kr. 8.151
Verð kr. 10.868
Skrúfblýantur 0,5 mm /
Rauður kúlupenni /
Svartur kúlupenni /
Stylus.



**Pin The World - landakort úr efni (pinnar fylgja)**
Verð kr. 8.891



**Hnöttur - 30 cm með ljósi**
Verð kr. 9.879

**Fáanlegir litir:**
Súkkulaði trufflu
Grár




**Ferðataska IT**
4 hjól, 55 cm, 1.6 kg.
Verð kr. 17.999

**Ferðataska IT**
4 hjól, 65 cm, 2.0 kg.
Verð kr. 19.999

**Ferðataska IT**
4 hjól, 74 cm, 2.2 kg.
Verð kr. 22.999


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverðs er frá 21. maí, til og með 30. maí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.









**ÁFRAM ALLS KONAR** Kristín vonast til að sjá sem flesta, á öllum aldri, í Grófinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alþjóðlegur dagur menningarfjölbreytni

Frönskumælandi leikskólabörn, fjöltyngdur söngur og tungumálastöðvar í boði fyrir borgarbúa af öllum mögulegum stærðum og gerðum á Borgarbókasafninu.

Í dag mun Borgarbókasafnið Grófinni halda í fyrsta skipti upp á alþjóðlegan dag menningarlegrar fjölbreytni, þar sem mismunandi röddum og tungumálum borgarbúa verður gert hátt undir höfði.

„Árið 2002 staðfesti UNESCO að 21. maí skyldi árlega undirlagður því að vekja athygli á hinni sameiginlegu arfleifð mannkyns, sem er menningarleg fjölbreytni.

Megintilgangur þessa alþjóðlega dags er sumsé að hlúa að fjölbreytninni og varðveita hana, okkar allra vegna,“ segir Kristín Rannveig Vilhjálmsdóttir verkefnisstjóri.

„Vissulega eru allir dagar dagar fjölbreytninnar, en þessi er sérstaklega hannaður til að vekja athygli á málefninu,“ útskýrir Kristín, sem segir sjaldan hafa verið jafn mikilvægt að skerpa á þýðingu menningarlegrar fjölbreytni.

„Við munum byrja eldsnemma á dagskránni okkar, og það er aldeilis ekki tilviljun, vegna þess að með því viljum við ná til yngstu hópanna líka. Laufásborg ætlar til dæmis að flytja fyrir okkur leikritið Rauðhettu á frönsku, þar sem leikskólabörnin hafa verið að læra tungumálið upp á síðkastið,“ segir Kristín hæstánægð með framtakið.

„Það er gríðarlega jákvætt að byrja svona snemma að læra ný tungumál og þar af leiðandi víkkar sjóndeildarhringurinn okkar,“ útskýrir hún og bætir við að ekki eigi dagurinn aðeins við ólík tungumál „heldur leitum við eftir að halda upp á fjölbreyttan orðaforða, tungutak og fjölbreyttar tjáningarleiðir og boðskipti.“ Auk frönskumælandi leikskólabarna verður litrík dagskrá sem lýkur ekki fyrr en undir kvöld og má þar nefna fjöltyngdan söng og dans, tungumálastöðvar, takt og táknmál ásamt fleiru.

> **Vissulega eru allir dagar dagar fjölbreytninnar, en þessi er sérstaklega hannaður til að vekja athygli á málefninu.**

„Fjölmenning og fjölbreytni teygir sig út fyrir þjóðerni og landamæri, svo hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi,“ skýtur Kristín að í lokin.

gudrun@frettabladid.is

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**21. MAÍ**

### Tónleikar

**18.00** Selkórinn er á leiðinni til Skotlands í tónleikaferð. Til þess að velunnarar kórsins geti notið dagskrárinnar eins og Skotarnir þá mun kórinn flytja lög af efnisskrá ferðarinnar í Seltjarnarneskirkju. Aðgangur er ókeypis.

### Opnanir

**18.00** Gallerý bakarí, Skólavörðustíg 40, opnar í kvöld sýningu á verkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur. Sýningin ber yfirskriftina Endurlit en þar sýnir Aðalheiður vatnslitamyndir sem unnar eru á síðustu tveimur árum.

### Fundir

**12.00** Borgarafundur um kjaradeilurnar og hvað deiluaðilar geta lært af sögunni. Frummælendur verða: Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, Dr. Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík og doktor í vinnumarkaðshagfræði frá Cornell-háskóla. Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbanka Íslands og fyrrverandi hagfræðingur og framkvæmdastjóri ASÍ. Fundarstjóri verður Eyþór Arnalds. Hvar: Iðnó, Vonarstræti 3.

### Sýningar

**12.00** Jaðarlist. Listastefnunni Outside art eru gerð skil á þessari sýningu, og er vettvangur fyrir þá listamenn sem ekki tilheyra hinu hefðbundna listsamfélagi, standa utangarðs í listsamfélaginu. Hvar: Ráðhús Reykjavíkur. Aðgangur ókeypis.

### Námskeið

**16.00** David Wolfe, sem talinn er helsti sérfræðingur heims í hráfæði og ofurfæði, heldur námskeið hjá Gló, Fákafeni 11 í dag. Skráningar krafist og er verð 6.500 krónur.

### Opið hús

**17.00** Þinn staður, okkar umhverfi við Flensborgarhöfn Opnun vinnustofu og almennur kynningarfundur um skipulagsvinnu við Flensborgarhöfn. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**19.00** Stigamót Suður Mai 2015, keppni í pílukasti á vegum Pílufélags Reykjanesbæjar. Skráningar til klukkan 19.00 samdægurs hjá Helga Magnússyni í síma : 6608172 eða á dart<\@>dart.is Keppnisgjald: 2.000 kr.

### Uppistand

**21.30** Best of Uppistand.is eru mánaðarleg uppistönd þar sem fram koma þeir sem hafa skarað fram úr í Tilraunauppistöndunum og eru komnir á næsta stig, auk reyndari grínista og góðra gesta. 1.000 krónur inn.

### Fyrirlestrar

**16.30** Í stofu 101 í Odda verða fluttir tveir fyrirlestrar í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands. Hvor fyrirlesturinn tekur um 20 mínútur. Aðgangur ókeypis.

### Myndlist

**17.00** Richard Serra með sýninguna Áfangar, Magnús Sigurðarson með Athöfn og yfirskyn og Kathy Clark með Bangsavætti, opna sýningar sínar í Hafnarhúsinu í dag.

### Samkoma

**20.00** Spilakvöld þar sem mikið úrval af spilum er í boði auk þess sem öllum er frjálst að mæta með eigin spil. Ekki er nauðsynlegt að mæta með félaga. Hugsað fyrir fullorðna, en börn eldri en 12 ára í fylgd með fullorðnum hjartanlega velkomin. Aðgangur ókeypis. Hvar: Spilavinir Suðurlandsbraut 48.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*








BK KLÚBBTILBOÐ

Borð og tveir stólar, grátt.

**9.995 kr.**

41622161 Almennt verð: 16.785 kr



# 20% AFSLÁTTUR

## AF GARÐHÚSGÖGNUM FRÁ 21.-25. MAÍ

# GERUM SUMARLEGT

# HELGARTILBOÐ

## FRÁ 21.-25. MAÍ



KLIPPIBREIDD 53 CM

Einhell®

**EINHELL hekkklippur**
RG-EH 6053 600W, klippibreidd 53 cm, klippir allt að 15 mm sverar greinar.

**9.995 kr.**

74830006 Almennt verð: 14.995 kr.



**64.995 kr.**

50657510 Almennt verð: 69.995 kr.

GOTT VERÐ!

Broil King

**BROIL KING Gasgrill MONARCH 320,** 8,8 kW, ryðfrítt Dual-Tube brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 57x37cm, grillgrindur úr pottjárni, ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi, þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar, Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar, Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi, Accu-Temp™ hitamælir í loki.



Einhell®

**EINHELL rafmagnssláttuvél,** 1000W, sláttubreidd 30 cm, 3 hæðastillingar, 28 lítra safnkassi.

**10.995 kr.**

74830022 Almennt verð: 13.995 kr.



McCULLOCH

**McCULLOCH sláttuvél M46-125,** fjórgengis B&S mótor, 1,6 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 50 lítra safnpoki.

**49.995 kr.**

53322805 Almennt verð: 59.995 kr.



Stjúpur, 10 stk.

**895 kr.**

55092000

VELKOMIN Í GRÆNLAND
BYKO BREIDD

ÍSLENSK SUMARBLÓM, KRYDDJURTIR, TRÉ OG RUNNAR



BK KLÚBBTILBOÐ

**Blákraftur** 10 eða 25 kg, einkorna.
Verð frá:

**1.995 kr.**

55095039/160
Almennt verð frá: 2.495 kr.



**Garðkanna, 11 l,** með úðastút.

**895 kr.**

41613316

## KÖRFUBOLTASPJÖLD OG STANDAR



# 20% AFSLÁTTUR

# LAGERHREINSUN

## Á VÖLDUM VÖRUM Í TIMBURVERSLUN BYKO Í BREIDD

GERÐU GÓÐ KAUP

byko.is

KYNNTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**62 ára Mr. T**

**Þekktastur fyrir:** hlutverk sitt í Rambo þrjú, Tough guy í A-Team og afrek sín í glímu.

## BÍÓFRÉTTIR

### Besta teiknimynd Pixar?

Teiknimyndin Inside Out frá Pixar er að gera allt vitlaust á kvikmyndahátíðinni í Cannes, sem stendur nú sem hæst. Hafa gagnrýnendur keppst við að lofsama myndina í bak og fyrir og segja að hér sé mögulega um að ræða bestu afurð Pixar frá upphafi.

Fjallar teiknimyndin um litla stelpu sem neyðist til að yfirgefa vini sína og fer í gegnum miklar tilfinningasveiflur.



### Alltaf verið að reyna við Faris

Chris Pratt, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt í The Guardians of the Galaxy, sagði frá því á dögunum að hann hefði ítrekað lent í að Hollywood-stjörnur reyndu við eiginkonu hans, Önnu Faris, beint fyrir framan nefið á honum. Þetta var á því tímabili þegar frægðarsól Faris reis sem hæst, en Pratt var enn algerlega óþekktur. „Þessir menn horfðu bara í gegnum mig,“ sagði Pratt, lifandis feginn að þessu sé nú lokið.



## FRUMSÝNINGAR



**Spooks: The Greater Good**
**Spenna**
**Helstu leikarar:** Kit Harington, Tuppence Middleton, Jennifer Ehle

IMDb 6,8/10



**Good Kill**
**Drama**
**Helstu leikarar:** Ethan Hawke, January Jones, Zoe Kravitz, Bruce Greenwood

IMDb 6,3/10

## TVÆR FARSÆLAR



→ **ROSARIO DAWSON ÞÁ16 ÁRA**
Men in Black II, 25th Hour, Sin City, Clerks II, Rent, Death Proof, The Rundown, Eagle Eye, Alexander, Seven Pounds, Percy Jackson and the Olympians: The Lightning Thief, Unstoppable, Trance and Top Five.

→ **CHLOË SEVIGNY ÞÁ 21 ÁRS**
Boys Don't Cry, American Psycho,Shattered Glass, Caitlin Avey, Melinda and Melindam, Manderlay, Broken Flowers, Mrs. Harris, 3 Needles, Lying, Zodiac, The Killing Room, The Wait, Black Dog, Red Dog, Lovelace, o.fl.



**AÐALTAPPINN** Leo Fitzpatrick lék aðalhlutverkið, Telly. Hann hafur helst sést á sjónvarpsskjáum síðan, svo sem í einum eða tveimur þáttum af Law and Order, Sons of Anarchy og My Name Is Earl.

# Spólgröðu krakkarnir standa nú á tvítugu

Kvikmyndin Kids hristi vel upp í tilveru áhorfenda um allan heim árið 1995 og er mörgum enn í fersku minni fyrir óheflaða nálgun á háttsemi æskunnar

Nú eru tuttugu ár síðan hin umdeilda kvikmynd Kids, eftir Larry Clark, kom út og var fyrst sýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 1995. Má með sanni segja að hér sé um að ræða kvikmynd sem olli fjaðrafoki, enda nokkuð viðkvæmt viðfangsefni, spólgraðir krakkar að fóta sig í ruglaðri tilverunni á tímum uppsveiflu kynsjúkdóma á tíunda áratug síðustu aldar. Á meðan einhverjir fögnuðu myndinni, líkt og kvikmyndagagnrýnandi The New York Times, Janet Maslin, sem sagði hana þarfa áminningu um breytt landslag æskunnar í nútíma heimi, sögðu aðrir að hér væri ekki um annað að ræða en einhvers konar barnaklám.

Myndin er tekin upp með þeim hætti að áhorfanda líður eins og um sé að ræða heimildarmynd. Tilgangur myndarinnar var einmitt að vekja tilfinningu áhorfanda fyrir raunveruleika æskunnar og virðist það aldeilis hafa tekist.

Clark upplýsti nýlega að hvert einasta atriði í myndinni hefði verið skrifað og þaulskipulagt þrátt fyrir að virðast spuni frá upphafi til enda, fyrir utan eitt. „Þetta er atriðið þegar nokkrir hjólabrettastrákar sitja saman í sófanum og eru að spjalla. Ég sagði þeim hvað þeir ættu að tala um, og þeir gerðu það. Þetta er mögulega eitt besta atriðið í myndinni, algjörlega magnað,“ sagði Clark í viðtali í tilefni tvítugsafmælisins.

Þótt liðin séu tuttugu ár síðan myndin leit dagsins ljós, þykir hún fyllilega eiga jafn vel við í dag, enda æskan væntanlega jafn völt nú og þá.

gudrun@frettabladid.is

## Á hundavaði

Myndin fjallar um Telly, sautján ára strák sem er iðinn við kolann þegar kemur að mismunandi hjásvæfum, og hefur hann einstakan áhuga á að sofa hjá hreinum meyjum.
Í upphafi sést hann einmitt afmeyja eina slíka, eftir að hafa sannfært hana um sakleysi kynlífsins. Sú átti að vera aðeins tólf ára.

Í framhaldinu er honum fylgt eftir, þar sem barnið sem hann er, hangir með vinum sínum, rænir úr verslunum og kemur höndum yfir illa fengið áfengi. Marijúana-reykingar koma einnig slatta við sögu.

Inn í þessa jöfnu blandast hópur krakka, og þar á meðal Jennie, sem hann hafði sofið hjá skömmu áður, og afmeyjað. Sú greinist með HIV-sjúkdóminn og eyðir myndinni í að reyna að láta Telly vita að hann sé smitaður, svo hann smiti ekki fleiri, sem hann sannarlega gerir.




Allt fer þetta auðvitað á versta veg, og á atburðarásin að endurspegla blákaldan raunveruleika unga fólksins í New York, og sennilega fleiri stöðum, árið 1995.

IMDb 7.0/10
49%




Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is




**Skráðu þig á rodalon.is** og þú gætir unnið sólarlandaferð fyrir 2 til Mallorca að upphæð 300.000 kr. Fjöldi annarra vinninga í boði.




BÓNUS | Iceland | KRÓNAN | HAGKAUP | FK FJARÐARKAUP | 10-11 | Þín verslun | BYKO | MÚRBÚÐIN | FÆST EINNIG Í ÖLLUM APÓTEKUM

# LÍFIÐ

## TÍST UM #ÁSIAÐFÁSÉR



**Katrín Atladóttir**
**@katrinat**
ef einhver þingmaður ætti að æla á mig myndi ég vilja það væri Bjarni Ben



**Snærós Sindradóttir**
**@Sindradottir**
Ég hef tvisvar gubbað í flugvél. Eða 22 ef skiptið er talið með þegar flugvélin flaug í hringi yfir Ísafjarðardjúpi í 40 mínútur #ásiaðfásér



**Þorsteinn Guðmunds**
**@ThorsteinnGud**
Líður alltaf eins og þingmanni í flugvél, búinn að drekka tvö hvítvínsglös og taka eina svefnpillu, þegar ég hlusta á þessi Eurovision-lög.



**Halldór Halldórsson**
**@DNADORI**
Ásmundur hefði átt að spila út flughræðsluspjaldinu. Instant samúð og pepp.



**Bragi Valdimar**
**@BragiValdimar**
Nýtt met, skv. nýjustu ælingum. Gamla metið var tvær sætaraðir, flugþjónn og púðluhundur. #ásiaðfásér

# FURÐULEG VÖLD ENGLANDSDROTTNINGAR

**Ýmsir kostir fylgja því að vera hluti af bresku konungsfjölskyldunni. Elísabet Englandsdrottning, sem krýnd var 2. júní árið 1953, heldur til að mynda upp á afmælið sitt tvisvar á ári, hefur ljóðskáld á sínum snærum sem fær borgað í tunnu af sérríi og hefur völd yfir öllum breskum höfrungum. Drottningin má gera hluti sem almennir borgarar mega ekki gera og getur hún meðal annars ferðast án vegabréfs.**



Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@365.is

Ýmis furðuleg völd fylgja því að vera Englandsdrottning. Breska útgáfa miðilsins Business Insider tók saman það skrítnasta sem fylgir því að gegna embættinu. Meðal þess sem Elísabet Englandsdrottning hefur völd til að gera er að reka alla áströlsku ríkisstjórnina, hún hefur auk þess völd yfir höfrungum við Bretlandseyjar og er með hraðbanka í kjallaranum.

Hér eru nokkur atriði af listanum yfir furðulegustu hluti sem Englandsdrottning má gera í embætti sínu:



**ÝMIS FRÍÐINDI** Elísabet Bretlandsdrottning heldur tvisvar upp á afmælið sitt og er með hraðbanka í kjallaranum. NORDICPHOTOS/GETTY

**1. Elísabet Englandsdrottning hefur völd yfir hvölum, höfrungum og öðrum stórum verum sjávarins sem eru í kringum strendur Bretlands.**
Tímaritið Time benti á þetta á sínum tíma og vísaði til laga frá árinu 1324 sem enn eru í gildi. Þegar stór sjávardýr eru veidd og seld er að nafninu til krafist blessunar krúnunnar.

**2. Englandsdrottning má keyra án þess að hafa ökuleyfi.**
Ökuskírteini á Bretlandseyjum eru veitt í nafni krúnunnar en drottningin þarf sjálf ekki að þreyta ökupróf. Hún þarf heldur ekki að aka á bifreið með bílnúmerum. Frægt var þegar Elísabet settist við stýrið og keyrði Abdullah, konung Sádi-Arabíu, árið 1998 á Land Rover-jeppa. Konur mega lögum samkvæmt ekki aka í Sádi-Arabíu og því þótti þetta framtak drottningar merkilegt og skemmtilegt.

**3. Drottning Breta þarf ekki vegabréf**
Eins og ökuskírteinin, eru vegabréfin í Bretlandi gefin út í nafni drottningarinnar. Hún þarf ekki slíka pappíra þegar hún ferðast. En eins og flestir vita er hún dugleg við að skoða heiminn og flakkar heimshorna á milli.

**4. Englandsdrottning heldur tvisvar upp á afmælið sitt.**
Þetta kann að hljóma furðulega en opinberlega er haldið upp á afmæli drottningarinnar laugardag í júnímánuði. En eiginlegur afmælisdagur hennar er 21. apríl. Veðrið á stóran þátt í þeirri ákvörðun að halda upp á afmæli drottningarinnar í júní. Líklegra er að sólin skíni og hægt sé að hafa hátíðahöld utandyra. Margir öfunda hana líklega af þessu.

**5. Englandsdrottning er með hraðbanka í kjallaranum.**
Í kjallara Buckingham-hallar er hraðbanki sem meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar hafa aðgang að. Hraðbankinn var settur upp af Coutts, sem er einn virtasti banki Bretlandseyja.

**6. Englandsdrottning er með sitt eigið skáld í vinnu.**
Hirðskáldið í Bretlandi fær greitt með einni tunnu af sérríi. Núverandi hirðskáld bresku krúnunnar er Carol Ann Duffy og verður hún í því hlutverki til ársins 2019.

**7. Englandsdrottning þarf lögum samkvæmt ekki að borga skatt af sínum launum.**
Hún gerir það samt sem áður og hefur gert síðan 1992. Hún borgar skatt af launum sínum og fjármagnstekjuskatt.

**8. Englandsdrottning hefur riddara á sínum snærum.**
Slíkt gæti eflaust komið sér vel ef hún lenti í bobba síðla kvölds og þyrfti að hringja á aðstoð. Vissulega eru riddarar bresku krúnunnar ekki eins og þeir voru áður fyrr. En drottningin hefur völd til þess að slá fólk til riddara og notar það sem umbun fyrir þá sem leggja sitt af mörkum fyrir breskt samfélag.

**9. Englandsdrottning hefur völd til að reka alla áströlsku ríkisstjórnina frá völdum.**
Lögum samkvæmt hefur Englandsdrottning þessi völd og reyndi á þetta lagaákvæði árið 1975 þegar fulltrúi drottningar í Ástralíu, Sir John Kerr, rak ástralska forsætisráðherrann þegar ríkisstjórnin var talin óstarfhæf.

**10. Englandsdrottning gefur eldri borgurum sérstaka mynt.**
Myntin kallast Maundy money og gefur drottningin eldri borgunum hana ár hvert á hátíð um páskana. Hún gefur myntina jafn mörgum og árin eru sem hún hefur lifað. Um næstu páska verður hún níræð og gefur þá níutíu eldri borgurum myntina. Þessir peningar eru mikils virði en fáir hafa selt þá, sökum þess hve merkilegt það þykir að vera í þeim hópi sem fær gjöf frá drottningunni.





Afmælistónleikar

19. september 2015

# MAGGI EIRÍKS

# 70 ára



**Reyndu aftur**

**Braggablús**

**Elska þig**

**Vegurinn heim**

**Samferða**

**Ó, þú**

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

**Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

**Miðasalan hefst í dag**

**harpa.is | 528 5050 | tix.is**

HARPA DÆGURFLUGAN



**FRÁ FLOKKNUM** Katrín Ingvarsdóttir, æfingastjóri Íslenska dansflokksins, og Kristín Ögmundsdóttir, framkvæmdarstjóri flokksins.



**GLÆSILEG SAMAN** Hjónin Guðjón Pedersen, fyrrverandi borgarleikhússtjóri ásamt Katrínu Hall, fyrrverandi listræns stjórnanda Íslenska dansflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Blæði frumsýnt í Borgarleikhúsinu

Íslenski dansflokkurinn frumsýndi á þriðjudagskvöldið verk eftir þrjá samtímadanshöfunda, þau Damien Jalet, Ernu Ómarsdóttur og Sidi Larbi Cherkaoui. Margt var um manninn og sýningunni afar vel tekið af áhorfendum sem ætluðu aldrei að hætta að klappa.



**BLÆÐI** Dansverkin voru frumsýnd við góðar undirtektir á þriðjudagskvöld í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**ÁNÆGÐ Á FRUMSÝNINGU** Það var afskaplega vel mætt á frumsýninguna í Borgarleikhúsinu.



**FÍNAR Á FRUMSÝNINGU** Pessar voru í góðum gír á frumsýningu á þriðjudagskvöldið.



**Í GÓÐUM GÍR** S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar og Sigurbjörg Gylfadóttir voru flott saman.



**GÓÐ STEMNING** Svanborg Sigurðardóttir og alþingismaðurinn Óttarr Proppé mættu á frumsýninguna.





OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 15-0574
Miss
adidas
Hluti af fjölskyldunni í 60 ár
OLZA
PRINCE POLO
CLASSIC


**ÆÐISLEGUR** Jared Leto í jakka úr sumarlínu Balmain 2015.


**RÖNDÓTT** Fyrirsætan Lily Aldridge í pilsi úr haust/vetrarlínunni 2015.


**TÖFF** Kylie Jenner í Pre-fall 2013 kjól á Billboard-verðlaunahátíðinni 2015.


**LEGGJALÖNG** Chrissy Teigen í samfestingi úr vor/sumarlínunni 2015 á Billboard-verðlaunahátíðinni.

# STJÖRNURNAR ELSKA BALMAIN

Hátískumerkið Pierre Balmain nýtur mikilla vinsælda hjá fræga fólkinu um þessar mundir og verður oftar en ekki fyrir valinu fyrir rauða dregilinn. Eftir að Olivier Rousteing tók við merkinu 2011 hafa vinsældir þess vaxið mjög.


**GULLDRENGURINN** Justin Bieber í sérhönnuðum Balmain-jakka á Met Gala 2015.




**ALSÆL** Leikkonan Blake Lively í pilsi úr haust/vetrarlínu Balmain fyrir 2015.


**GLÆSILEG** Scarlett Johansson í kjól úr haust/vetrarlínu Balmain 2015.




**FLOTT** Fyrirsætan Gigi Hadid í kjól og kimono frá haust/vetrarlínu Balmain fyrir 2015. Hér er hún á 100 ára afmæli Maybelline.




Sumarið þitt er komið
4.950,-/stk.
HÅLLÖ sessur í hægindastól
B47×L116cm. Drappað
Einnig til í fleiri litum
8.950,-/stk.
ÄPPLARÖ stillanlegir hægindastólar
Gegnheill akasíuviður. Sæti H41cm. Brúnt
HÄMTA karafla 1.950,-
1,8l. H27cm. Glært gler
GURLI teppi 2.390,-
B120×L180cm. Brúnt
Einnig til í fleiri litum
TROSSÖ blóma-
pottur 6.950,-
Innanmál Ø31,
H30cm. Hvítt
28.950,-
ÄPPLARÖ stækkanlegt borð
Gegnheill akasíuviður. B78×L140/200/260,
H72cm. Brúnt
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
Nýr bæklingur!
Nýi sumarbæklingurinn er á leiðinni til
þín. Honum verður dreift inn á öll heimili
landsins sem samþykkja fjölpóst.
Þú getur líka skoðað rafræna útgáfu
á www.IKEA.is
Sumarið þitt
JAFNLAUNA-
VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MAD MAX | 8, 10:30(P) | 16 |
| PITCH PERFECT 2 | 5:30, 8, 10:30 | 12 |
| BAKK | 5:50, 8 | L |
| AVENGERS 2 3D | 10:10 | 12 |
| ÁSTRÍKUR 2D | 5:50 | L |

SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 6:20 - 9 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:55 | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 8 - 10:40 | |
| CHILD 44 | KL. 10:10 | |
| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 9 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:50 | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 6 - 8 - 10 | |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 10 | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5:30 - 8:30 | |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 - 10:40 | |
| PITCH PERFECT 2 | KL. 8 | |
| HOT PURSUIT | KL. 10:20 | |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| HOT PURSUIT | KL. 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 10 | |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ










Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

# Illa fyrirkallaðir almannaþjónar

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Myndbandið af geðstirðu leðurmótorhjólalöggunni sem birtist á Facebook í vikunni vakti hjá mér margs konar hugrenningatengsl. Margir gagnrýndu framferðið enda þykja umrædd vinnubrögð ekki vera lögreglunni til sóma.

**ATBURÐURINN** minnti mig á atvik sem ég lenti í skömmu eftir að ég fékk bílpróf og þeystist um götur Reykjavíkur, óslípaður og reynslulaus. Ég var að keyra niður Ártúnsbrekkuna þegar ég sá skrítinn lögreglubíl aka samhliða mér og ökumaður hans gaf mér merki um að ég ætti að nema staðar. Um var að ræða VW Caddy lögreglubíl með einungis tveimur sætum og svona hundahúsi að aftan. Lögregluhundur í umferðareftirliti.

**ÞEGAR** ég hafði lagt bílnum kom lögregluþjónninn að mér í miklu uppnámi. Ég tók eftir að yfir bláu lögregluskyrtunni klæddist hann flíspeysu og ég sá ekki betur en hún væri merkt raftækjaversluninni Elko. Þegar ég skrúfaði niður rúðuna frussaði maðurinn yfir mig spurningunni hvort ég vissi á hvaða hraða ég æki þarna í brekkunni.

**ÞVÍ** næst öskraði hann að þetta væri örugglega kolólöglegur hraði þar sem hann hefði sjálfur verið á hámarkshraða en samt ekki náð að halda í við mig. Hann tók niður nafn, kennitölu og símanúmer og sagðist ætla að fara með sinn bíl niður á Reykjavíkurflugvöll þar sem hann yrði mældur í sérstökum flugmæli. Þannig kæmist hann að því hversu hratt ég hefði ekið og mér yrði svo send viðeigandi sekt eftir því. Allt mjög eðlilegt eða þannig.

**ÉG** heyrði aldrei neitt frá lögregluembættinu og ég fékk enga sekt vegna málsins. Ég áttaði mig á því að þarna hefði sennilega verið um að ræða samviskusaman löggæslumann á frívakt sem hefði tekið málin í sínar hendur þegar honum misbauð framferði ungs ökumanns á götum borgarinnar.

**ÞAÐ** var allt í senn traustvekjandi og óhugnanleg tilhugsun. Þakklátastur var ég þó fyrir að hann skyldi hreinlega ekki æla yfir mig eins og virðist vera orðin lenska hjá körnum fulltrúum á Alþingi í dag. Sennilega hefði enginn verið bættari eftir það.

# Reka barnaheimili í Nepal í kjölfar mótorhjólaferðar

Félagasamtökin Ísland-Nepal og útvarpsstöðin Radio Iceland efna til tónleika til styrktar barnaheimili í Katmandú í Nepal. Samtökin voru stofnuð í kjölfar mótorhjólaferðar sem breytti lífi þeirra sem í hana fóru.



**HVETUR FÓLK TIL AÐ MÆTA** Einar er einn stofnenda Íslands-Nepals og hvetur hann alla sem geta til þess að mæta á tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Múrarinn Einar Guðmundsson hélt í mótorhjólaferð til Nepals ásamt tveimur félögum sínum fyrir rúmum tveimur árum.

Á vegi þeirra varð barnaheimili í Katmandú sem breytti lífi þeirra og ferðin, sem átti að vera ævintýraferð á mótorhjólum, tók skyndilega aðra stefnu og hafði öðruvísi áhrif á líf hópsins en upphaflega stóð til.

Eftir að hafa heimsótt barnaheimilið og séð aðstæður þar ákvað hópur af Íslendingum að taka við rekstri heimilisins, en fá og léleg rúm voru á barnaheimilinu og kennsla af skornum skammti.

„Húsnæðið var mjög lélegt, ekkert rennandi vatn og ekkert rafmagn. Það sem við gerðum fyrst var að leigja hús fyrir börnin, keyptum gaseldavél og fleiri rúm,“ segir Einar.

Eftir komuna heim til Íslands ákvað hópurinn að láta til sín taka, stofnaði félagasamtökin Iceland-Nepal og tók við rekstri barnaheimilisins þar sem 13 munaðarlaus börn búa auk starfsmanna.

Sem stendur eru 33 íslenskar stuðningsfjölskyldur sem leggja 5.000 krónur á mánuði til barnaheimilisins en allur peningur fer milliliðalaust til heimilisins og vinnur félagið í samstarfi við félagsmálayfirvöld í Nepal. Stefnan er sett á að ná 41 stuðningsfjölskyldu, með þeim fjölda er rekstrargrundvöllur heimilisins tryggður og Einar segir stuðningsfjölskyldurnar svo sannarlega hafa áhrif til hins betra á líf barnanna: „Stuðningsfjölskyldurnar hafa gjörbreytt lífi barnanna. Nú er fæðan próteinrík, börnin eru öll í skóla. Vatnið þarna er ódrekkandi þannig að það er búið að kaupa hreinsibúnað fyrir það. Einnig fatnað, mat og læknisþjónustu, það hafa komið upp veikindi og faraldrar, til dæmis kúabóla um daginn sem nú er hægt að meðhöndla.“

Í kjölfar mannskæðra jarðskjálfta í Nepal fyrir stuttu sem ollu gríðarmiklu mannfalli og eyðileggingu urðu einnig skemmdir á barnaheimilinu, líkt og svo víða annars staðar.

„Það ríkti mikil neyð og skortur fyrir þessa jarðskjálfta. Á góðum degi í Katmandú er rafmagn í fjóra tíma á dag og lítið af rennandi vatni,“ segir Einar og heldur áfram: „Húsið sem barnaheimilið er í núna varð fyrir skemmdum í jarðskjálftanum og öll aðföng hafa hækkað í verði. Þau eru búin að sofa utandyra í fleiri, fleiri nætur.“

Í ljósi þessa mun útvarpsstöðin Radio Iceland efna til tónleikaveislu í samstarfi við félagasamtökin til þess að styrkja barnaheimilið. Fram koma meðal annars hljómsveitirnar Esja, Dikta og Q4U auk þess sem Smutty Smith mun þeyta skífum og stjórna uppboði þar sem hann selur frægustu ljósmyndirnar úr ljósmyndasafni sínu af sumu þekktasta tónlistarfólki heims.

Miðar eru fáanlegir inn á Midi.is og er aðgangseyrir frjáls framlög en tónleikaveislan fer fram á Gauknum á laugardag og stendur frá klukkan 17.00 og stendur til klukkan 01.00.

> **Húsnæðið var mjög lélegt, ekkert rennandi vatn og ekkert rafmagn. Það sem við gerðum fyrst var að leigja hús fyrir börnin, keyptum gaseldavél og fleiri rúm.**

Einnig er hægt að afla sér frekari upplýsinga á síðunni Facebook.com/Iceland-Nepal þar sem allar upplýsingar eru birtar.

gydaloa@frettabladid.is

# Bam Margera mætir líka á Secret Solstice

Eftirlegukindurnar dregnar fram í dagsljósið, enda aðeins þrjátíu dagar í að Laugardalurinn iði af gleði.

„Þetta er allt að bresta á,“ segir Egill Ólafur Thorarensen er hann tjáir Fréttablaðinu hvaða listamenn eru væntanlegir til landsins að spila á Secret Solstice í júní.

Nú þegar hafa risastór nöfn á borð við The Wailers, Kelis, Wu-Tang Clan, Foreign Beggars og fleiri boðað komu sína.

„Íslandsvinurinn og partíljónið Bam Margera mætir, en hann mun koma fram með hljómsveit sinni, Earth Rocker. Bam Margera er líklega best þekktur fyrir að vera meðlimur Jackass-hópsins og fyrir Viva La Bam-þættina sína en hann hefur lagt tónlistina fyrir sig undanfarin ár,“ segir Egill.

„Auk hans hafa litríka og lífsglaða nu-disco sveitin Hercules & Love Affair og Serge Devant frá New York-borg tilkynnt komu sína, en Devant hefur gefið út remix fyrir tónlistarmenn eins og Lana Del Ray og unnið með mönnum eins og Jamie Jones og Lee Foss,“ upplýsir Egill. Þá mun hipphopparinn Stormzy einnig láta til sín taka á sviðinu.

„Svo ættu drum&bass-áhugamenn að geta hoppað hæð sína í loft upp vegna þess að Sinistarr frá Detroit ætlar að mæta í dalinn.“

Urmull af íslensku tónlistarfólki mun að sama skapi stíga á svið. „Lára Rúnarsdóttir, prúðskeggjaði rafpopparinn Berndsen, SesarA og Reykjavíkurdætur voru að bætast í hópinn og svo smá danstónlistarstemning, en Orang Volante, Hidden People, og RVK DNB hópurinn mæta,“ segir Egill.

- ga



**STYTTIST** Stútfull dagskrá liggur nú fyrir, bæði innlendir og erlendir tónlistarmenn á heimsmælikvarða eru á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# ALLT FYRIR PARTÍIÐ

*Ekkert eðlulega gott*



**199** kr. stk.
DORITOS 170 G – NACHO CHEESE, COOL AMERICAN OG SWEET CHILLI

## EÐLA

1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur

Rjómaostur settur í eldfast mót, Doritos-sósu hellt yfir og rifnum osti stráð yfir. Bakað við 180 gráður þar til osturinn er orðinn gullinbrúnn.

**519** kr. stk. Rjómaostur

**389** kr. stk. Pizzaostur

**349** kr. stk. Doritos-sósa

**199** kr. stk. Pepsi Max 2 l

**199** kr. stk. Pepsi 2 l

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 152303

## OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMIÐ EURÓVISIONPARTÍ



Lay's | Bugles | Voga ídýfa | Magnum súkkulaðiís 3 pk. | Red Bull orkudrykkur 4 pk. | Pepsi og Pepsi Max 4 x 2 l

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

## Gísla og Sunnu spáð velgengni í sumar

**GOLF** Gísli Sveinbergsson úr Keili og Sunna Víðisdóttir úr GR verða stigameistarar í lok tímabilsins ef marka má spá sérfræðinga sem kynnt var á kynningarfundi Eimskipsmótaraðarinnar í gær. Fyrsta mót keppnistímabilsins á Eimskipsmótaröðinni í golfi fer fram um helgina á Hólmsvelli í Leiru hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Alls verða mótin sex á Eimskipsmótaröðinni.

Sunna fékk 53 stig af alls 80 mögulegum í spá sérfræðinganna sem valdir voru af GSÍ. Þar á eftir komu þær Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK (46), Ragnhildur Kristinsdóttir, GR (39), Karen Guðnadóttir, GS (31) og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR (17).

Gísli fékk 51 stig af alls 80 mögulegum en þar á eftir komu þeir Kristján Þór Einarsson, GM (46), Haraldur Franklín Magnús, GR (26), Guðmundur Ágúst Kristjánsson, GR (20), og Axel Bóasson, GK (19). **- óój**



## Atli Viðar komst í 100 marka klúbbinn og ÍBV fékk stig

**FÓTBOLTI** FH er komið á topp Pepsi-deildar karla eftir öruggan sigur á ÍA í gær. ÍA hefur ekki unnið í Krikanum síðan 2001.

Leikurinn var sögulegur fyrir þær sakir að Atli Viðar Björnsson skoraði sitt 100. mark í efstu deild. Hann er fjórði leikmaðurinn sem kemst í 100 marka klúbbinn.

Eyjamenn náðu loksins að skora sín fyrstu mörk í deildinni í sumar. Þau dugðu fyrir fyrsta stiginu. Það kom gegn Leikni sem lét fresta leiknum til 19.15 þar sem nokkrir leikmanna liðsins urðu sjóveikir af ferðinni út í Eyjar.

Blikar urðu svo ekki fyrsta liðið til að byrja mótið með fjórum jafnteflum. Loksins kom sigur hjá þeim er Valur kom í heimsókn. **- hbg**



**EITT STIG Á KJAFT** Víkingur og Stjarnan gerðu jafntefli í hörkuleik í Víkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fylkir 1-3 KR

**Fylkisvöllur**
Áhorf: 1.190
**Þóroddur Hjaltalín (6)**

**Mörkin:** 0-1 Sören Frederiksen (6.), 1-1 Albert Brynjar Ingason (22.), 1-2 Skúli Jón Friðgeirsson (35.), 1-3 Þorsteinn Már Ragnarsson (90.).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Halldórsson 5 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Tonci Radovnikovic 5, Ásgeir Eyþórsson 6, Daði Ólafsson 6 - Elís Rafn Björnsson 5, Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Oddur Ingi Guðmundsson 4 (87. Kolbeinn Birgir Finnsson -)- Ragnar Bragi Sveinsson 4 (78. Ingimundur Níels Óskarsson -), Davíð Einarsson 4 (64. Andrés Már Jóhannesson 5), Albert Brynjar Ingason 8.

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 6 - Gonzalo Balbi 7, **Skúli Jón Friðgeirsson 8***, Rasmus Christiansen 5, Gunnar Þór Gunnarsson 6 - Jónas Guðni Sævarsson 7, Pálmi Rafn Pálmason 6, Jacob Schoop 7 - Óskar Örn Hauksson 7 (85. Grétar S. Sigurðarson -), Sören Fredriksen 6 (77. Almarr Ormarsson -), Gary Martin 5 (56. Þorsteinn Már Ragnarsson 6).

**Skot (á mark):** 10-14 (3-6) **Horn**: 4-4

**Varin skot:** Bjarni Þórður 3 - Stefán Logi 2



**HETJAN** Höskuldur Gunnlaugsson tryggði fyrsta sigur Blika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Breiðablik 1-0 Valur

**Kópavogsvöllur**
Áhorf: 1.246
**Erlendur Eiríksson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Höskuldur Gunnlaugsson (81.).

**BREIÐABLIK (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 8*** - Guðmundur Friðriksson 5, Elfar Freyr Helgason 6, Damir Muminovic 6, Kristinn Jónsson 6 - Oliver Sigurjónsson 6, Arnþór Ari Atlason 6, Andri Rafn Yeoman 5 (68. Atli Sigurjónsson 6) - Guðjón Pétur Lýðsson 6 (93. Olgeir Sigurgeirsson -), Höskuldur Gunnlaugsson 7 (83. Davíð Kristján Ólafsson -), Ellert Hreinsson 3.

**VALUR (4-3-3):** Ingvar Kale 6 - Baldvin Sturluson 6, Thomas Guldberg Christensen 6, Orri Sigurður Ómarsson 6, Bjarni Ólafur Eiríkisson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6 - (21. Ian Williamson 6), Andri Fannar Stefánsson 6, Kristinn Freyr Sigurðsson 8 - Sigurður Egill Lárusson 5, Andri Adolphson 7 (77. Tómas Óli Garðarsson -), (82. Daði Bergsson -), Patrick Pedersen 6 .

**Skot (á mark):** 11-15 (6-5) **Horn**: 3-5

**Varin skot:** Gunnleifur 5 - Ingvar 4

# Bestur á móti þeim bestu

Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað fimm af sjö mörkum sínum á móti sex efstu liðum ensku úrvalsdeildarinnar. Aðeins einn maður hefur gert betur á þessu tímabili og það er markakóngurinn Sergio Agüero.

**FÓTBOLTI** Mark Gylfa Þórs Sigurðssonar á móti Manchester City um síðustu helgi dugði ekki til stiga á móti fráfarandi Englandsmeisturum en sá til þess að íslenski landsliðsmaðurinn hjá Swansea City komst í fámennan hóp.

Fréttablaðið skoðaði markaskor leikmanna í ensku úrvalsdeildinni og einkum það á móti hvaða liðum þeir hafa skorað. Niðurstöðurnar ýta enn frekar undir það hversu flott tímabil Gylfi hefur átt með Swansea í vetur.

Gylfi hefur sýnt það og sannað að Tottenham var að missa frábæran leikmann frá White Hart Lane síðasta sumar. Það sem stendur þó líklega upp úr eru samt mörkin hans Gylfa á móti bestu liðum deildarinnar því hann skoraði sitt fimmta mark á móti topp sex liði í City-leiknum.

Argentínumaðurinn Sergio Agüero er reyndar í sérflokki bæði á þessum lista sem og á sjálfum markalistanum. Agüero hefur skoraði 11 af 25 mörkum sínum í ensku úrvalsdeildinni í tíu leikjum sínum á móti sex efstu liðunum. Hann skoraði þó fimm mörk í tveimur leikjum við Tottenham og var því „bara“ með tveimur mörkum meira en Gylfi á móti liðunum í fimm efstu sætunum.

### Deilir öðru sætinu með Kane

Gylfi deilir öðru sætinu með spútnikstjörnunni Harry Kane hjá Tottenham en báðir hafa þeir skorað fimm mörk gegn bestu liðum deildarinnar.

Kane þakkað Gylfa reyndar fyrir framfarastökkið sitt því Gylfi var með honum á ótal aukaæfingum þegar þeir voru saman hjá Spurs. Þeim sem þekkja vel til Gylfa kemur ekki mikið á óvart að hann hafi verið tilbúinn að fínpússa spyrnutækni sína utan venjulegra æfinga.

Saido Berahino hjá West Bromwich Albion nálgaðist Gylfa reyndar með því að skora tvö mörk í 3-0 sigri á toppliði Chelsea á mánudagskvöldið en hann hafði „bara“ skoraði tvö mörk í hinum tíu leikjum sínum á móti efstu liðunum og fékk því ekki inngöngu í hóp þeirra Agüeros, Gylfa og Kane.

Gylfi hefur skoraði á móti öllum liðunum á topp sex nema Englandsmeisturum Chelsea. Gylfi spilaði í 180 mínútur í leikjunum við lærisveina Jose Mourinho en Swansea tapaði þeim báðum stórt, fyrst 4-2 á Stamford Bridge og svo 5-0 á heimavelli sínum.

Gylfi gaf tóninn strax í fyrsta leik með því að leggja upp fyrsta mark ensku úrvalsdeildarinnar og skora síðan sigurmarkið í leik Swansea á móti Manchester United á Old Trafford í fyrstu umferðinni.

Gylfi skoraði síðan stórglæsilegt mark beint úr aukaspyrnu í heimasigri á Arsenal og skoraði bæði á móti sínum gamla knattspyrnustjóra (Brendan Rodgers hjá Liverpool) og sínum gömlu félögum í Tottenham en bæði mörkin komu í tapleikjum á útivelli.

Fimmta markið kom síðan á móti City um síðustu helgi og það var klassískt Gylfamark þar sem hann fékk að leggja boltann fyrir sig fyrir framan vítateiginn og þá er ekki að sökum að spyrja.

### Leggur meira upp á móti hinum

Gylfi spilaði alla tólf leikina á móti sex efstu liðunum í vetur og var með fimm mörk og eina stoðsendingu í þeim. Hann var síðan með tvö mörk og níu stoðsendingar í 20 leikjum á móti liðunum í sjöunda til tuttugasta sæti.

Gylfi er í hópi markahæstu manna Swansea-liðsins á tímabilinu en aðeins þeir Wilfried Bony (9 mörk, fór til Manchester City í janúar) og Sung-Yong Ki (8 mörk) hafa skorað fleiri.

Lokaleikur liðsins er á móti Crystal Palace á útivelli á sunnudaginn en Gylfi lagði upp mark fyrir umræddan Bony í 1-1 jafntefli í fyrri leiknum.

Crystal Palace er í 12. sæti ensku úrvalsdeildarinnar og það er því ljóst að Gylfi skorar ekki fleiri mörk á móti efstu liðunum á þessu tímabili. Þá eiga leikmenn með fjögur slík mörk líka möguleika á að bæta við í síðustu umferðinni á sunnudaginn en þeir Saido Berahino (leikur við Arsenal í lokaumferðinni) og Steven Naismith (Tottenham) þurfa báðir bara eitt mark til að komast í hópinn.

**ooj@frettabladid.is**




**FIMMTA MARKIÐ** Gylfi Þór Sigurðsson fagnar markinu á móti Man. City um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### FLEST MÖRK Á MÓTI SEX EFSTU LIÐUNUM Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI 2014-15:

**SERGIO AGÜERO, MAN. CITY 11**
(2 á móti Arsenal, 3 á móti Manchester United, 1 á móti Liverpool og 5 á móti Tottenham).

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON, SWANSEA 5**
(1 á móti Manchester City, 1 á móti Arsenal, 1 á móti Manchester United, 1 á móti Liverpool og 1 á móti Tottenham).

**HARRY KANE, TOTTENHAM 5**
(2 á móti Chelsea, 2 á móti Arsenal, 1 á móti Liverpool).

| | |
|---|---|
| Charlie Austin, Queens Park Rangers | 4 |
| Eden Hazard, Chelsea | 4 |
| Olivier Giroud, Arsenal | 4 |
| Saido Berahino, West Bromwich Albion | 4 |
| Leonardo Ulloa, Leicester | 4 |
| Diafra Sakho, West Ham | 4 |
| Juan Mata, Manchester United | 4 |
| Steven Naismith, Everton | 4 |
| Bafetimbi Gomis, Swansea | 4 |
| Jason Puncheon, Crystal Palace | 4 |

Diego Costa (Chelsea), Christian Benteke (Aston Villa), Wayne Rooney (Manchester United), Graziano Pellè (Southampton), Papiss Demba Cissé (Newcastle), Steven Gerrard (Liverpool), Sung-Yong Ki (Swansea), Glenn Murray (Crystal Palace), Kevin Mirallas (Everton), Ayoze Pérez (Newcastle), David Nugent (Leicester), Dusan Tadic (Southampton), Cheikhou Kouyaté (West Ham), Abel Hernández (Hull) allir 3 mörk







### ÍBV 2-2 Leiknir

**Hásteinsvöllur**
Áhorf: 645
**Pétur Guðmunds. (3)**

**Mörkin:** 0-1 Halldór Kristinn Halldórsson (2.), 1-1 Víðir Þorvarðarson (20.), 1-2 Ólafur Hrannar Kristjánsson (29.), 2-2 Ian Jeffs (69.).

**ÍBV (4-4-2):** Guðjón Orri Sigurjónsson 6 - Benedikt Októ Bjarnason 4, Avni Pepa 6, Hafsteinn Briem 6, Jón Ingason 7 - Víðir Þorvarðarson 6 (86., Dominic Khori Adams -), **Ian Jeffs 7*,** Mees Junior Siers 6, Aron Bjarnason 5 - Bjarni Gunnarsson 5 (66., Jonathan Glenn 5), Gauti Þorvarðarson 6 (74., Gunnar Þorsteinsson -).

**LEIKNIR (4-4-2):** Eyjólfur Tómasson 5 - Eiríkur Ingi Magnússon 5, Edvard Börkur Óttharsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 6 (27., Gestur Ingi Harðarson 5), Charley Fomen 5 - Ólafur Hrannar Kristjánsson 7 (75., Elvar Páll Sigurðsson -), Atli Arnarson 5, Sindri Björnsson 5, Amath Diedhiou 6 - Hilmar Árni Halldórsson 6, Kolbeinn Kárason 3 (79., Kristján Páll Jónsson -).

**Skot (á mark):** 8-13 (5-5) **Horn**: 6-2

**Varin skot:** Guðjón Orri 3 - Eyjólfur 3

### FH 4-1 ÍA

**Kaplakrikav.**
Áhorf: 1.632
**Vilhjálmur Alvar (6)**

**Mörkin:** 1-0 Atli Viðar Björnsson (29.), 2-0 Brynjar Ásgeir Guðmundsson (39.), 3-0 Arnór Snær Guðmundsson, sjm (55.), 4-0 Jeremy Serwy (72.), 4-1 Arsenij Buinickij (79.).

**FH (4-4-2):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 7, Pétur Viðarsson 6, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 7, Böðvar Böðvarsson 7 - Atli Guðnason 8, Davíð Þór Viðarsson 7, **Bjarni Þór Viðarsson 8*** (80. Þórarinn Ingi Valdimarsson -), Sam Hewson 7 - Steven Lennon 7 (69. Jeremy Serwy 6), Atli Viðar Björnsson 7 (85. Kristján Flóki Finnbogason -).

**ÍA (4-5-1):** Árni Snær Ólafsson 6 - Þórður Þorsteinn Þórðarson 4, Ármann Smári Björnsson 4, Arnór Snær Guðmundsson 3 (73. Gylfi Veigar Gylfason -), Teitur Pétursson 4 - Marko Andelkovic 3 (70. Arsenij Buinickij 6), Jón Vilhelm Ákason 5, Albert Hafsteinsson 3, Arnar Már Guðjónsson 3, Ásgeir Marteinsson 2 - Garðar Gunnlaugsson 5.

**Skot (á mark):** 18-6 (9-4) **Horn**: 10-3

**Varin skot:** Róbert 3 - Árni Snær 6

### Víkingur 2-2 Stjarnan

**Víkingsvöllur**
Áhorf: 1.270
**Gunnar Jarl Jónsson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Rolf Toft (1.), 1-1 Alan Lowing, sjm (20.), 2-1 Andri Rúnar Bjarnason (41.), 2-2 Jeppe Hansen (45.).

**VÍKINGUR (4-3-3):** Denis Cardaklija 5 - Dofri Snorrason 6, Milos Zivkovic 6, Alan Lowing 6, Halldór Smári Sigurðsson 5 - Finnur Ólafsson 6 (75. Ívar Örn Jónsson -), **Igor Taskovic 7*,** Haukur Baldvinsson 6 - Davíð Örn Atlason 6 (59. Arnþór Ingi Kristinsson 5), Rolf Toft 6 (70. Pape Mamadou Faye 5), Andri Rúnar Bjarnason 7.

**STJARNAN (4-3-3):** Gunnar Nielsen 6 - Heiðar Ægisson 6, Daníel Laxdal 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Hörður Árnason 5 - Þorri Geir Rúnarsson 7, Pablo Punyed 6 (59. Veigar Páll Gunnarsson 6), Halldór Orri Björnsson 7 - Arnar Már Björgvinsson 6 (66. Þórhallur Kári Knútsson 5), Ólafur Karl Finsen 5, Jeppe Hansen 6 (69. Garðar Jóhannsson 5).

**Skot (á mark):** 14-9 (6-4) **Horn**: 8-3

**Varin skot:** Denis 2 - Gunnar 4

### Fjölnir 1-0 Keflavík

**Fjölnisvöllur**
Áhorf: 768
**Valgeir Valgeirsson (5)**

**Mörkin:** 1-0 Þórir Guðjónsson, víti (82.)

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 6 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 6, Daniel Ivanovski 7, **Bergsveinn Ólafsson 7***, Viðar Ari Jónsson 7 - Ólafur Páll Snorrason 6 (74. Mark Charles McGee -), Gunnar Már Guðmundsson 6, Emil Pálsson 4 - Aron Sigurðarson 5 (69. Birnir Snær Ingason 5), Guðmundur Karl Guðmundsson 4, Þórir Guðjónsson 6.

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Richard Arends 6 - Insa Bohigues Fransisco 6, Einar Orri Einarsson 7, Haraldur Freyr Guðmundsson 7, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Guðjón Árni Antoníusson 5, Hólmar Örn Rúnarsson 6, Indriði Áki Þorláksson 4 (65. Daníel Gylfason 5) - Frans Elvarsson 3, Samuel Jimenez Hernandez 5 (78. Jóhann Birnir Guðmundsson -), Hörður Sveinsson 4 (65. Magnús Sverrir Þorsteinsson 5).

**Skot (á mark):** 12-10 (6-4) **Horn**: 3-5

**Varin skot:** Þórður 4 - Arends 5

### PEPSI DEILDIN 2015

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 4 | 3 | 0 | 1 | 9-4 | 9 |
| Stjarnan | 4 | 2 | 2 | 0 | 6-3 | 8 |
| KR | 4 | 2 | 1 | 1 | 8-6 | 7 |
| Fjölnir | 4 | 2 | 1 | 1 | 3-3 | 7 |
| Víkingur | 4 | 1 | 3 | 0 | 8-6 | 6 |
| Breiðablik | 4 | 1 | 3 | 0 | 5-4 | 6 |
| Leiknir | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-4 | 5 |
| Fylkir | 4 | 1 | 2 | 1 | 6-5 | 5 |
| Valur | 4 | 1 | 1 | 2 | 4-6 | 4 |
| ÍA | 4 | 1 | 1 | 2 | 3-6 | 4 |
| Keflavík | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-7 | 1 |
| ÍBV | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-8 | 1 |

### NÆSTU LEIKIR

**Mánudagur 25. maí**: 17.00 KR-ÍBV 19.15 Valur-Fjölnir, Keflavík-Fylkir.
**Þriðjudagur 26. maí**: 19.15 Leiknir-Víkingur, ÍA-Breiðablik, 20.00 Stjarnan-FH.

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins



**ALLTAF JAFN GAMAN** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum ásamt félögum sínum í Gróttuliðinu. Grótta vann þrjá titla í vetur sem voru þeir þrír fyrstu í sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Aldrei verið stressuð í íþróttaleik

Lið með Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur innanborðs hefur unnið tólf einvígi í röð í úrslitakeppni kvennahandboltans og hún hefur orðið Íslandsmeistari í síðustu fimm úrslitakeppnum sínum. Hún vann þrefalt með Gróttu í vetur.

**HANDBOLTI** Vörn er sögð vinna titla og sjaldan á það betur við en hjá handboltakonunni Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur sem varð á dögunum Íslandsmeistari í fimmta sinn á sex árum. Í raun má segja að hún hafi verið Íslandsmeistari í fimmta skiptið í röð því vorið 2013 tók hún ekki þátt í úrslitakeppninni þar sem hún var ófrísk. Anna Úrsúla sneri hinsvegar aftur í handboltann ári seinna og endurheimti titilinn með Valsliðinu. Síðast sumar fór hún síðan aftur heim í Gróttu og hjálpaði Gróttu að vinna sína þrjá fyrstu titla í kvennahandboltanum.

### Tapaði síðast vorið 2005

„Þetta var yndislegt og alveg magnað. Það er sem betur fer orðið mjög langt síðan að ég tapaði því það er ekki tilfinning sem þú vilt upplifa," segir Anna Úrsúla Guðmundsdóttir.

Anna Úrsúla hefur verið í sigurliði í tólf einvígum í röð eða í öllum einvígum í úrslitakeppni kvenna frá og með 2010. Hennar lið var síðast „sent" í sumarfrí 6. apríl 2005 þegar lið Gróttu/KR tapaði á móti Stjörnunni í átta liða úrslitum. Það var engin úrslitakeppni 2006 til 2008 og þá komst Grótta ekki í úrslitakeppnina 2009.

„Ég vil alls ekki fara að taka neina ábyrgð á þessu ein. Þetta snýst um liðið því ef að það er karakter í liðinu þá er allt mögulegt. Þetta byggist bara á því að trúa þessu og að þú getir þetta alveg því þá er allt hægt. Það er mjög margir sem flaska á því að hugarfarið er bara svo ótrúlega stór hluti af þessu," segir Anna Úrsúla.

Anna Úrsúla og Eva Margrét Kristinsdóttir mynda miðjuna í hinni frábæru vörn Gróttuliðsins og það sleppa ekki margir boltar framhjá þeim.

„Við erum óhræddar við að öskra á hvora aðra ef það er eitthvað sem okkur líkar ekki við," segir Anna um samstarfið þeirra og hún hrósar líka Írisi í markinu.

„Fyrir utan að vinna svakalega vel með vörninni þá er hún ótrúlegur markvörður," segir Anna. Anna Úrsúla og Írsi verða áfram á Nesinu næsta vetur. „Við erum báðar með samning við Gróttu og erum mjög sáttar við lífið. Þetta var ekki leiðinlegur vetur og það er um að gera að upplifa hann aftur," segir Anna sem varð þrítug fyrr í mánuðinum.

Anna vann nú titilinn í fyrsta sinn með sínu uppeldisfélagi en Anna vill ekki segja að það hafi skemmtilegra að vinna með Gróttu heldur en Val. „Mér finnst ótrúlega gaman að koma aftur í Gróttu og allt það. Að vinna titil með liði og vinkonum sínum sem maður er að æfa með á hverjum degi, það er alltaf ólýsanlegt," segir Anna Úrsúla og það leynir sér ekki að titilinn árinu áður er henni ofarlega í huga.

### Þykir vænt um 2014-titilinn

„Mér fannst sérstaklega vænt um síðasta titilinn sem ég vann með Val. Þá var ég að koma til baka eftir barnsburð. Við vorum tvær þarna, ég og Rebekka (Skúladóttir), sem vorum að rífa okkur upp eftir barnsburð og vorum ótrúlega stoltar af okkur. Við vorum kannski ekki í besta forminu okkar og þá fann maður kannski enn þá meira fyrir því hversu erfitt þetta var á meðan hitt var meira komið svolítið upp í vana. Þessir titlar eru samt alltaf eins. Fólk er að segja að titlarnir séu betri með uppeldisfélaginu og allt það og mér þykir ótrúlega vænt um þá. Allur þessi sviti, blóð og tár sem maður hefur upplifað með Val er ómetanlegt líka," segir Anna.

### Segist vera spes karakter

Stress er eitthvað sem Anna Úrsúla segist ekki þekkja inn á vellinum.

„Ég er mjög spes karakter því ég held að ég hafi aldrei verið stressuð í neinum íþróttaleik síðan ég fæddist en svo fæ ég með mesta prófstress dauðans. Málið er bara að þú gerir bara það inn á vellinum sem þú getur gert. Ef þú leggur þig hundrað prósent fram þá er ekki hægt að kvarta yfir eða að vera stressuð yfir. Þú getur ekki stjórnað öllu öðru. Þegar þú átta þig á því þá er þetta bara gaman," segir Anna og hún var óhrædd að láta í sér heyra í vetur.

„Ég held að hafi kannski talað fullt mikið að mati Kára. Ég talaði alveg óspart og tel að það sé stundum gott að fá nýja sýn á hlutina. Ég lét alveg í mér heyra hvort sem það var inn á vellinum, á æfingum eða í leikhléum. Ég vona að hann erfi það ekki við mig því það var allt vel meint," segir Anna.

Hún leggur líka áherslu á það að leikmaðurinn sem fær flesta sóknarmenn deildarinnar til að taka krók á leið sinni sér ekki sá sami og konan á bak við hann. „Þetta er eins og fólk segir þegar það kynnist mér: Ég hélt þú værir svo geðveikt mikil tík og svo ertu bara indæl. Ég svara bara: Ég er ekki manneskjan sem ég er inn á vellinum því þá er ég bara að keppa. Þetta eru svolítil hamskipti," segir Anna Úrsúla.

ooj@frettabladid.is



## ANNA ÚRSÚLA ÍSLANDSMEISTARI „FIMM" ÁR Í RÖÐ

**VALUR 2010**
Valur vann Hauka 2-0 í undanúrslitum og Fram 3-1 í lokaúrslitum. Anna Úrsúla skoraði 25 mörk í 6 leikjum í úrslitakeppninni. Fyrsti Íslandsmeistaratitili kvennaliðs Vals frá árinu 1983. Valur varð einnig deildarmeistari en tapaði bikarúrslitaleiknum á móti Fram.

**VALUR 2011**
Valur vann Fylki 2-0 í undanúrslitum og Fram 3-0 í lokaúrslitum. Anna Úrsúla skoraði 25 mörk í 5 leikjum í úrslitakeppninni. Kvennalið Vals varði titilinn í fyrsta sinn frá 1974. Valur varð einnig deildarmeistari en tapaði bikarúrslitaleiknum á móti Fram.

**VALUR 2012** ÞREFALT
Valur vann Stjörnuna 3-0 í undanúrslitum og Fram 3-2 í lokaúrslitum. Anna Úrsúla skoraði 33 mörk í 8 leikjum í úrslitakeppninni. Valur varð einnig bikarmeistari eftir 27-18 sigur á ÍBV í úrslitaleik og Valsliðið varð einnig deildarmeistari.

**EKKI MEÐ 2013** FRAM VARÐ MEISTARI
Anna Úrsúla var í barneignarfríi frá því um miðjan janúar og var ekki með Val í úrslitakeppninni. Valsliðið tapaði án hennar í undanúrslitum á móti Stjörnunni. Fram vann Stjörnuna í úrslitunum.

**VALUR 2014** TVÖFALT
Valur vann Hauka 2-0 í 8 liða úrslitunum, ÍBV 3-1 í undanúrslitum og Stjörnuna 3-2 í lokaúrslitum. Anna Úrsúla skoraði 54 mörk í 11 leikjum í úrslitakeppninni. Valur varð einnig bikarmeistari eftir 24-19 sigur á Stjörnunni í úrslitaleik.

**GRÓTTA 2015** ÞREFALT
Grótta vann Selfoss 2-0 í 8 liða úrslitunum, ÍBV 3-2 í undanúrslitum og Stjörnuna 3-1 í lokaúrslitum. Anna Úrsúla skoraði 40 mörk í 11 leikjum í úrslitakeppninni. Grótta varð einnig deildarmeistari og bikarmeistari eftir 29-14 sigur á Val í úrslitaleik.



# SECRET × SOLSTICE × 2015

DAGUR ALLA NÓTTINA × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ

## WU-TANG CLAN [US]

**FKA TWIGS** [UK] **CHARLES BRADLEY** [US]
**KELIS** [US] **THE WAILERS** [JM] **HJÁLMAR** [IS]
**GUSGUS** [IS] **MØ** [DK] **FLIGHT FACILITIES** [AU]
**HERCULES AND LOVE AFFAIR** [US] **HAM** [IS]
**NIGHTMARES ON WAX** LIVE [UK]

Í STAFRÓFSRÖÐ

**AGENT FRESCO** [IS] **BAM MARGERA'S EARTH ROCKER / FFU** [US]
**FM BELFAST** [IS] **FOREIGN BEGGARS** [UK] **GÍSLI PÁLMI** [IS]
**GREEN VELVET** [US] **GUTI** LIVE [AR] **HEIDI** [UK] **HELGI BJÖRNS** [IS]
**KINK** LIVE [BG] **MISS KITTIN** [US] **MOODYMANN** [US] **MUGISON** [IS]
**NICK CURLY** [DE] **RETRO STEFSON** [IS] **ROUTE 94** [UK] **SKREAM** [UK]
**STORMZY** [UK] **SUBMOTION ORCHESTRA** [UK] **ZERO 7** DJ [UK]
**TOTALLY ENORMOUS EXTINCT DINOSAURS** DJ [UK]

---

**ANUSHKA** [UK] **ARTWORK** [UK] **BERNDSEN** [IS] **BLAZ ROCA** [IS] **DANIEL AVERY** [UK]
**DETROIT SWINDLE** [NL] **DIKTA** [IS] **DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP** [IS] **DROOG** [US] **ENSÍMI** [IS]
**EMMSJÉ GAUTI** [IS] **EROL ALKAN** [UK] **FOX TRAIN SAFARI** [IS] **HALLELUWAH** [IS]
**JAVI BORA** [ES] **JASPER JAMES** [UK] **JÚNÍUS MEYVANT** [IS] **KLOSE ONE** [UK] **LEDFOOT** [US]
**LEON VYNEHALL** [UK] **DJ MARGEIR** [IS] **SAMARIS** [IS] **SERGE DEVANT** [US] **SINISTARR** [US]
**ÚLFUR ÚLFUR** [IS] **VALDIMAR** [IS] **WANKELMUT** [DE]

---

**7 BERG** [IS] **ALVIA ISLANDIA** [IS] **ARKIR** [IS] **AXEL FLÓVENT** [IS] **BENNY CRESPO'S GANG** [IS] **BENSOL** [IS] **BONES** [CA]
**BORG** DJ [IS] **CHEDDY CARTER** [IS] **CLASS B** [IS] **CASANOVA** [IS] **EGILL TINY** [IS] **FRÍMANN** [IS] **GEIMFARAR** [IS]
**GERVISYKUR** [IS] **GHOST CULTURE** [UK] **HIDDEN PEOPLE** [IS] **INTRØBEATZ** LIVE [IS] **KAMERA** [UK] **KIAT** [SG] **KILO** [IS]
**KIRIYAMA FAMILY** [IS] **KSF** [IS] **KÆLAN MIKLA** [IS] **LAGAFFE TALES** DJ [IS] **LAFONTAINE** LIVE [IS] **LÁRA RÚNARS** [IS]
**LILY THE KID** [IS] **MELLA DEE** [UK] **MÁNI ORRASON** [IS] **MÆLGINN** [IS] **PANDA** [UK] **REYKJAVÍKURDÆTUR** [IS]
**RIX** [IS] **RVK DNB** [IS] **SESAR A** [IS] **SHADES OF REYKJAVÍK** [IS] **SHAMAN SHAWARMA** [IS] **STURLA ATLAS** [IS]
**STURLE DAGSLAND** [DK] **STEINDÓR JÓNSSON** [IS] **TETRIZ TAKEOVER** [IS] **UNI STEFSON** [IS] **VALBY BRÆÐUR** [IS]
**VIO** [IS] **WONKERS** [IS] **YAMAHO** [IS] **YOUNG KARIN** [IS] **ÞRIÐJA HÆÐIN** [IS] **OG FLEIRI OG FLEIRI ...**

---

TÆPLEGA 300 MIÐAR EFTIR Á FORSÖLUVERÐI
MIÐASALA Á TIX.IS, Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK

WOW air · ÍCELANDIC GLACIAL · 66° NORTH · VÍKING Léttöl · Coca-Cola · last.fm

---



SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE

# DAGSKRÁ



**20:30**
**MATARGLEÐI EVU**
Í þessum þætti ætlar Eva Laufey að matreiða gómsæta franska rétti frá uppáhalds borginni hennar sem er París. Lauksúpa, kræklingur í hvítvíns-chilisósu og franskar makkarónur.
***Allar uppskriftir úr þáttunum eru á: visir.is/matur***


FRÁBÆR
**FIMMTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**


**20:50**
**BATTLE CREEK**
Glæpaþættir með gamansömu ívafi sem fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalögreglumenn en þeir hafa mismunandi skoðun á öllum hlutum!



**21:35**
**THE BLACKLIST**
Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.




**22:20**
**THE FOLLOWING**
Þriðja þáttaröðin um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy. Sýndir verða tveir síðustu þættirnir.




**22:00**
**THE LUCKY ONE**
Áhrifamikil mynd um ungan hermann sem snýr aftur heim eftir herskyldu og hefur leit að ástinni sinni. Með aðalhlutverk fer Zac Efron.



**19:00**
**COMMUNITY**
Skemmtilegir þættir um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindi sín og neyðist til að setjast á skólabekk á ný.




**07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 iCarly** *(11.45)*
**08.05 The Middle** *(5.24)*
**08.30 Masterchef USA** *(14.25)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(161.175)*
**10.15 60 mínútur** *(12.53)*
**11.25 Dads** *(2.19)*
**11.45 Jamie's 30 Minute Meal**
**12.10 Enlightened** *(5.8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Say Anything**
**14.40 Hook .**
**17.16 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag.**
**19.40 Fóstbræður** *(5.8)*
**20.05 Anger Management** *(19.22)*
**20.30 Matargleði Evu** *(10.12)* Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni. Ferskt pasta, franskar makkarónur, humarsúpa, ítalskar kjöbollur, skyrkaka, brunch, barnamauk og matur fyrir þau yngstu, súkkulaðikökur, pestó, kjúklingasalöt eru dæmi um rétti sem Eva matreiðir í þáttunum. Eva leggur einnig ríka áherslu á matargerð frá grunni og kennir áhorfendum að töfra fram mat á skemmtilegan hátt.
**21.05 Battle Creek** *(3.13)*
**21.50 The Blacklist** *(22.22)*
**23.20 The Following** *(15.15)*
**00.05 Mad Men** *(13.14)*
**01.05 Better Call Saul** *(9.10)*
**01.50 NCIS. New Orleans** *(19.23)*
**02.40 The Sessions** Dramatísk mynd sem sópað hefur til sín verðlaunum með John Hawkes, Helen Hunt og William H. Macy í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um hinn 38 ára gamla Mark O/Brian sem er með járnlunga, hann ákveður að nú vilji hann ekki lengur vera hreinn sveinn. Með hjálp meðferðarfulltrúa og prests, þá hefur hann samband við vændiskonununa Cheryl Cohen-Greene sem á að breyta því. Myndin er innblásin af sannri sögu, og fjallar um hið heillandi samband sem verður til á milli Cheryl og Mark á leið þeirra til missis sveindóms hans.
**04.10 Say Anything**
*(Láttu það flakka)*
**05.50 The Middle** *(5.24)*
**06.10 Fóstbræður** *(5.8)*
**06.40 Myndbönd**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Fylkir - KR**
**08.50 Pepsímörkin**
**11.30 NBA - Playoff Games Atlanta - Cleveland. Leikur 1**
**13.20 Demantamótaröðin - Doha**
**15.45 Meistarad. Evrópu- Fréttaþáttur**
**16.15 Atletico Madrid - Barcelona**
**18.00 Fylkir - KR**
**19.50 Pepsímörkin**
**21.05 Goðsagnir efstu deildar**
**21.40 Espanyol - Real Madrid**
**23.20 UFC Now**
**00.10 NBA Larry Bird's 50 Greatest Moments**
**01.00 NBA - Playoff Leikur 2** Bein útsending frá leik Golden State Warriors og Houston Rockets.

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Sunderland**
**10.00 Man. Utd. - Arsenal**
**11.50 Sunderland - Leicester**
**13.40 West Ham - Everton**
**15.25 Liverpool - Crystal Palace**
**17.10 Messan**
**18.20 Arsenal - Sunderland**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Southampton - Aston Villa**
**22.15 Middlesbrough - Brentford**
**00.05 Norwich - Ipswich**
**01.55 Premier League World**

## STÖÐ 3

**19.00 Community** *(1.13)*
**19.25 Last Man Standing** *(2.22)*
**19.50 Hot in Cleveland** *(18.22)*
**20.10 Dallas** *(9.15)*
**20.55 Sirens** *(1.10)*
**21.20 Supernatural** *(1.23)*
**22.05 The Lottery** *(6.10)*
**22.45 American Horror Story. Coven**
**23.30 Community** *(1.13)*
**23.55 Last Man Standing** *(2.22)*
**00.15 Hot in Cleveland** *(18.22)*
**00.40 Dallas** *(9.15)*
**01.20 Sirens** *(1.10)*
**01.45 Supernatural** *(1.23)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna **07.47** Skoppa og Skrítla **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Lína Langsokkur **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.50** Skoppa og Skrítla **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Tommi og Jenni **13.53** Leyndarmál vísindanna **14.00** Lína Langsokkur **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin Strumpabæ. **15.25** Ævintýri Tinna **15.50** Skoppa og Skrítla **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Tommi og Jenni **17.53** Leyndarmál vísindanna **18.00** Lína Langsokkur **18.22** Kalli á þakinu**18.47** Ævintýraferðin**19.00** Open Season

## GULLSTÖÐIN

**17.50 Friends** *(18.24)*
**18.15 Modern Family**
**18.35 Mike & Molly** *(8.24)*
**19.00 The Big Bang Theory** *(1.24)*
**19.25 Sullivan & Son** *(2.10)*
**19.50 H8R** *(8.9)* Stórskemmtilegir þættir um fræga einstaklinga sem eru settir í sniðugar og oft vandræðalegar aðstæður með fólki sem hefur áður sagst hata þá. Þáttarstjórnandi er Mario Lopez og meðal þátttakenda eru Kim Kardashian, Eva Longoria, og Snookie úr Jersey Shore svo einhverjir séu nefndir.
**20.35 The Newsroom** *(3.9)*
**21.35 Ally McBeal** *(19.23)*
**22.20 Curb Your Enthusiasm** *(5.10)*
**22.50 Arrested Development** *(6.15)*
**23.30 Sullivan & Son** *(2.10)*
**23.55 H8R** *(8.9)*
**00.35 The Newsroom** *(3.9)*
**01.30 Ally McBeal** *(19.23)*
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40 Moonrise Kingdom**
**13.15 Hyde Park On Hudson**
**14.50 Four Weddings And A Funeral**
**16.50 Moonrise Kingdom**
**18.25 Hyde Park On Hudson**
**20.00 Four Weddings And A Funeral**
**22.05 The Lucky One** Áhrifamikil mynd um ungan hermann sem snýr aftur heim eftir að hafa lokið herskyldu og hefur leit að stúlkunni sem hann telur vera valdur að því að hann sneri heill heim úr stríðinu. Með aðalhlutverk fara Zac Efron og Taylor Schilling.
**23.50 Unforgiven**
**01.55 In the Electric Mist**
**03.40 The Lucky One .**

## ÍNN

**20.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi.**
**20.30 Landsbyggðin á Hrafnaþingi.**
**21.00 Frjáls verslun**
**21.30 Sjónvarp Víkurfrétta**

## RÚV

**16.05 Matador** *(10:24)*
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Kung Fu Panda** *(3:9)*
**17.43 Nína Pataló** *(27:39)*
**17.50 Leiðin til Vínarborgar**
**18.20 Fréttir**
**18.40 Íþróttir**
**18.45 Veðurfréttir**
**19.00 Eurovision 2015** Bein útsending frá seinni undankeppni Eurovision í Vínarborg í Austurríki þar sem Ísland er á meðal keppnisþjóða.
**21.05 Eurovision - Skemmtiatriðin** Sýnt frá atriðunum sem skemmtu áhorfendum í sal á seinni undanúrslitum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Vín.
**21.10 Frú Biggs** *(3:5)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(6:23)*
**23.05 Baráttan um þungavatnið** *(2:6)*
**23.50 Fréttir** Endursýndar Tíufréttir.
**00.05 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.45 Cheers** *(23.25)*
**14.10 The Voice** *(23.28)*
**15.40 The Voice** *(24.28)*
**16.25 Black-ish** *(4.13)*
**17.05 Survivor** *(12.15)*
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Minute To Win It Ísland** Minute To Win It Ísland hefur göngu sína á SkjáEinum! Í þættinum keppist fólk við að leysa tíu þrautir en fær eingöngu eina mínútu til að leysa hverja þraut. Ingó Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, stýrir þættinum af mikilli leikni og hvetur af krafti alla keppendur að klifra upp þrautastigann þar sem verðlaunin verða glæsilegri og veglegri með hverri sigraðri þraut.
**19.55 America's Funniest Home Videos**
**20.15 Royal Pains** *(6.13)*
**21.00 Scandal** *(22.22)*
**21.45 American Crime** *(8.11)*
**22.30 Sex & the City** *(7.18)*
**22.55 Nurse Jackie** *(7.10)*
**23.25 Law & Order** *(15.23)*
**00.10 Allegiance** *(13.13)*
**00.55 Penny Dreadful** *(3.8)*
**01.40 Scandal** *(22.22)*
**02.20 American Crime** *(8.11)*
**03.10 Sex & the City** *(7.18)*
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 PGA Tour 2015**
**13.00 Golfing World 2015**
**13.50 Champions Tour HIghligths**
**14.45 PGA Tour 2015- Highligths**
**15.35 European Tour 2015**
**19.35 Inside The PGA Tour 2015**
**20.00 PGA Tour 2015**
**23.00 Golfing World 2015**

## HRINGBRAUT

**10.00** Mannamál (e) **10.45** Heimsljós (e) **11.15 433**.is (e) **11.45** Eðaltónar (e) **12.00** Mannamál (e) **12.45** Heimsljós (e) **13.15 433**.is (e) **13.45** Eðaltónar (e) **14.00** Mannamál (e) **14.45** Heimsljós (e) **15.15 433**.is (e) **15.45** Eðaltónar (e) **16.00** Mannamál (e) **16.45** Heimsljós (e) **17.15 433**.is (e) **17.45** Eðaltónar (e) **18.00** Mannamál (e) **18.45** Heimsljós (e) **19.15 433**.is (e) **19.45** Eðaltónar (e) **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins List **22.00** Þjóðbraut (e) **23.00** Sjónarhorn (e) **23.30** Lífsins List (e)

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

KFC

## Fly on the Hot Wings of Love!




PIPAR\TBWA • SÍA • 151359

### 25 HOT WINGS

Við elskum Eurovision! Þess vegna er tilboð á Hot Wings á þriðjudag, fimmtudag og laugardag. 25 funheitir Hot Wings á aðeins:

**2.699 KR**



Mundu eftir Hot Wings sósunni!

**SVOOO GOTT**

## SKYNDIBITINN



**„Pulsa! Ég elska pulsur, dreymir þær á nóttunni og bestar eru þær í Jolla sjoppunni í Hafnarfirði, með sinnepinu.“**

Sigríður Klingenberg spámiðill

# María stígur á sviðið í Vínarborg í kvöld

Fjölskyldan er mætt út og styður sína konu, sem var pollróleg þegar hún flutti lagið fyrir dómara í gær.

María Ólafsdóttir keppir á seinna undanúrslitakvöldi Eurovision í Vín í kvöld. Hefur hún verið önnum kafin við að sinna fjölmiðlum sem keppast við að ná í skottið á henni, en gylltar, berar tær hafa hlotið verðskuldaða athygli í Vín.

Í gærkvöldi flutti hún lagið Unbroken, fyrir dómarana, sem er gríðarlega mikilvæg stund, því þeir hafa fimmtíu prósenta vægi á móti símakosningu almennings í kvöld. Var mál manna að þrátt fyrir gríðarlega pressu og mikið álag hefði hún verið pollróleg og öryggið uppmálað.

María tók á móti fjölskyldu sinni í gær, en auk hennar kom stórfjölskylda Ásgeirs Orra og Pálma Ragnars Ásgeirssona lagahöfunda, sem telur hátt í þrjátíu manns. Hún nær þó lítið að eyða tímanum með fjölskyldunni þar sem dagskráin er stíf og sagði María frá því að hún færi ekki út af hótelherberginu öðruvísi en að vera snurfusuð frá toppi til táar.

María verður tólfta í röðinni í kvöld, af sautján atriðum og er mál manna að mikil orka liggi í loftinu.

Mun María meðal annars etja kappi við Noreg og Svíþjóð, sem iðulega hafa átt góðu gengi að fagna í Eurovision, en sérlegir spekingar segja það vinna með okkur í þetta skiptið.

Verður spennandi að fylgjast með framvindu mála, í ljósi þess að Evrópa sneri baki við Norðurlöndunum í fyrri undankeppninni, og sátu Danir eftir með sárt ennið. - ga



**UPPLIFELSI** María á stóra sviðinu í gær. Fyrr um daginn knúsaði hún finnsku flytjendurna, en þeir duttu út, öllum að óvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/

Femarelle®
Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa
„Femarelle er algjört undraefni fyrir mig“
-Soffía Káradóttir



- Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.
- Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)
- Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.




**TÍMABUNDIN VIRKNI** Munurinn eftir að kremið var borið á húðina.



**FYRIR OG EFTIR** Hér hefur kremið verið borið á augnsvæðið.

# Undrakremið sem er að gera allt vitlaust

Það hefur ekki farið fram hjá neinum á Facebook að hér á landi er til sölu kremið Instantly Ageless sem fullyrt er að yngi um mörg ár á tveimur mínútum.

Kremið Instantly Ageless frá Jeunesse, oft kallað undrakremið í daglegu tali, hefur svo sannarlega slegið í gegn. Myndir og myndbönd af konum og mönnum, sem bera kremið á sig og sjá umtalsverðan mun eftir aðeins tvær mínútur, fara eins og eldur í sinu um Facebook. En hvað er þetta undraefni? Íris Pétursdóttir er ein þeirra sem selja kremið. „Þetta er meira eins og förðunarvara, þar sem kremið er ekki með langtímavirkni. Þú þværð þetta af þér á kvöldin eins og þú gerir með annan farða,“ segir Íris. Efnið kom fyrst á markað í Bandaríkjunum í nóvember og á Evrópumarkað í apríl. „Þeir höfðu ekki undan að framleiða þetta, því það var svo mikil eftirspurn. Þetta er að virka en það eru margir sem trúa því ekki,“ segir hún.

Eftir að kremið er borið á húðina virkar það í um 6-8 klukkustundir. Íris segist sjálf bera kremið á yfir farða, en líka megi nota það undir hann sem nokkurs konar grunn. „Ég kalla þetta oft partíkremið. Flestir nota þetta þegar þeir eru að fara eitthvað út.“ Virknin í kreminu kemur fram þegar það þornar á húðinni. „Þetta virkar eins og bótox án nála og maður finnur húðina strekkjast aðeins þegar þetta þornar.“ Íris segist hvorki hafa heyrt um að fólk hafi ekki þolað efnið né hafi orðið vart við langtímavirkni. „Ég hef ekki séð langtímaáhrif af þessu, og get ekki staðfest það.“

Virka efnið í kreminu er argireline (acetyl hexapeptide-3), peptíð sem oft er kallað bótox í krukku. Efnið kemur í veg fyrir að vöðvar geti dregist saman þegar til dæmis er brosað. Til þess að vöðvasamdráttur geti orðið þurfa svokölluð SNARE-prótein að myndast. Þau senda boð til heilans um að hreyfa vöðvann. Það sem argireline gerir er að herma eftir einu af þessum próteinum og þannig veikir það hin, svo ekki verði vöðvasamdráttur.

## EFNIN EKKI Á BANNLISTA

„Við getum ekki vitað hvort innihaldsefnin í slíkum snyrtivörum séu skaðlaus. Markaðseftirlit með snyrtivörum er hjá Umhverfisstofnun en erfitt getur verið fyrir stofnunina að ná utan um snyrtivörur sem eingöngu eru seldar í heimasölu af einstaklingum eins á og við um Instantly Ageless. Tollurinn hefur samband við okkur ef verið er að reyna að flytja inn eitthvað óeðlilegt til landsins, eins og vanmerktar vörur þar sem innihald kemur ekki fram. Það hefur ekki verið gert varðandi sendingar á þessu kremi enda koma innihaldsefnin fram á umbúðum,“ segir Jóhanna Björk Weisshappel hjá Umhverfisstofnun. „Við förum eftir kröfum í reglugerð Evrópusambandsins um snyrtivörur, sem tók gildi hér árið 2013, en samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá söluaðilum virðast engin innihaldsefni í þessu kremi vera á bannlista reglugerðarinnar. Við sem eftirlitsaðili getum hins vegar kallað eftir öryggismati, ef þörf krefur, um öryggi kremsins fyrir heilsu fólks og einnig gögnum sem sýna fram á að fullyrðingar um virkni kremsins eigi við rök að styðjast.“

> **Þetta er meira eins og förðunarvara, þar sem kremið er ekki með langtímavirkni. Þú þværð þetta af þér á kvöldin eins og þú gerir með annan farða.**

adda@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


TM
ONE PEPP
AT A TIME
HVORT SEM ÞÚ VELUR ÞÉR PIZZU MEÐ PEPPERONI EÐA BARA EINHVERJU
ÖÐRU ÁLEGGI, ÞÁ HVETJUM VIÐ ÞIG TIL AÐ PANTA TÍMANLEGA Í KVÖLD
ÞVÍ ÞÚ VILT ÖRUGGLEGA FYLGJAST MEÐ FRÁ FYRSTA LAGI.
Góða skemmtun – og áfram María!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### „Snappar" í Vín

**Ágústa Eva Erlendsdóttir** sem fór svo eftirminnilega fyrir hönd Íslands í Eurovision-keppnina sem Sylvía Nótt, hefur nú endurnýjað kynni sín við keppnina frægu. Ágústa Eva er stödd í Vín þar sem hún sér um að snappa stemminguna fyrir fylgjendur Domino's á Snapchat. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fáir kveikt á því hver er þarna á ferð en Sylvía Nótt olli miklu fjaðrafoki þegar hún tók þátt í keppninni árið 2006. Ágústa Eva mun ekki endurvekja Sylvíu Nótt af þessu tilefni enda myndi það líklega ekki vekja mikla gleði hjá hörðustu Eurovision-fylgjendunum.



- vh

### Vertu úlfur á færeysku

**Héðinn Unnsteinsson**, höfundur bókarinnar Vertu úlfur, sló rækilega í gegn með uppistandi á opnum borgarafundi í Þórshöfn í Færeyjum í byrjun maí. Það er svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að hann heillaði Færeyinga svoleiðis upp úr skónum að Sprotin, færeyskt bókaforlag, hefur skrifað undir samkomulag við Forlagið um að þýða bókina og gefa hana út á færeysku. Var forstjóri Sprotans svo yfir sig hrifinn af Héðni, að hann lét hafa eftir sér að hann hefði ítrekað vitnað í hann við hin ýmsu tækifæri eftir borgarafundinn.



- ga

## Mest lesið vísir

1. Var Ási að fá sér? Flugfarþegi segir þingmann hafa ælt á sig eftir ofdrykkju
2. WOW fundar vegna flugfreyju í flugi Ásmundar Einars
3. Milljónum könguló a rigndi niður í Ástralíu
4. Sorg og örvænting gæludýraeigenda: „Ég get ekki látið hana frá mér"
5. Bjarni vill breyta stjórnarskránni samhliða forsetakosningum


Rauðrófu- og brokkolíduft
ásamt spínati, gulrótum, steinselju og káli
Mikil orka
Línurnar í lag




lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna


